SKOÐUN Eggert Briem skrifar um leiðréttinguna og glærusjóið. **14**

MENNING Hrafnhildur Arnardóttir sýnir ný loðverk í Hverfisgalleríi. **24**

LÍFIÐ Gera heimildarmynd um flugslys breskra hermanna á Snæfellsnesi. **54**

SPORT Ísland á flesta þjálfara á HM í handbolta sem fram fer í Katar. **30**

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Miðvikudagur
26. nóvember 2014
278. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014

MARKAÐURINN

QuizUp breytt eftir áramót

Þorsteinn B. Friðriksson, stofnandi og forstjóri Plain Vanilla, ætlar að kynna nýja uppfærslu spurningaleiksins QuizUp í byrjun næsta árs. Leikurinn mun þá á vissan hátt breytast í samfélagsmiðil, sem á að keppa við Facebook og Twitter.

FRÉTTIR

Stenst samanburð Nýr landlæknir segir íslenska heilbrigðiskerfið standast samanburð við það sænska. **2**

Innihaldið ræður Lektor í lögfræði segir innihald greinargerðar ráða hvort lögreglustjóri mátti senda það aðstoðarmanni ráðherra. **6**

Óeirðir í Bandaríkjunum Allt logaði í mótmælum í gær eftir að ákveðið var að ákæra ekki lögreglumann sem varð manni að bana. **12**

14

Bolungarvík	1°	SV	5
Akureyri	1°	SSV	6
Egilsstaðir	1°	SV	4
Kirkjubæjarkl.	1°	SSV	3
Reykjavík	3°	SV	4

Skúrir eða él sunnan og vestan til en annars bjart eða bjart með köflum. Fremur hægur vindur víðast hvar og heldur kólnandi veður. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Kaffi & heitir drykkir | Fólk

Feðrum í orlofi fer fækkandi

Mun færri feður taka fæðingarorlof nú en fyrir hrun. Stefnir í að hlutfall feðra sem tóku fæðingarorlof 2013 verði það lægsta í áratug. Velferðarráðherra segir málið alvarlegt og vill breiða sátt til að bæta stöðuna.

VELFERÐARMÁL Hlutfall feðra sem taka fæðingarorlof hefur farið minnkandi frá hruni og stefnir í að hlutfall feðra sem tóku fæðingarorlof 2013 verði með því lægsta í yfir áratug. Árið 2009 tóku níu af hverjum tíu feðrum fæðingarorlof en nú stefnir það í að lækka um 13 prósentustig, niður í 77 prósent. „Það sem gæti skýrt þetta að einhverju leyti er ástand á vinnumarkaði. Tekjulágir feður eru hræddari um störfin sín. Því er mikilvægt að aðilar vinnumarkaðarins séu með í ráðum hvað þetta varðar," segir Eygló Harðardóttir velferðarráðherra.

„Við höfum verið að sjá breytingar á fæðingarorlofinu á síðustu árum. Sú þróun sem er að eiga sér stað er afleiðing þess efnahagshruns sem Ísland gekk í gegnum," segir Kristín Ástgeirsdóttir jafnréttisstýra. Hún telur eðlilegt að staldra við og íhuga hvað hægt sé að gera til að hækka hlutfall karla sem taka fæðingarorlof. Hún vill sjá greiningu á því hvers konar feður taka ekki fæðingarorlof. „Sá ávinningur sem náðist með fæðingarorlofinu er að einhverju leyti að ganga til baka. Það væri fróðlegt að sjá og skoða hvaða feður þetta eru sem skila sér ekki í fæðingarorlof. Er þetta almennt yfir línuna, eða feður af höfuðborgarsvæðinu eða tekjuháir einstaklingar sem veigra sér við að taka fæðingarorlof? Það eru spurningar sem þarf að svara í þessum efnum sem geta skýrt fyrir okkur myndina og til hvaða ráðstafana hægt sé að grípa til að auka hlutdeild feðra á nýjan leik."

Eygló telur málið alvarlegt og vill fá breiða sátt um að bæta úr stöðunni. „Fæðingum hefur fækkað og lægra hlutfall feðra tekur fæðingarorlof. Ég hef sett á fót starfshóp um framtíðarskipan fæðingarorlofs. Ég tel mikilvægt að bæta stöðuna. Fæðingarorlof á Íslandi er styttra en á hinum Norðurlöndunum. Það sem skiptir máli er að aðilar vinnumarkaðarins komi að borðinu og þetta verði hluti af samningaviðræðum við nýja kjarasamninga eftir áramót."

- sa / sjá síðu 4

→ Hlutfall feðra sem taka fæðingarorlof



GLEÐILEGT GOLF Það er ekki á hverju ári sem fólk getur spilað golf hér á landi í lok nóvembermánaðar. Þetta fólk ákvað að nýta snjó- og frostleysið í gær og slá nokkrar holur á golfvellinum á Korpúlfsstöðum af því tilefni. „Ef fólk er ekki búið að vera að spila golf undanfarinn mánuð, þá ætti það ekkert að vera að dusta rykið af settinu núna," segir Óli Þór Árnason veðurfræðingur. Tvær lægðir koma að landinu fram að helgi og má búast við hagléli í kjölfarið. Hiti næstu daga verður á bilinu 4 til 6 gráður og fer niður fyrir frostmark yfir nóttina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kvartar undan Seðlabanka:

Segir reglurnar vera sjónarspil

VIÐSKIPTI Annar stærsti eigandi Marel segir undanþágureglur Seðlabankans virðast sjónarspil, eftir að beiðni hans um undanþágu frá gjaldeyrishöftum var hafnað.

LARS GRUNDTVIG

Danski fjárfestirinn Lars Grundtvig, sem eignaðist 18 prósenta hlut í Marel árið 2006, þegar danska fyrirtækið Scanvægt rann inn í Marel, hefur ritað Má Guðmundssyni seðlabankastjóra opið bréf vegna málsins.

Í bréfinu segir hann Seðlabankann koma illa fram við erlenda fjárfesta. Það skaði orðspor landsins og dragi úr líkum á erlendri fjárfestingu hér á landi.

Þá hljóti að fara að reyna á langlundargeð annarra Evrópulanda gagnvart gjaldeyrishöftunum.

- óká / sjá Markaðinn

Landsvirkjun byggði upp og greiddi skuldir fyrir 100 milljarða frá 2010-2013:

Hærri arðgreiðslur í sjónmáli

FJÁRMÁL Forstjóri Landsvirkjunar telur að eftir þrjú til fjögur ár verði umtalsverðar arðgreiðslur til ríkisins mögulegar. Fjárfesting í orkumannvirkjum frá 2010 til 2013 var 50 milljarðar, og skuldir voru greiddar niður um annað eins á sama tíma.

HÖRÐUR ARNARSON

Þessi fjármunamyndun upp á 100 milljarða króna á svo stuttum tíma gefur vissa hugmynd um arðgreiðslur til ríkisins.

Hörður Arnarson forstjóri segir aðspurður að ef Landsvirkjun hefði ekki þurft að greiða niður lán eins og undanfarin ár vegna of hárrar skuldsetningar, hefði arðgreiðslugetan verið 50 milljarðar yfir þetta fjögurra ára tímabil. Forgangsatriði næstu árin sé hins vegar að laga skuldastöðuna.

Á haustfundi Landsvirkjunar í gær kom einnig fram að þolinmæði Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, gagnvart töfum við uppbyggingu orkukosta er á þrotum.

- shá / sjá síðu 8

SPURNING DAGSINS

Þorgils, er sveitarstjórinn úti að aka?

„Og ekki er hann bara staur/hann fer oft fram og til baka/ og fær þess vegna aur."

Minnihlutinn í hreppsnefnds Rangárþings ytra vildi fella út 2,8 milljóna króna greiðslu sem sveitarstjórinn fær árlega fyrir akstur en meirihlutinn hafnaði því. Þorgils Torfi Jónsson er oddviti.

Uppgreiðslur á lánum Íbúðalánasjóðs eru tífalt hærri en ný fasteignalán:

Óvissan eykur vanda sjóðsins

EFNAHAGSMÁL Almenn útlán Íbúðalánasjóðs í október voru 273 milljónir króna, en uppgreiðslur eldri lána hins vegar 2,3 milljarðar króna í sama mánuði. Í október í fyrra námu ný útlán 900 milljónum króna.

Útlán Íbúðalánasjóðs hafa dregist saman um nokkurra mánaða skeið. Sigurður Erlingsson, forstjóri sjóðsins, segir að samdrátturinn í október sé hluti af því. En fleira komi til. „Þessi umræða um framtíðarskipan húsnæðismála hefur klárlega áhrif. Menn hugsa kannski með sér að ef það eigi að fara að breyta íbúðalánum þá vita þeir ekkert hvaða þjónustustig verður í framtíðinni," segir Sigurður.

Fólk viti ekkert hvort lánið þeirra verði selt og hvert það verði þá selt. Þá vilji menn hugsanlega fara þangað sem meiri vissa er um framtíðina. „Varan er óbreytt, vaxtakjörin hafa verið óbreytt í nokkuð langan tíma. Vextir annarra hafa verið að hækka á markaðnum og færast nær okkar vöxtum þannig að í raun og veru getum við sagt að við séum samkeppnishæfari," segir Sigurður.

➜ Umræða um framtíðarskipan húsnæðismála fækkar útlánum Íbúðalánasjóðs

Skýringuna sé því líklegast að finna í ytra umhverfi og óvissu með sjóðinn. „Þetta getur verið ein birtingarmynd þess," segir Sigurður. - jhh

HÚSNÆÐI Þeim fækkar sem taka lán hjá Íbúðalánasjóði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

PIPARÚÐI NOTAÐUR Mótmælin í Hong Kong standa enn og þurfti lögreglan meðal annars að nota piparúða til að hafa tök á aðstæðum. NORDICPHOTOS/AFP

Mótmælin í Hong Kong hafa staðið í um tvo mánuði:

Piparúða beitt til að ná tökum

HONG KONG, AFP Lögreglan í Hong Kong þurfti að hafa sig alla við til að halda mótmælendum í skefjum í gær í hverfinu Mongkok. Mótmælin hafa nú staðið í um það bil tvo mánuði, eða síðan í lok septembermánaðar.

Mikill óróa var í Hong Kong í gær og voru um áttatíu manns handteknir. Lögreglan beitti meðal annars piparúða til þess að reyna að ná tökum á þessum mikla óróa sem skapaðist.

Girðingar sem notaðar eru til þess að halda mótmælendum í skefjum tókust á loft og má segja að ástandið sé mjög slæmt. - glp

Snýr heim til Íslands eftir 36 ára fjarveru

Birgir Jakobsson, verðandi landlæknir, segir íslenska heilbrigðiskerfið standast samanburð við það sænska. Hann hefur starfað á Karólínska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi í 20 ár. Birgir hlakkar mikið til að fást við verkefni landlæknis hér heima

HEILBRIGÐISMÁL Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra skipaði í gær Birgi Jakobsson í embætti landlæknis til fimm ára, frá áramótum.

Birgir var sjö ár sjúkrahusstjóri á Karólínska sjúkrahúsinu í Svíþjóð og var læknir þar í tuttugu ár. Hann hefur búið í Svíþjóð í næstum fjóra áratugi og er spenntur að koma heim. „Mér finnst mjög spennandi að koma eftir 36 ára veru erlendis. Ég hef fylgst mjög vel með málum hér heima og hef haldið kunningsskap við alla mína gömlu vini," segir Birgir. Það verði spennandi að takast á við þau verkefni sem liggja fyrir hér.

„Íslenskt heilbrigðiskerfi stendur sig mjög vel. Það eru vafalaust tímabundnir erfiðleikar núna. En íslenskt heilbrigðiskerfi hefur alltaf verið mjög gott miðað við önnur heilbrigðiskerfi," segir Birgir. Það standi sig jafnvel í samanburði við það sænska. „Það er ekki mjög ósvipað. Maður hugsar svipað í þessum tveimur löndum, merkilegt nokk. Það er gífurlega mikil kunnátta hér, fjölhæft starfsfólk og Íslendingar hafa notið góðs af því að geta sent sitt fólk til annarra landa," segir Birgir. Það séu gífurlegir möguleikar á að hafa toppþjónustu hér.

Geir Gunnlaugsson hefur gegnt embætti landlæknis í fimm ár og sóttist eftir skipun í embættið að nýju. Nefnd sem mat hæfi umsækjenda komst að þeirri niðurstöðu að af fimm umsækjendum væru Birgir og Geir hæfastir. Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra ákvað síðan að skipa Birgi í embættið. „Þetta var niðurstaða mín eftir viðtöl við umsækjendur. Birgir er yfirburðamaður og hefur gríðarmikla og farsæla stjórnunarreynslu í heilbrigðiskerfinu," segir Kristján.

NÆSTI LANDLÆKNIR Birgir Jakobsson hefur búið í Svíþjóð í 36 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kristján segir að það muni koma í ljós hvaða breytingar verði á embættinu. „Við ætlum að hittast fljótlega og fara yfir áherslur í starfinu. Það er bara óumflýjanlegt að það fylgja breytingar nýju fólki," segir Kristján.

Kristján segist meta öll verk Geirs Gunnlaugssonar á þeim umbrotatímum sem ríktu þegar hann var landlæknir. Hann hafi sinnt þessum verkefnum mjög vel. „Það er ekkert einföld ákvörðun að gera upp á milli tveggja einstaklinga sem eru metnir hæfir," segir hann.

„Það er ekkert einföld ákvörðun að gera upp á milli tveggja einstaklinga sem eru metnir hæfir.

Kristján Þór Júlíusson, heilbrigðisráðherra.

Kristján segir að reynsla Birgis af stjórnun hafi vegið þungt. „Ég gerði mjög stífar kröfur um reynslu af stjórnun og það koma alltaf upp þær aðstæður að það kann að vera rétt að skipta um og gefa færi á nýjum áherslum. Þannig háttar til í þessu tilviki," segir Kristján. jonhakon@frettabladid.is

67,4% sveifla frá 2013:

Hagnaður N1 eykst milli ára

VIÐSKIPTI Hagnaður N1 á þriðja ársfjórðungi jókst um 35% miðað við sama tímabil í fyrra, fór úr 690 milljónum króna í 932 milljónir.

Í uppgjöri sem félagið birti í gær kemur jafnframt fram að hagnaður fyrstu níu mánuði ársins hafi aukist á milli ára, var 794 milljónir króna í fyrra en er 1.329 milljónir á þessu ári. Aukningin nemur 67,4%. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 1.252 milljónir króna á þriðja fjórðungi í ár. Var 1.161 milljón í fyrra. - óká

Stjórnaslit yfirvofandi:

Netanjahú hvikar hvergi

ÍSRAEL, AP Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, segist enn staðráðinn í að fá þingið til að samþykkja hið umdeilda frumvarp um að ísrael verði skilgreint ríki gyðinga.

Tsipi Livni, dómsmálaráðherra, segir að það gæti orðið stjórninni að falli. Hún tók jafnframt fram, að ætli Netanjahú sér að refsa henni fyrir að vera andvíg frumvarpinu, þá geti það einnig kostað stjórnina þingmeirihluta.

Arabískir íbúar Ísraels hafa andmælt þessum áformum harðlega, og margir ísraelskir gyðingar sömuleiðis. - gb

Segir lagalega óvissu um það hvort Reynir hafi gerst brotlegur í starfi:

Stjórnin hafi ekki brugðist

SVEITARSTJÓRNIR „Það var gert samkomulag um starfslok. Það er trúnaðarbrestur og það er hægt að miklu leyti að rekja til þessara mála sem hafa verið í umræðu í fjölmiðlum," segir Bryndís Haraldsdóttir, formaður stjórnar Strætó bs., um starfslok Reynis Jónssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra fyrirtækisins. Samkomulag stjórnar við Reyni felur í sér að hann fær níu mánaða uppsagnarfrest borgaðan eða um tíu milljónir króna. Frá þeirri upphæð dregst tjón upp á um milljón sem Reynir olli á bíl sem hann hafði til umráða en var í eigu fyrirtækisins. Bryndís segir trúnaðarbrest hafa orðið milli framkvæmdastjóra og stjórnar en lögfræðingar hafi ráðlagt stjórninni að ljúka málinu á þennan hátt þar sem ólíklegt teljist að Reynir hafi samkvæmt lögum gerst brotlegur í starfi sínu. „Stjórnin er búin að sitja yfir þessu og leita sér ráðgjafar hjá lögfræðingum og við erum búin að fara yfir þetta mál. Þetta eru þær ráðleggingar sem við fáum og sú leið sem við teljum besta fyrir Strætó til framtíðar," segir hún. „Það er uppi mjög mikil lagaleg óvissa um þessi atriði. Lagalega óvissan er það mikil að þeir ráðleggja okkur að ljúka þessu með þessum hætti," segir hún.

REYNIR JÓNSSON

BRYNDÍS HARALDSDÓTTIR

Bryndís telur stjórnina ekki hafa brugðist. „Það er frekar að við séum að taka á þeim málum sem hafa komið upp. Þetta eru mál sem gerðust á síðustu mánuðum og eru að komast upp núna. Við teljum að með þessari leið sem við erum að fara sé hagsmunum Strætó best borgið. Við erum fyrst og fremst að hugsa um það að stjórnin sé hafin yfir allan vafa." Nú verður farið í rekstrarúttekt á starfsemi Strætó. „Við erum að fara í það að ráða inn innri endurskoðanda. Erum að fara yfir starfsreglur, siðareglur og sjá til þess að þessir hlutir sem gerðust, gerist ekki aftur." - vh

★ JÓLAHLAÐBORÐ SPÍRUNNAR
HEFST Á MORGUN, FIMMTUDAG

FERSKT OG LÚFFENGT Í
ANDA JÓLANNA
Í BOÐI Í HÁDEGINU ALLA
FIMMTU- OG FÖSTUDAGA
NÁNAR Á SPIRAN.IS

SPÍRAN
BORÐUM VEL

OPIÐ ÖLL KVÖLD
TIL 21:00

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

SVONA ERUM VIÐ

493,8 stig mældist launavísitalan **hér á landi í síðasta mánuði.**

Hún mældist 463,1 stig á sama tíma á síðasta ári.

Verkfalli tónlistarskólakennara aflýst eftir undirritun kjarasamninga að loknum maraþonfundi:

Svipaður samningi grunnskólakennara

KJARAMÁL Kennsla í tónlistarskólum hófst að nýju í gær eftir um fimm vikna verkfall tónlistarskólakennara. Samningarnir, sem undirritaðir voru klukkan hálfsex í gærmorgun eftir um 16 klukkustunda langan samningafund hjá Ríkissáttasemjara, eru sambærilegir við aðra samninga sem gerðir hafa verið við kennara, að því er Inga Rún Ólafsdóttir, formaður samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, greinir frá.

Á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga var greint frá því fyrir helgi að tónlistarskólakennarar hefðu krafist hærri launa en leik- og grunnskólakennarar eða launahækkana sem næmu um 21 prósenti.

INGA RÚN ÓLAFSDÓTTIR

Slíkt væri óásættanlegt. Tónlistarskólakennarar lögðu til nýja nálgun í fyrradag, að því er segir á heimasíðu Kennarasambands Íslands.

Inga Rún vill ekki greina frá efnisatriðum nýja samningsins þar sem hann hafi ekki verið kynntur tónlistarskólakennurum.

Nýi kjarasamningurinn gildir frá 1. nóvember til loka október á næsta ári.

Þar sem atkvæðagreiðsla um leiðarvísi um vinnumat og breytingar á kjarasamningi grunnskólakennara verður í febrúar á næsta ári var ákveðið að gera kjarasamning við tónlistarskólakennara til skamms tíma.

„Við erum ekki að fara með aðra kennarasamninga lengra fyrr en það kemur í ljós hvort framhald verður á samningum við grunnskólakennara. Þetta hangir allt saman," segir Inga Rún.

- ibs

Gísli Freyr heldur launum:

Þarf ekki að greiða til baka

STJÓRNSÝSLA **Gísli Freyr Valdórsson,** fyrrverandi aðstoðarmaður Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra, þarf ekki að greiða ríkinu til baka laun sem hann fékk eftir að hann var ákærður fyrir að leka trúnaðargögnum úr ráðuneytinu. Þetta kom fram hjá RÚV. Gísli var ákærður 15. ágúst síðastliðinn en játaði ekki fyrr en 11. nóvember. Þá var hann sendur í tímabundið leyfi en hélt launum allan þann tíma. Í svari við fyrirspurn fréttastofu RÚV til innanríkisráðuneytisins segir að opinberir starfsmenn séu ekki krafðir um endurgreiðslu launa nema í þeim tilvikum þar sem laun hafa verið ofgreidd vegna mistaka, þeir hafi svikið út laun eða dregið sér fé.

- ak

Jólapróf með óbreyttu sniði:

Verkfalli frestað

KJARAMÁL Boðuðu verkfalli Félags prófessora við ríkisháskóla, sem standa átti dagana 1.-15. desember, hefur verið frestað. Gengið var frá kjarasamningi við samninganefnd ríkisins í gærkvöldi. Samningurinn verður kynntur félagsmönnum á næstu dögum og síðan haldin atkvæðagreiðsla í framhaldinu. Þetta þýðir að jólaprófin við Háskóla Íslands, sem hefjast í næstu viku, fara fram með eðlilegum hætti.

- bá

LEIÐRÉTT

Röng frétt

Lesendur Fréttablaðsins eru beðnir velvirðingar á að í gær var birt frétt, með fyrirsögninni: „Pabbinn samdi Rocky Horror". Fréttin var röng.

- ritstj.

Færri feður í fæðingarorlof

Hlutfall feðra sem fara í fæðingarorlof hefur minnkað eftir hrun. Tekjulágir feður eru líklegri en feður með háar tekjur til að sleppa fæðingarorlofi. Félagsmálaráðherra vill fæðingarorlof inn í kjaraviðræður launþega.

VELFERÐARMÁL Hlutfall feðra sem taka fæðingarorlof hefur farið minnkandi frá hruni og stefnir í að hlutfall feðra sem tók fæðingarorlof 2013 verði með því lægsta í yfir áratug. Árið 2009 tóku níu af hverjum tíu feðrum fæðingarorlof en það stefnir nú í að lækka um 13 prósentustig, niður í 77 prósent. Kristín Ástgeirsdóttir jafnréttisstýra telur eðlilegt að staldra við og íhuga hvað hægt sé að gera til að hækka hlutfall karla sem taka fæðingarorlof.

KRISTÍN ÁSTGEIRSDÓTTIR

„Við höfum verið að sjá breytingar á fæðingarorlofinu á síðustu árum. Sú þróun sem er að eiga sér stað er afleiðing þess efnahagshruns sem Ísland gekk í gegnum," segir Kristín. Hún vill sjá greiningu á því hvers konar feður taka ekki fæðingarorlof. „Sá ávinningur sem náðist með fæðingarorlofinu er að einhverju leyti að ganga til baka. Það væri fróðlegt að sjá og skoða hvaða feður þetta eru sem skila sér ekki í fæðingarorlof. Er þetta almennt yfir línuna, eða feður af höfuðborgarsvæðinu eða tekjuháir einstaklingar sem veigra sér við að taka fæðingarorlof? Það eru spurningar sem þarf að svara í þessum efnum sem geta skýrt fyrir okkur myndina og til hvaða ráðstafana hægt sé að taka til að auka hlutdeild feðra á nýjan leik."

Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra telur málið alvarlegt og vill fá breiða sátt um að bæta úr stöðunni. „Fæðingum hefur fækkað og lægra hlutfall feðra tekur fæðingarorlof. Ég hef sett á fót starfshóp um framtíðarskipan fæðingarorlofs. Ég tel mikilvægt að bæta stöðuna. Fæðingarorlof á Íslandi er styttra en á hinum Norðurlöndunum. Það sem skiptir máli er að aðilar vinnumarkaðarins komi að borðinu og þetta verði hluti af samningaviðræðum um nýja kjarasamninga eftir áramót."

Eygló segir einnig tekjuhærri feður líklegri til að taka orlof en tekjulægri. „Það sem gæti skýrt þetta að einhverju leyti er ástand á vinnumarkaði. Tekjulágir feður eru hræddari um störfin sín. Því er mikilvægt að aðilar vinnumarkaðarins séu með í ráðum hvað þetta varðar."

Leó Þorleifsson, forstöðumaður fæðingarorlofssjóðs, segir þær lagabreytingar sem farið var í á síðasta kjörtímabili á fæðingarorlofssjóðslögunum vera meginskýringu þess að feður taki sér síður fæðingarorlof en áður. „Íslenska fæðingarorlofskerfið þótti lengstum vera fyrirmynd. Hafði fæðingarorlofstaka feðra til að mynda aukist jafnt og þétt fram að efnahagshruninu haustið 2008 þegar um 90 prósent feðra nýttu einhvern hluta réttar síns. Eftir efnahagshrunið 2008 hefur komið töluvert bakslag í nýtinguna sem að öllum líkindum verður rakið til þeirra lagabreytinga sem þá var ráðist í og þá fyrst og fremst lækkunar á hámarksgreiðslum úr sjóðnum ásamt breytingum sem urðu á íslensku samfélagi."

Kristín telur einmitt lækkun hámarksgreiðslna hamla feðrum frekar en áður að taka fæðingarorlof. „Þakið er allt of lágt og mikil kjaraskerðing sem bæði konur og karlar verða fyrir á þessu tímabili. Ástandið á vinnumarkaði hefur einnig gert það að verkum að fólk hefur verið hrætt um starfið sitt. Það á kannski sérstaklega við um karla. Að mínu mati þarf að slá í klárinn, fyrst og fremst hækka hámarksgreiðslur að nýju."

sveinn@frettabladid.is

FEÐUR FARA SÍÐUR Í ORLOF Félagsmálaráðherra vill fæðingarorlof inn í kjaraviðræður launþega. NORDICPHOTOS/GETTY

→ Hlutfall feðra sem taka fæðingarorlof



> **Það sem gæti skýrt þetta að einhverju leyti er ástand á vinnumarkaði. Tekjulágir feður eru hræddari um störfin sín. Því er mikilvægt að aðilar vinnumarkaðarins séu með í ráðum hvað þetta varðar.**
>
> *Eygló Harðardóttir, félagsmálaráðherra.*

KOMONO
Winston Royale úr
21.990.-
HÚRRA REYKJAVÍK
HVERFISGATA 50 | 101 REYKJAVÍK | 571 7101 | WWW.HURRAREYKJAVIK.IS

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



Alicante	21°	Friedrichshafen	12°	New York	9°
Aþena	12°	Gautaborg	7°	Orlando	22°
Basel	11°	Kaupmannahöfn	7°	Ósló	2°
Berlín	5°	Las Palmas	23°	París	14°
Billund	7°	London	10°	San Francisco	17°
Frankfurt	5°	Mallorca	19°	Stokkhólmur	3°



Á MORGUN Strekkingur með SA- og S-strönd annars hægari vindur.



FÖSTUDAGUR Vaxandi vindur, strekkingur eða hvassviðri.

HÁLKA gæti orðið á landinu í dag og á morgun þar sem hitastigið er heldur að falla og verður nálægt frostmarki víða um land. Nokkur úrkoma er í kortunum fyrir helgina og má þá búast við rigningu eða slyddu.



Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is,
FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

heimkaup.is

LAAAANG MESTA ÚRVALIÐ AF PLAYMOBIL

Gildir til 30. nóv. á meðan birgðir endast.

Dagatöl verð 3.179,-

AF ÖLLU PLAYMOBIL TAX FREE

playmobil®

Tilvalið í skóinn
Verð frá 311,-

10.000 vöru-tegundir

Frí heim-sending

Meirihluti Íslendinga verslar á netinu! Komdu í hóp tugþúsunda ánægðra viðskiptavina Heimkaup.is

Öryggi - ekkert mál að skila eða skipta
Augljós kostur við að versla við innlenda risavefverslun og vöruhús eins og Heimkaup.is er að ekkert mál er að skila eða skipta ef upp koma vandamál.

Hægt að greiða við afhendingu
Ólíkt mörgum netverslunum býðst þér einnig að greiða með peningum eða korti við afhendingu vörunnar. Öruggara verður það ekki.

Vefverslunin sem selur allt
Við bjóðum nú þegar yfir 10.000 vörutegundir og yfir 100 bætast við daglega. Við stefnum að því að selja allt!

Frí heimsending samdægurs
Pantaðu fyrir kl. 17⁰⁰ og við sendum frítt heim samdægurs á höfuðborgarsvæðinu – næsta dag víðast hvar á landsbyggðinni. Frítt ef pantað er fyrir 4.000.- eða meira.

Heimkaup.is
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 5502700

HEIMKAUP

VEISTU SVARIÐ?

1. Hvað hefur ríkissjóður greitt í laun fiskvinnslufólks frá 2011?
2. Hvað eru margir á Íslandi með skotvopnaleyfi?
3. Hver fengu afhenta gullskó sem markakóngur og markadrottning?

SVÖR:
1. 1,2 milljarða. **2.** 31.322. **3.** Gary Martin og Harpa Þorsteinsdóttir.

Brimberg greiðir full laun þótt skortur sé á hráefni til vinnslu til að tryggja hag starfsfólks:

Greiða full laun þrátt fyrir hráefnisskort

SJÁVARÚTVEGUR Fiskvinnslufyrirtækið Brimberg á Seyðisfirði hefur síðastliðin tvö ár greitt með atvinnuleysistryggingum þegar hráefnisskortur er annars vegar og þannig tryggt starfsmönnum sínum full laun á meðan. Þetta gerir fyrirtækið til að tryggja starfsöryggi verkafólks. Fréttablaðið sagði frá því í gær að atvinnuleysistryggingasjóður hafi greitt á síðustu fjórum árum rúman milljarð í laun fiskvinnslufólks þegar hráefnisskortur er annars vegar. Fiskvinnslufyrirtækin þurfa hins vegar að taka á sig fyrstu tíu dagana á hverju ári, fimm á hvorum helmingi til að eiga kost á útgreiðslu úr sjóðnum.

Adolf Guðmundsson, stjórnarformaður Brimbergs, segir þetta hluta af kjörum starfsfólks til að tryggja öryggi þess. „Við höfum á síðustu tveimur árum sett um það bil 15 milljónir árlega til viðbótar við atvinnuleysistryggingar þannig að starfsfólk okkar haldi fullum launum þrátt fyrir hráefnisskort. Öryggi fólks skiptir okkur miklu máli og ef fólk finnur fyrir óöryggi missum við starfsmenn frá okkur.“

Hann segir fyrirtækið ekki hafa þurft að segja upp fólki. „Á móti kemur að við segjum ekki fólki upp þrátt fyrir hráefnisleysi og höfum ekki verið að segja upp fólki yfir jól og áramót þegar hráefnisskortur er oft viðvarandi.“ - sa

FRÁ SEYÐISFIRÐI Brimberg borgar úr eigin vasa þegar hráefnisskortur er annars vegar.

Spítalinn okkar, allra hagur

Málþing í Ráðhúsi Reykjavíkur fimmtudaginn 27. nóvember frá kl 14-16.

Allir velkomnir.

Spítalinn okkar

Landssamtök um uppbyggingu nýs húsnæðis Landspítala

Dagskrá:
Blásarahópurinn Ventus Brass leikur létt lög frá kl. 13.30

Stutt ávörp flytja:

Dagur B. Eggertsson	borgarstjóri Reykjavíkur
Páll Matthíasson,	forstjóri Landspítala
Inga Þórsdóttir,	forseti heilbrigðisvísindasviðs HÍ
Gísli Georgsson,	verkfræðingur
Anna Stefánsdóttir,	formaður Spítalans okkar
Þorkell Sigurlaugsson,	stjórnarmaður Spítalans okkar
Jóhannes M. Gunnarsson,	læknir
Jónas Helgason,	menntaskólakennari á Akureyri
Hulda Bjarnadóttir,	framkvæmdastjóri FKA
Kristján Þór Júlíusson,	heilbrigðisráðherra flytur lokaorð

Fundarstjóri verður Gunnar Hansson, leikari og útvarpsmaður

Um Spítalann okkar:
Spítalinn okkar - landssamtök um uppbyggingu nýs húsnæðis Landspítala voru stofnuð 9. apríl 2014.
Stofnfélagar voru um 300 manns. Markmið félagsins er að afla stuðnings meðal almennings og stjórnvalda við nauðsynlegar úrbætur á húsakosti spítalans, að kynna fyrirliggjandi áætlanir um endurnýjun og viðbætur við húsnæði spítalans og að draga fram valkosti í fjármögnun og framkvæmd verkefnisins.

Nánari upplýsingar um samtökin eru á www.spitalinnokkar.is

LÖGREGLUSTJÓRINN Sigríður Björk Guðjónsdóttir hefur sagt að hún hafi ekki gert neitt rangt er hún afhenti greinargerð um hælisleitanda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Allt veltur á innihaldi greinargerðar Sigríðar

Innihald greinargerðar sem lögreglustjórinn á Suðurnesjum sendi aðstoðarmanni innanríkisráðherra í fyrra ræður hvort lögreglustjórinn hafi mátt senda skjalið segir lektor við Háskóla Íslands. Ekki fæst staðfest að skjalið sé til hjá embættinu.

STJÓRNSÝSLA Ekki fæst staðfest hvort greinargerð sem Sigríður Björk Guðjónsdóttir, þáverandi lögreglustjóri á Suðurnesjum, sendi aðstoðarmanni innanríkisráðherra fyrir rúmu ári sé enn til hjá lögregluembættinu.

Trausti Fannar Valsson, lektor við lagadeild Háskóla Íslands, segir aðspurður hvort lögreglustjórinn hafi mátt senda aðstoðarmanni ráðherrans greinargerð um hælisleitandann Tony Omos að svarið velti á því hvað nákvæmlega hafi verið í skjalinu. „Það er alveg klárt að það eru takmarkanir á því hvað er eðlilegt að lögreglustjóri afhendi ráðuneyti,“ segir hann.

Trausti segir að í málinu reyni á stjórnsýslulegt samband ráðuneytis og lögreglustjóraembættis og ákvæði í stjórnarráðslögunum um heimildir ráðuneytis til að biðja um upplýsingar. Heimildirnar séu afmarkaðar við það sem þörf sé á til þess að sinna eftirliti og yfirstjórn. Einnig reyni á reglur um þagnarskyldu.

„Í þriðja lagi eru persónuverndarlög og reglugerð um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglunni,“ segir Trausti, sem minnir á að Persónuvernd sé að skoða málið. Þannig sé það í réttu ferli hvað þetta varði.

„Það veltur í raun allt á því hvaða upplýsingar þetta eru og það er mjög erfitt að segja til um hvort einhverjar reglur hafi verið brotnar nema það sé upplýst,“ segir Trausti. Hann bætir við að líka þurfi að taka tillit til hugsanlegra verklagsreglna og hefða í ráðuneytinu um hlutverk aðstoðarmanna ráðherra.

„Aðstoðarmenn koma að pólitískri stefnumörkun en ekki að ákvörðunartöku. Á hinn bóginn þá er ekki sjálfgefið að þeim sé óheimilt að taka við hvers kyns upplýsingum, það verður allt að skoðast í heildarsamhengi hlutanna,“ segir Trausti og útskýrir að starfsmenn ráðuneytis hafi vegna sinna verkefna heimildir í umboði ráðherra til að kalla eftir upplýsingum frá undirstofnunum.

„Þess vegna er erfitt að segja fyrirfram að það sé alveg óheimilt að láta aðstoðarmann hafa upplýsingar eða að honum sé óheimilt að spyrja – ekki nema vita um hvað hann er að spyrja og nánar tiltekið hvað hann fær,“ segir Trausti.

Í yfirlýsingu Sigríðar Bjarkar frá því 20. nóvember segir um greinargerðina sem hún sendi Gísla Frey Valdórssyni, aðstoðarmanni innanríkisráðherra, að hún hafi verið um „málefni Tony Omos er tengdust meðal annars hælisumsókn hans og því að hann var eftirlýstur á þessum tíma og talinn vera í felum á Suðurnesjum“.

Fréttablaðið spurðist fyrir um það hjá núverandi lögreglustjóra á Suðurnesjum hvort greinargerðin sem forveri hans sendi

> **Þess vegna er erfitt að segja fyrirfram að það sé alveg óheimilt að láta aðstoðarmann hafa upplýsingar eða að honum sé óheimilt að spyrja.**
>
> *Trausti Fannar Valsson, lektor við lagadeild Háskóla Íslands.*

væri enn til hjá embættinu og hvort hægt væri að fá afrit af henni.

„Málið er til meðferðar hjá umboðsmanni Alþingis og einnig hefur Persónuvernd óskað upplýsinga. Frekari upplýsingar er ekki unnt að veita fyrr en fyrir liggur hver afgreiðsla þessara stofnana verður,“ svarar Ólafur Helgi Kjartansson lögreglustjóri. Eins og fram hefur komið er greinargerðin ekki til í innanríkisráðuneytinu.

Lögmenn tveggja sem nefnd eru í minnisblaðinu um Tony Omos, sem Gísli Freyr lak úr innanríkisráðuneytinu, hafa hvor um sig óskað eftir öllum gögnum sem tengjast þeirra skjólstæðingum hjá lögreglunni á Suðurnesjum. Gögn hafa enn ekki borist til þeirra.

gar@frettabladid.is

ÞAKKARGJÖRÐAHÁTÍÐIN ER Á MORGUN

STEIKTUR HEILL KALKÚNN

1 stk heill kalkúnn
Salt og pipar
Smjör
Klútur

FYLLING
1 dl saxaður laukur
1 dl rauðlaukur saxaður
1 dl epli söxuð
1 dl saxað sellerí
Söxuð salvía
Saxað timijan
2 dl smjör
5 dl brauðteningar
2 egg

Allt grænmetið er svitað við nokkuð vægan hita á pönnu uns algerlega meyrt. Kælið grænmetið og blandið síðan saman við restina af hráefnunum. Kryddið að lokum vel með salti og pipar.

Snyrtið kalkúninn og smyrjið vel með smjöri. Kryddið að innan sem og utan með salti og pipar. Smellið fyllingunni í hann og lokið. Setjið á grind og brúnið í ofni við 210 gráður í 12 mín ca eða þangað til hann er orðinn fallega gylltur. Takið kalkúninn út og lækkið ofnin í 120 gráður. Takið klút sem hefur verið bleyttur vel með smjöri og leggið yfir kalkúninn. Eldið hann svo áfram í ofninum í ca 3 ½ til 4 klukkutíma og munið á 15 mín fresti að taka smjörið og safann og hella aftur í klútinn sem liggur á kalkúninum.
(Uppskriftin miðast við ca 5kg fugl).

GOTT VERÐ
1.699kr/kg

Ferskur kalkúnn

ÞETTA EINA SANNA!



Smjörsprautað kalkúnaskip

Fersk íslensk kalkúnabringa

Kalkúnasprautusett
Sprauta, suga og bursti.

Steikarpottur
3 stærðir.

Sætar kartöflur

Frábær kalkúnafylling
Með beikoni, eplum og döðlum

Gildir til 30.11 meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Svigrúm til arðgreiðslna að myndast

Landsvirkjun greiddi skuldir og fjárfesti í orkumannvirkjum fyrir 100 milljarða árin 2010 til 2013. Forgangsatriði er að greiða niður skuldir sem er forsenda þess að auka arðgreiðslur. Niðurgreiðsla skulda um 50 milljarða á fjórum árum gefur hugmynd um mögulegar arðgreiðslur.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Landsvirkjun gerir ráð fyrir að auka arðgreiðslur innan fárra ára. Á fjórum árum hefur verið fjárfest í nýjum orkumannvirkjum fyrir 50 milljarða króna og skuldir verið greiddar niður um annað eins á sama tíma.

Þetta var meðal þess sem kom fram á haustfundi Landsvirkjunar í gær.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, sagði í viðtali við Fréttablaðið að fundi loknum að Landsvirkjun nýti sitt svigrúm í dag til að greiða niður skuldir eins og staða fyrirtækisins gerir kröfu um.

„Við verðum að gera það áfram. En hversu mikið þarf að greiða skuldir niður áður en raunhæfur möguleiki er að auka arðgreiðslur ræðst af markaðsaðstæðum; við sjáum ekki fyrir hvernig gengur að auka tekjurnar. Þetta snýst um samspil tekna á móti skuldum og við þurfum að ná þeim stað að Landsvirkjun verði sjálfbær í endurfjármögnun, án ríkisábyrgðar. Þá, þegar því er náð, eykst arðgreiðslugetan," segir Hörður en í erindi sínu sagði hann enn fremur að tölurnar sýni að rekstur raforkukerfisins er í dag að skila verulegri verðmætasköpun.

„Ef við horfum síðan til langs líftíma orkumannvirkjanna, aukinnar eftirspurnar, hækkandi raforkuverðs og lækkandi skuldsetningar þá er ljóst að allar forsendur eru fyrir verulega aukna fjármunamyndun."

Spurður hvenær þessum áfanga verði náð, segir Hörður vonast til að það verði innan þriggja til fjögurra ára. Spurður um hversu háar arðgreiðslurnar verða, og eðlilegt geti talist að Landsvirkjun greiði eiganda sínum – þjóðinni – mikinn arð á ári, segir Hörður.

„Við notum fjármunamyndun til að greiða skuldir, fjárfesta og greiða arð. Miklar fjárfestingar draga úr arðgreiðslugetunni en ef við þyrftum ekki að greiða niður lánin eins og undanfarin ár, en viðhaldið þeim, þá hefði arðgreiðslugetan verið 50 milljarðar. Svo ræðst þetta á endanum á vilja eigandans til að byggja upp fyrirtækið – hvort uppbygging eða arðgreiðslur eru forgangsatriði," segir Hörður. Hörður sagði í erindi sínu að meðalverð Landsvirkjunar til viðskiptavina sinna væri 20 dollarar, en viðmiðunarverð nýrra samninga sé 43 dollarar.

$1 í verðhækkun eykur arðgreiðslugetu Landsvirkjunar um 1,5 milljarða króna.

„Það er veruleg hækkun sem er að nást. Afsláttur er gefinn á fyrstu árum samninga, og einnig ef magnið er mikið og mótaðilinn er mjög sterkur," segir Hörður og bætti við að nú banki fyrirtæki á dyrnar og biðji um orku í stað þess þegar uppbygging orkukerfisins var háð stórum notendum og takmarkaðir möguleikar til að fá hærra verð.

Ávinningur samfélagsins með hækkandi orkuverði kom skýrt fram í máli Harðar.

HÖRÐUR ARNARSON Spurður um upphæð arðgreiðslna bendir hann á 50 milljarða skuldaniðurgreiðslur til viðmiðunar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hver dollari í verðhækkun eykur arðgreiðslugetu Landsvirkjunar um 1,5 milljarða á ári. Það myndi skiptast þannig á milli kaupenda orkunnar að 1,3 milljarðar kæmu frá alþjóðlegum iðnaði, 150 milljónir frá almennum atvinnurekstri og 50 milljóna króna hækkun fyrir íslensk heimili.

EFTIRSPURN VEX FRÁ TRAUSTUM IÐNGREINUM

Áliðnaðurinn er og verður kjölfestan í orkufrekum iðnaði á Íslandi, sagði forstjóri Landsvirkjunar í gær. Álfyrirtækin séu traust fyrirtæki sem horfi til langs tíma og hafi gert Íslendingum kleift að byggja upp öflugt raforkukerfi hér á landi. Hörður sagði að ef Landsvirkjun væri í dag að hefja uppbyggingu raforkukerfisins þá yrði aftur fyrst leitað eftir því að fá álfyrirtæki til að hefja starfsemi hér á landi. Um kísilmálmframleiðslu kom fram að vöxtur greinarinnar sé m.a. drifinn áfram af miklum vexti í framleiðslu á raforku með sólarorku. Hörður sagði í dag vera vitað um tólf verkefni í undirbúningi í heiminum og af þeim þrjú á Íslandi. Gagnaver er þriðja greinin sem horfir í dag til Íslands, sagði Hörður. Hagstætt rekstrarumhverfi, svalt loftslag sem dregur úr kostnaði við kælingu og staðsetning landsins styður við þá þróun. Landsvirkjun er í viðræðum við nokkurn fjölda fyrirtækja sem sýna því áhuga á að hefja slíkan rekstur á Íslandi. Athyglisvert er að umtalsverð samkeppni er á milli landa að fá til sín gagnaver, m.a. eru allar Norðurlandaþjóðirnar að vinna hörðum höndum að því að fá þennan rekstur til sín, og með góðum árangri þar sem Facebook reisir nú gagnaver í Svíþjóð og Google í Finnlandi.

VILL UPPBYGGINGU ÁN FREKARI TAFA

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, gerði tækifæri orkuiðnaðarins að umtalsefni í erindi sínu. Sagði að erlendir fjárfestar, sem koma að máli við hana, spyrðu ítrekað hversu mikil raforka muni verða til staðar og aðgengileg á næstu árum á Íslandi. Þessu segist hún ekki getað svarað og óvissan sé ekki til að hvetja fyrirtæki til fjárfestinga, sagði Ragnheiður og bætti við:

„Rammaáætlun átti að veita okkur svörin við þessum spurningum, en því miður hefur hún ekki gert það," sagði ráðherra.

„Ég segi það hreint út. Ég tel vera fulla þörf á því að við förum út í nýja orkuvinnslukosti, til viðbótar við núverandi raforkuframleiðslu, hvort sem er í vatnsafli, jarðvarma eða vindi. Ég tel að röksemdir séu til staðar til að færa fleiri virkjunarkosti úr biðflokki í orkunýtingarflokk, á grundvelli þeirra gagna sem liggja fyrir úr fyrsta, öðrum og þriðja áfanga Rammaáætlunar. Og ég tel í þriðja lagi brýnt að hafist verði handa við undirbúning þeirra virkjunarkosta sem eru í orkunýtingarflokki, í samræmi við lög og reglur."

Forseti ASÍ vill svör um framtíðaráhorf stjórnvalda varðandi virðisaukaskatt:

Engin efnisbreyting verið gerð

EFNAHAGSMÁL „Hvað þetta frumvarp varðar þá sé ég ekki neina efnisbreytingu sem kemur til móts við þá gagnrýni að það stendur áfram til að hækka verð á öllum matvælum," segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, um fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar að hækka neðra þrep virðisaukaskatts í ellefu prósent en ekki tólf prósent.

„Það að fara í ellefu prósent en ekki tólf sé ég ekki sem neina efnisbreytingu. Það er enn þá gert ráð fyrir að tekjuöflun vegna niðurfellingar vörugjalda verði með hækkun matarskatts," segir Gylfi.

Gylfi bendir á að Bjarni Benediktsson hafi kynnt þær fyrirætlanir að fara með virðisaukaskattsþrepið fljótlega upp í fjórtán prósent í áföngum. Gylfi vill vita hvort þau áform að fara í ellefu prósent en ekki tólf feli í sér að menn séu núna að falla frá því lokatakmarki að fara í fjórtán prósent.

Bjarni Benediktsson sagði í hádegisfréttum Bylgjunnar í gær, að með því að fara í ellefu prósent en ekki tólf prósent sé verið að gefa eftir rétt rúmlega tvo milljarða af skatttekjum. „Við erum að halda okkur við þá stóru kerfisbreytingu sem er að draga úr muninum milli þrepanna, draga úr þessari gjá sem er á milli þrepanna," segir Bjarni. Þá verði vörugjöldin felld niður og það hafi enn jákvæðari áhrif á kaupmátt, ráðstöfunartekjur og verðlag í landinu. - jhh

KREFST SVARA Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, gagnrýnir skattabreytingar stjórnvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Framúrskarandi hönnun og tæknileg fullkomnun

Mercedes-Benz GLK er ríkulega búinn og einstaklega öflugur sportjeppi. Hann er búinn hinu háþróaða 4MATIC aldrifskerfi þar sem hönnuðir og tæknimenn Mercedes-Benz hafa stigið enn eitt skrefið í átt til fullkomnunar. 4MATIC aldrifskerfið tryggir framúrskarandi aksturseiginleika og aukinn stöðugleika. Kerfið er ávallt virkt og bregst strax við breyttum akstursaðstæðum, t.d. mikilli úrkomu, ísingu eða snjó.

Hjá Öskju á Krókhálsi 11 bíður þín glæsilegur GLK til sýnis og reynsluaksturs.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 142422

GLK 220 CDI BlueEFFICIENCY, 4MATIC aldrifsbúnaður, 7 þrepa sjálfskipting, 170 hö., dráttargeta 2.400 kg. Eyðsla frá 6,1 l/100 km í blönduðum akstri.

Verð frá 6.990.000 kr.

Mercedes-Benz

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“ á Facebook

GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á

bilaland.is

ALLT AÐ 80% LÁNAMÖGULEIKAR

HYUNDAI SANTA FE III
Nýskr. 11/12, ekinn 48 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 120526.

Frábært verð!
5.890 þús.

NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 06/13, ekinn 36 þús km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 4.130 þús.
Rnr. 142545.

RENAULT MEGANE SP. TOURER
Nýskr. 06/13, ekinn 55 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.990 þús.
Rnr. 142531.

SUZUKI SWIFT 4WD
Nýskr. 06/13, ekinn 39 þús km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.490 þús.
Rnr. 142447.

DACIA DUSTER 4x4
Nýskr. 06/13, ekinn 55 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.960 þús.
Rnr. 142534.

HYUNDAI i20
Nýskr. 09/13, ekinn 39 þús. km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.990 þús.
Rnr. 120479.

NISSAN NV200 SENDIBÍLL
Nýskr. 01/14, ekinn 25 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.790 þús.
Rnr. 282223.

bílaland

Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

VINNSLUSTÖÐIN Bauð Sjómannasambandinu að skoða öll sín gögn. Sjómannasambandið mætti ekki til Eyja. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Vinnslustöðin bauð sjómönnum samráð

Framkvæmdastjóri VSV gagnrýnir Sjómannasambandið fyrir að hafa ekki viljað samvinnu. Bauð forystu sambandsins að skoða bækur fyrirtækisins. Því tilboði var ekki tekið. „Rétt að við mættum ekki til Eyja," segir Sjómannasamband Íslands.

SJÁVARÚTVEGUR Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar, furðar sig á því að forystumenn Sjómannasambands Íslands ákváðu að taka ekki þátt í að reikna hlut sjómanna sem hlutfall af söluverði afurðar. Reynt var að byggja á samvinnu við Sjómannasambandið án árangurs.

„Við höfðum verið í allmörg ár með fyrirkomulag þar sem fiskverð til uppsjávarskipa var hlutfall af söluverði afurðar. Þar var allt uppi á borðum og fulltrúar sjómanna og forsvarsmenn þeirra gátu komið hvenær sem var og skoðað sölur og sannreynt útreikninga okkar. Forystumönnum sjómanna var boðið að koma, en þeir mættu aldrei. Í tvígang skoðaði Verðlagsstofa skiptaverðs útreikninga okkar og fann að allt var gert rétt," segir Sigurgeir Brynjar.

Hólmgeir Jónsson, framkvæmdastjóri Sjómannasambands Íslands, segir rétt að þeim hafi boðist að koma og skoða gögn. „Við fórum ekki til Vestmannaeyja, það er alveg rétt. Við áttum með þeim fund hins vegar á skrifstofum LÍÚ einu sinni. Hins vegar var aldrei á hreinu hversu djúpt við mættum kafa í bókhaldið og því ákváðum við að taka ekki þessu tilboði þeirra."

Fréttablaðið sagði frá því í gær að úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna hafi úrskurðað að verð sem Vinnslustöðin greiddi fyrir síld til tveggja skipa sinna hafi verið of lágt. Skipin sem um ræðir er Kap VE 5 og Sighvatur Bjarnason VE 81. Telur Sigurgeir Brynjar úrskurðinn illa rökstuddan og vill fá ítarlegri svör frá úrskurðarnefndinni. Einnig bendir hann á að í haust hafi Vinnslustöðinni verið vísað til úrskurðarnefndar af hálfu sjómannaforystunnar en var vísað frá dómi. Hann telur Verðlagsstofu skiptaverðs ekki sjá málin

> **Eina stofnunin í heiminum sem er þeirrar skoðunar að íslensk síld sé verðmætari en norsk-íslensk síld.**
>
> *Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri SVS.*

í réttu samhengi. „Þegar kaupendur kaupa bestu síldina, sem er norsk-íslensk síld, kaupa þeir hana á hæsta verðinu. Íslensk síld er ekki eins góð, hún hefur ekki sama fituinnihald, ekki sama þéttleika holds og nýtist ekki með sama hætti. Nefndin er eina stofnunin í heiminum sem er þeirrar skoðunar að íslensk síld sé verðmætari en norsk-íslensk síld, án rökstuðnings," segir Sigurgeir Brynjar.

sveinn@frettabladid.is

Mikið úrval
frábært verð!

SÝNING 2006 Hönnun ELM vakti um árabil athygli víða um heim. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

188 milljóna gjaldþrot ELM:

Ekkert fékkst upp í kröfur

VIÐSKIPTI Engar eignir fundust upp í rúmlega 188,3 milljóna króna kröfur í þrotabú hönnunarfyrirtækisins ELM ehf.

Fyrirtækið var tekið til gjaldþrotaskipta í aprílbyrjun 2012 og lauk skiptum 10. þessa mánaðar.

ELM var stofnað árið 1999 og voru vörur hönnuðanna sem að fyrirtækinu stóðu seldar í um 140 verslunum víða um heim, en fyrirtækið rak einnig tvær verslanir, aðra í Reykjavík og hina í Ósló. Auk hönnuðanna þriggja sem stofnuðu fyrirtækið átti fjárfestingarsjóður Auðar Capital hlut í fyrirtækinu.

- óká

Allt í plasti!

MÚRBÚÐARVERÐ

G 201 með hjólum **108** lítra 71x52x44cm **3.290**

G 002 með hjólum **52** lítra 58x42x34 cm **2.175**
G 003 með hjólum **28** lítra 49x36x28 cm **1.295**

G 8855 **42** lítra 53x37x31cm **1.790**

5807 **52** lítra **1.995**
5808 **72** lítra **2.590**

G 7805 **23** lítra 50x33,5x27cm **1.370**

G 801 **18** lítra 43x28x23,5 cm **875**
G 802 **11** lítra 35,5x24x20,5 cm **645**
G 803 **6** lítra 28,5x20x18,5 cm **490**
G 804 **2,5** lítra 23x16x14 cm **375**
G 805 **23** lítra 50x33,5x27 cm **1.390**

5005 **3,5** lítra **495**
5006 **7,5** lítra **795**
5007 **15** lítra **995**

G B003 með hjólum **28** lítra 49x36x28 cm **1.470**

G 8858 með hjólum **35** lítra 80x39,5x16 cm **1.950**

5055 28x18,5x14,4 cm **495**
5056 41x29x15 cm **895**
5057 41x29x25,5 cm **995**

Gegnsætt. Bleikt, blátt eða gult lok
2217 29x23x17cm **650**

Gegnsætt, grænt lok 5827 með hjólum **52** lítra 58x42,5x34 cm **2.395**
Gegnsætt, rautt lok 5828 með hjólum **72** lítra 63x46x40 cm **2.995**

3 litir
Grænt, bleikt, blátt

m/hjólum+loki **90** lítra **2.690**

40 cm **295**
50 cm **495**
60 cm **795**

m/loki **60** lítra **2.590**
m/loki **20** lítra **995**
13 lítra **445**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Óeirðir í kjölfar sýknunar

Allt logaði í mótmælum víða í Bandaríkjunum í gær eftir að niðurstaða kviðdóms var kynnt í máli lögreglumanns sem varð Michael Brown að bana. Þúsundir streymdu út á götur en víðast var mótmælt friðsamlega.

BANDARÍKIN Þúsundir manna streymdu út á götur í mörgum helstu borgum Bandaríkjanna í fyrrinótt til að mótmæla því að lögreglumaðurinn Darren Wilson sleppi við ákæru. Wilson varð Michael Brown, átján ára pilti, að bana 9. ágúst í sumar í bænum Ferguson.

Sums staðar brutust út óeirðir, þótt víðast hvar hafi mótmælin farið friðsamlega fram. Í Ferguson, sem er eitt úthverfa borgarinnar St. Louis í Missouri, var kveikt í húsum og bifreiðum, rúður brotnar og fleiri spellvirki framin.

Fyrstu dagana og vikurnar eftir að Wilson skaut Brown var efnt til fjöldamótmæla nánast daglega í Ferguson og víðar í Bandaríkjunum, enda lögreglumaðurinn hvítur en pilturinn svartur á hörund.

Mikil reiði braust út og nú síðustu dagana hefur mikil spenna verið að hlaðast upp meðan beðið var eftir niðurstöðu ákærukviðdómsins. Þegar niðurstaðan lá svo fyrir í gær brutust út óeirðir, sem urðu mun öflugri og harkalegri en fyrri mótmæli.

Í yfirheyrslum sagðist Wilson hafa talið sig vera í lífshættu, þegar hann lenti í átökum við hinn vopnlausa pilt. Wilson var með kylfu og piparúða á sér, en greip til byssunnar eftir að Brown hafði kýlt hann tvisvar í andlitið: „Hann var greinilega stærri en ég og sterkari," sagði Wilson. „Þriðja höggið hefði getað riðið mér að fullu hefði hann slegið rétt."

Ákærukviðdómurinn taldi ekki nægar líkur á því að dómsmál myndi leiða til sakfellingar og ákvað því að ákæra yrði ekki lögð fram.

Í Bandaríkjunum lýkur rannsóknum á lögreglumönnum, sem skotið hafa fólk til bana, sjaldnast á sakfellingu.

„Lögreglumaður er ekki eins og almennur borgari sem hleypir af byssu sinni," hefur AP-fréttastofan eftir Lori Lightfoot, lögmanni í Chicago, en hann starfaði um hríð við að rannsaka lögregluofbeldi þar í borg. „Það er fyrirfram gert ráð fyrir því að löggæslumaður, sem þar með hefur heimild til þess að beita banvænu valdi, hafi beitt því réttilega."

gudsteinn@frettabladid.is

MÓTMÆLI Í LOS ANGELES Fólkið leggst í götuna til að minna á dauðsföll, sem lögreglan hefur valdið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjölmörg umferðaróhöpp:

Þrettán slasaðir í sex slysum

UMFERÐARMÁL Þrettán vegfarendur slösuðust í sex umferðarslysum á höfuðborgarsvæðinu í síðustu viku.

Meðal slysa var hjólreiðaslys á Hverfisgötu þar sem hjólreiðamaður lenti á bifreið. Þá varð 12 ára drengur á hjóli fyrir bifreið á Breiðholtsbraut. Kona slasaðist á bílastæði við Húsgagnahöllina á Bíldshöfða þegar bíll ók á hana. Á föstudag var strætisvagni ekið í gegnum grindverk. Sjö voru í vagninum og kvörtuðu undan minniháttar meiðslum. Sama dag hjólaði maður á steintyppi á Lækjartorgi. Hann var fluttur með sjúkrabifreið á slysadeild. Stuttu seinna varð kona svo fyrir bifreið sem bakkað var úr stæði við Krónuna í Vallakór og var flutt á slysadeild.

- vh

Situr í gæsluvarðhaldi:

Reyndi að smygla kókaíni

LÖGREGLUMÁL Pólskur ríkisborgari sætir nú gæsluvarðhaldi eftir að hafa reynt að smygla 24 pakkningum af kókaíni innvortis til landsins. Þetta kemur fram í tilkynningu frá lögreglunni.

Maðurinn var að koma frá Lundúnum þegar tollverðir stöðvuðu hann í Leifsstöð vegna gruns um að hann væri með fíkniefni innvortis.

Lögreglan á Suðurnesjum færði hann á lögreglustöð þar sem hann skilaði af sér pakkningunum 24, sem innihéldu 120 grömm af kókaíni. Maðurinn sætir gæsluvarðhaldi til næstkomandi föstudags.

Í tilkynningu frá lögreglu vegna málsins segir að rannsókn málsins sé á lokastigi.

- sáp

FÆR AÐ STANDA Skjaldborg hverfisbúa um silfurreyni á Grettisgötu 17 verður trénu til lífs. Silfureynir getur orðið tvö hundruð ára. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Friðuð hús víkja til að hlífa tré sem átti að fella:

Mega flytja hús á framtíðarstað þeirra

SKIPULAGSMÁL „Bæði húsin eru óaðskiljanlegur hluti elstu byggðar timburhúsa í hverfinu og því mikilvægt að þeim verði fundinn viðeigandi staður innan þess," segir Minjastofnun um áætlaðan flutning tveggja friðaðra húsa af Laugavegi og Grettisgötu.

Flytja á húsin svo hægt verði að hlífa eitt hundrað ára silfurreyni, Grettisgötumegin á reitnum þar sem húsin standa, við að vera felldur til að rýma fyrir hóteli.

Mikil andstaða var meðal íbúa í hverfinu við því að silfurreynirinn yrði látinn víkja.

Friðuðu húsin sem flytja á eru bæði úr timbri. Bakhúsið Laugavegur 36b er byggt 1896 og er því 118 ára gamalt. Grettisgata 17 er byggð 1902 og er þannig 112 ára. Minjastofnun segist ekki leggjast gegn flutningi húsanna að því gefnu að þeim verði fundinn framtíðarstaður í nágrenninu. Margar athugasemdir bárust vegna breyttra áforma og verður málið tekið fyrir í skipulagsráði í dag.

- gar

10 áfangastaðir

Flugsæti
Aðra leið m/sköttum á primeraair.com

Alicante Frá kr. 14.990
Barcelona Frá kr. 14.900
Bodrum Frá kr. 29.990
Bologna Frá kr. 19.990
Krít Frá kr. 29.990
Las Palmas Frá kr. 24.900
Malaga Frá kr. 19.900
Mallorca Frá kr. 24.990
Salzburg Frá kr. 14.990
Tenerife Frá kr. 19.990

Primera Air

TÓNLEIKUR KYNNIR

WORLD ON FIRE

SLASH

ÁSAMT

MYLES KENNEDY & THE CONSPIRATORS

LAUGARDAGINN 6. DESEMBER

LAUGARDALSHÖLL KL 20:00

HLJÓMSVEITIN DIMMA HITAR UPP

MIÐASALA Á MIDI.IS

SKOÐUN

Óvissa er um réttmæti lána þúsunda einstaklinga:

Missa bankarnir þá axlaböndin?

Mikið var gott að heyra Steinþór Pálsson, bankastjóra Landsbankans, segja að eigið fé bankans sé með þeim ágætum að Landsbankinn væri fullfær um að greiða til baka allar verðtryggingargreiðslur liðinna ára, yrði sú niðurstaða dómstóla. Þá er best að gera ráð fyrir að staða hinna bankanna sé ekki síðri. Yfirlýsing Steinþórs, sem féll í fréttum Stöðvar 2, er afar þörf og hlýtur að slá á allt umtal um að bankarnir myndu kikna undan því að gera upp verðtrygginguna, fari svo þegar endanlegur dómur verður fallinn. Eigið fé Landsbankans eins er um 240 milljarðar, sem er langt yfir þeim mörkum sem ætlast er til. Þar er borð fyrir báru.

Sigurjón Magnús Egilsson
sme@frettabladid.is

Viðskiptabankarnir þrír eru ung fyrirtæki. Þrátt fyrir ungan aldur hafa allir bankarnir rakað saman peningum og hagnaður þeirra er hreint ævintýralegur. Þar sem útlán til almennings hafa undantekningarlítið borið hærri vexti en þekkist í öðrum löndum og verðtryggingu að auki hefur oft verið sagt að bankarnir hafi bæði belti og axlabönd. Kannski verður EFTA-úrskurðurinn til þess að axlaböndin verði tekin af bönkunum og þeir verði þá að starfa á sama hátt og bankar í öðrum löndum. Með vextina eina, ekki verðtryggingu að auki.

Ekki er nema von að spurt sé hvað gerðist í íslenskum bönkum. Þeir hafa þurft að endurgreiða milljarða vegna þess að þeir veittu kolólögleg lán, bundin erlendri mynt. Það var bannað með lögum og endaði með milljarða endurgreiðslum. Þrátt fyrir það áfall sér ekki högg á vatni. Svo miklir eru peningar bankanna.

Fari svo að öll verðtryggð lán þar sem bankarnir í einfeldni sinni létu lánasamninga miðast við að hér yrði engin verðbólga, jafnvel næstu fjörutíu árin, verði dæmd á þann hátt að bankarnir verði að borga lántakendum til baka, gerist svo sannarlega margt. Eitt er víst. Hinir nýju og stórríku bankar munu starfa jafnt eftir sem áður. Viðskiptavinir þeirra hafa borgað til bankanna þá peninga sem eru grunnurinn að sterkri stöðu þeirra. Þeir peningar sem þannig fara úr peningageymslum bankanna og til fólksins hverfa ekki, þeir skipta einungis um hendur.

Þá verður forgangsverkefni að gæta þess að allt fari ekki á fleygiferð, fjárfestingar fólks rjúki ekki upp úr öllu og þenslan nái nýjum háhæðum. Það er nánast spaugilegt að sala á nýjum bílum hefur nær tvöfaldast eftir að skuldaleiðrétting ríkisstjórnarinnar var kynnt fyrr í mánuðinum.

Ótrúlegur uppgangur hinna nýju banka er ekki síst tilkominn vegna þess umhverfis sem þeir starfa í og hversu ódýrt þeir fengu lánasöfnin frá gjaldþrota bönkunum, forverum sínum. Engin afrek hafa verið unnin. Fólk hefur borgað margfalt meira en þekkist í næstu löndum. Vandi þjóðarinnar, fari svo að dómar gangi ýktustu leið, verður ekki staða bankanna. Alls ekki. Vandinn verður þjóðin sjálf. Það verða miklar breytingar að losna úr áralangri skuldaneyð. Kannski tekst okkur þá að verja tíma okkar betur, vinna minna, njóta þess betur að vera til.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Brögð í tafli?

Fulltrúar Framsóknar í borgarráði spyrja hversu marga bíla Reykjavíkurborg, og félög á vegum hennar, hafa keypt frá 1. janúar 2013 til 1. nóvember 2014, af bílaleigum. „Þá óskast upplýsingar um hversu langur tími líður frá undirritun kaupsamnings um bifreið og þar til hún er skráð á kaupandann hjá Umferðarstofu. Er í einhverjum tilvikum um það að ræða að verið sé að bíða með skráningu bifreiða á kaupanda, þar til bifreiðar eru búnar að vera 15 mánuði í eigu bílaleigunnar þannig að eftirgjöf af vörugjöldum haldist?“ Greinilegt er að grunur er um að svik séu í tafli.

Kjarasamningar fyrir velstæða?

Drjúg umræða hefur skapast vegna frétta Fréttablaðsins, þar sem segir að tvær útgerðir hafi gert upp við sjómenn með rangindum, greitt þeim lægri laun en samningar sögðu til um. Formaður SFS, nýrra samtaka sjávarútvegsfyrirtækja, Jón Garðar Helgason, sagði í Bítinu á Bylgjunni að hann hefði ekki kynnt sér úrskurðina, sem féllu gegn útgerðunum, en bætti við að sjómenn á uppsjávarskipum hefðu góð laun. Sem er alveg rétt. En hvort það eigi að frelsa vinnuveitendur þeirra frá því að fara að settum reglum hlýtur að vera allt annað. Vinnuveitandi pólska hreingerningarfólksins á Landspítalanum segist fara eftir samningum.

Veggjakrot í Grafarvogi

Meira af vettvangi borgarinnar og nú frá Grafarvogi, en fulltrúar Framsóknar hafa bókað vegna veggjakrots í Grafarvogi: „Borgarstarfsmenn eiga auðvitað að sýna frumkvæði og halda Grafarvogi eins og borginni allri hreinni frá degi til dags, viku til viku, mánuð til mánaðar. „Skorum við því á borgarstarfsmenn að vinna nú hratt og þrífa veggjakrot af veggjum víðsvegar um Grafarvog og einnig skorum við á borgarstarfsmenn að sýna þessum málaflokki miklu meira frumkvæði og grípa að eigin frumkvæði og markvisst í veggjaþrif í Grafarvogi þegar þörf er á,“ og hana nú. Greinilegt að margvísleg mál rata á borð stjórnenda borgarinnar.

sme@frettabladid.is

HALLDÓR

Leið rétting?

FJÁRMÁL

Eggert Briem
prófessor emeritus

Leiðréttingin svokallaða var kynnt með miklu glærusjói nýlega. Glærurnar má skoða á vef forsætisráðuneytisins undir liðnum verkefni og heitinu LEIÐRÉTTING.

Það kemur á óvart hve litlar upplýsingar er að hafa úr glærunum. Þó má sjá að sá hópur hjóna sem þénar minna en 50 milljónir fær 100% úthlutunar til hjóna. Þessi réttláta niðurstaða hefur orðið þingmönnum Framsóknarflokksins og öðrum framsóknarmönnum tilefni til mikilla greinaskrifa.

Glærurnar eru aðallega áhugaverðar fyrir það sem þar kemur ekki fram. Sæmilega læs manneskja, sem hefur lært dálítið í prósentureikningi, fær litlar upplýsingar úr glærunum. Glærunum er ekki ætlað að upplýsa heldur styðja þá fullyrðingu að úthlutunin sé réttlát. Fyrir einhverja slysni er þó, með frádrætti, hægt að lesa úr einni glærunni, að hjón sem þéna meira en 16 milljónir fá 25% úthlutunar til hjóna.

Hvaða upplýsingar hefði sæmilega læsa manneskjan sem kann svolítið í prósentureikningi viljað sjá? Fyrir slíka manneskju er glæra sem sýnir úthlutun til hjóna eftir tekjum það fyrsta áhugaverða. Þá hefði t.d. verið hægt að sjá hve stórir hlutar upphæðarinnar, sem úthlutað var, runnu til tekjulægsta fjórðungsins annars vegar og tekjuhæsta fjórðungsins hins vegar. Slík glæra hefði ekki orðið framsóknarmönnum tilefni til mikilla greinaskrifa. Glæra sem sýnir úthlutun til fjórðunganna með minnsta og mesta eigið fé, er einnig mikilvæg. Þá hefði glæra með samanburði á jafnri úthlutun (sama upphæð til allra) og þeirri sem valin var, líka verið áhugaverð. Kannski var ekki hugsað um þá leið, vegna þess að ef tekjulágir fá sömu upphæð og tekjuháir þá fá tekjulágir miklu meira í prósentum. Ef tveir einstaklingar fá milljón hvor og annar þénar 2 milljónir en hinn 10 þá fær sá tekjulægri 50% en sá tekjuhærri bara 10%.

➜ En þessar glærur voru ekki með í glærusjóinu. Það er ekki gott að almenningur fái mikið af upplýsingum og fari að hugsa sjálfstætt án forskriftar.

En þessar glærur voru ekki með í glærusjóinu. Það er ekki gott að almenningur fái mikið af upplýsingum og fari að hugsa sjálfstætt án forskriftar.

Ef við víkjum að spurningunni í heiti greinarinnar, þá virðist rúmur helmingur þjóðarinnar ánægður með úthlutunina og myndi segja að heitið væri prentvilla, en tæpur helmingur að sú rétting á fjárhag heimilanna í landinu (hvar annars staðar?), sem valin var, hafi verið leið rétting.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is*
MENNING: Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Takk fyrir mig!

HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir

Þegar ég byrjaði að skrifa í Fréttablaðið fyrir tæpum þremur árum þá vissi ég að heilbrigðismál brenna á flestum okkar á einn eða annan hátt. Auðvitað höfum við mismunandi áherslur og hinn mikli aldursmunur sem er á lesendum blaðsins sýnir glögglega að það nær til mjög breiðs hóps. Mér fannst vanta að læknar tækju sig til og töluðu til fólksins á fræðandi hátt, þannig að það skildist. Ég hef fengið að heyra það að greinar mínar séu almenningi almennt ekki torlesnar og ritaðar á mannamáli, sem er gott því vonandi ná þær þannig því sem til var ætlast, að vekja umræðu og fræða. Þá hef ég fengið hrós fyrir skrifin sömuleiðis frá kollegum mínum í læknastétt og hefur mér þótt vænt um það, þó margir hafi undrast eljuna að nenna þessu í hverri viku.

Einhvern tímann var ég spurður að því hvers vegna ég hefði tekið til við þetta og svarið var einfaldlega að mig langaði til þess. Það voru ekki aðrir áhrifavaldar og sannarlega ekki að þetta væri hugsað sem stökkpallur út í pólitík eins og nokkrir hafa forvitnast um í gegnum liðin ár. Ég get þó upplýst um það að ég hafi verið beðinn að taka þátt bæði á sveitarstjórnarstiginu sem og í landsmálum af fleiri en einum flokki, en það hefur ekki höfðað til mín.

Þegar ég lagði af stað í þessa vegferð þá hafði ég nokkur markmið, í fyrsta lagi að ég myndi hafa algera stjórn á því hvað ég fjallaði um hverju sinni, þó ég hafi fengið býsna margar ábendingar um skemmtileg viðfangsefni og ritað um sum þeirra þá hef ég alltaf litið á þetta sem mjög mikilvægt atriði. Ég hef reynt að nálgast sjúkdóma og viðfangsefnin á þann hátt að tengja þau daglegu lífi fólks og fara ekki um of í smáatriði. Margt af því hefur verið um stærstu og alvarlegustu heilbrigðisvandamál okkar í dag eins og offitu, hjarta- og æðasjúkdóma, sykursýki, krabbamein og þannig mætti lengi telja. Ég hef líka ritað um kynlíf og samlíf, hamingjuna, prump og hægðatrufflanir svo eitthvað sé nefnt sem og blátt þvag. En svona að öllu gamni slepptu hafa þessir pistlar iðulega átt að hafa þann tilgang að fræða og benda á mögulegar lausnir.

Á sama tíma og þessar greinar hafa birst í Fréttablaðinu hefur mér verið vel tekið í útvarpinu, en ég hef mætt þangað vikulega eða verið í símasambandi til að ræða pistil gærdagsins um nokkuð langt skeið. Kann ég félögum mínum í Bítinu á Bylgjunni miklar þakkir fyrir góða viðkynningu og samveru á liðnum árum. Einhver sagði við mig að ég væri líklega eini læknirinn hérlendis sem hefði verið í öllum tegundum fjölmiðla samtímis, en stutt viðvera í sjónvarpi á síðasta hausti var skemmtileg tilbreyting.

Annað markmið með því að skrifa var að koma skilaboðum áleiðis um forvarnir sem ég tel að séu grundvallaratriði í tengslum við allt heilbrigði og þróun sjúkdóma. Þá einna helst að hvetja til og stuðla að andlegri vellíðan sem líklega er mikilvægari en flest annað. Af nógu hefur verið að taka og er ljóst að ég gæti skrifað í mörg ár til viðbótar um heilsu, sjúkdóma og lífsstíl því þar eru óþrjótandi efnistök. Nú kynnu sumir að halda að mér hafi verið sagt upp eða viðlíka á Fréttablaðinu, en svo er alls ekki. Fyrir þá sem ekki vita, þá kynnu þeir að undrast það að ég hef ekki verið með neinn samning og hef ekki þegið eina krónu í þóknun fyrir skrif eða viðveru í útvarpi hingað til, heldur hefur þetta verið gert af einskærum áhuga.

Það hlýjar manni þess vegna enn frekar um hjartaræturnar þegar ókunnugt fólk hrósar manni fyrir skrifin eða segist alltaf lesa pistlana á þriðjudögum. Ég hef verið afar þakklátur fyrir það og kann öllum þeim bestu þakkir sem hafa fylgt mér þessi tæpu þrjú ár. Þessum kafla er lokið í bili, ég neita því ekki að það er tregablandið, en það var líka markmið í sjálfu sér að geta tekið þessa ákvörðun um að hætta þegar ég vildi og á mínum forsendum. Og nei, ég er ekki veikur eða að fara af landi brott. Það kemur alltaf eitthvað annað í staðinn, til dæmis að klára bókina sem ég er byrjaður á, möguleikarnir eru ansi margir. Við næsta verkefni verður hið minnsta að bretta enn frekar upp ermar og stuðla að bættu heilbrigðiskerfi sem áhuga- og fagmaður, ekki veitir af! En ég ætla að byrja á því að halda upp á afmælið mitt í dag. Takk kærlega fyrir mig og góðar stundir!

> Ég hef reynt að nálgast sjúkdóma og viðfangsefnin á þann hátt að tengja þau daglegu lífi fólks og fara ekki um of í smáatriði. Margt af því hefur verið um stærstu og alvarlegustu heilbrigðisvandamál okkar í dag eins og offitu, hjarta- og æðasjúkdóma, sykursýki, krabbamein og þannig mætti lengi telja.

Okkar sögur

KYNBUNDIÐ OFBELDI

Cynthia Trililani
í Samtökum kvenna af erlendum uppruna á Íslandi og meistaranemi í menntunar- og kynjafræði

Á síðustu árum hef ég kynnst mörgum hugrökkum konum sem voru nógu sterkar til að vilja deila sögum sínum með mér. Þetta eru sársaukafullar sögur sem flestir myndu frekar vilja gleyma og bæla djúpt niður. Þessar konur eru af erlendum uppruna, sem stuðlar enn frekar að því að þjáningar þeirra eru þaggaðar niður. Þegar þessar konur urðu fyrir kynferðislegu, líkamlegu og andlegu ofbeldi upplifðu þær skort á stuðningi frá fjölskyldu og vinum. Þær gátu hvergi farið og höfðu fáa til að leita til eftir stuðningi og húsaskjóli. Fjárhagslegt ósjálfstæði, börn og fjölskylduskyldur, menningargildi, ótti, sektarkennd og skömm gerir það að verkum að þessar konur hafa enn færri valkosti og neyðast þær til að þjást í þögn, óviljugar eða ófærar um að viðurkenna að þær hafa stórt vandamál á herðum sér sem erfitt er að flýja.

Því miður eru þessar sögur alltof algengar. Það eru fjölmargar konur sem hafa gengið í gegnum svipaða reynslu. Og það er ekki alltaf auðvelt að sjá vísbendingar um ofbeldi eða áreitni, sérstaklega vegna ofbeldis sem skilur ekki eftir sig marbletti eða líkamleg sár. En ósýnilegir áverkar verða eftir, tilfinningaleg og andleg sár sem sitja lengi og sem hafa gríðarlega truflandi afleiðingar á líf einstaklings og breyta eðli hans.

Hver og einn einstaklingur hefur sína sögu. Það eru margar ástæður fyrir því að deila þeim ekki. Algengasta er val til að þjást í þögn og til að reyna á hvar mörkin liggja varðandi eigin bjargráð. Eftir allt saman eru þrjú erfiðustu orðin sem maður getur sagt í lífinu: Ég þarf hjálp.

Að biðja um hjálp reynist erfitt verkefni fyrir sumt fólk. Við verðum að læra að hlusta á þau orð sem liggja ósögð undir yfirborðinu. Ekki vera hrædd við að spyrja spurninga. Ekki vera hrædd við að vera forvitin. Ekki vera hrædd við að stíga fram. Ofbeldi og áreitni getur komið fyrir alla. Ef þú ert brotaþoli misnotkunar eða áreitis, ekki vera hrædd við að segja þína sögu. Stattu upp og talaðu hátt. Þögnin er sjaldnast góð lausn á þjáningu okkar.

*Farþegar sem ferðast á sömu bókun. Verð byggt á 742 lausum sætum fyrir €48,99 eða lægra þann 21. nóvember 2014. Fyrir ferðir á tímabilinu 21. nóvember 2014 – 30. júní 2015. Við fljúgum frá Keflavíkurflugvelli (KEF). Við hefjum flug til Belfast (BFS) 12. desember 2014. Viðbótargjöld fyrir kreditkortagreiðslur og farangur. Sjá easyJet.com

Hvað gerir stjórnmálamenn trúverðuga?

STJÓRNMÁL

Hörður Bergmann
kennari
og rithöfundur

Í leiðara Fréttablaðsins tuttugasta þessa mánaðar fjallar Sigurjón, ritstjóri blaðsins, um siðferðilegt álitamál á þessa leið: „Trúverðugleiki er stjórnmálamönnum eflaust mikils virði. Þess vegna er klént að tala sig hásan um vondar aðgerðir í niðurfellingu skulda en fara samt í röðina í von um að fá sneið af hinni fordæmdu köku. Öll orð hér eftir, um þetta mál hið minnsta, verða að skoðast í því ljósi að orð og athafnir hafa stangast á."

Þessa skoðun má ræða frá öðru sjónarmiði. Til dæmis með því að leita svara við spurningum sem þessum: Hvað felst í hugtakinu trúverðugleiki? Glata þeir sem gagnrýna lög sett af meirihluta á Alþingi trúverðugleika sínum við að nota réttindi sem þar eru veitt? Orðabækur skýra orðið trúverðugur með orðum eins og „áreiðanlegur" og „sem trúa má". Ádeila ritstjórans hvetur því eiginlega lesandann til að hætta að taka mark á þeim sem nota sér rétt sem þeim er gefinn með lögum sem þeir hafa gagnrýnt. „Öll gagnrýnin, sem sett hefur verið fram, missir þar með marks," fullyrðir hann.

Það fæ ég ekki séð. Þvert á móti finnst mér ástæða til að virða og taka mark á þeim sem gagnrýna lög þrátt fyrir það að geta grætt eitthvað á þeim persónulega. Flestir, sem hnossið hljóta, láta sem ekkert sé; una við sinn feng þótt hálfsannleikur um svigrúm og fé á lausu reynist blekking og háværir brestir í innviðum velferðarkerfisins skeri í eyrun. Gera engar athugasemdir við lög sem fela í sér varasama forgangsröðun og margs konar mismunun, skilja t.d. eftir í óbættri stöðu þá sem hafa húsaskjól sem búseturétthafar eða leigjendur. Þakkarvert er hins vegar dæmið af Pétri H. Blöndal alþingismanni sem segir í nefndaráliti: „Aðgerðin mismunar lántakendum sem eru í svipaðri stöðu og hafa upplifað sömu breytingar á verðlagi og þeir sem hafa tekið fasteignalán. Þar ber hæst verðtryggð námslán. Að auki nær aðgerðin ekki til lána sem veitt voru til leiguíbúða í félagslegum íbúðafélögum. Þau lán voru einkum veitt til sveitarfélaga vegna leiguíbúða og til húsnæðissamvinnufélaga, svo og til leiguíbúða námsmanna og sjálfseignarstofnana fatlaðra. Leiguverð þessara íbúða ræðst að mestu leyti af afborgun lána, þ.e. greiðslu af höfuðstól og vöxtum, sem frumvarpið nær ekki til. Slík mismunun er óásættanleg".

Ég læt mig engu skipta hvort Pétur H. Blöndal eða einhverjir stjórnarandstöðuþingmenn hafa notfært sér rétt sem þeir hafa gagnrýnt. Þeir eiga þakkir skildar fyrir tilraunir til að gæta almannahags í landi þar sem valdhafarnir eru annað að sýsla og horfa framhjá hruni sem skekur undirstöður heilbrigðis- og menntakerfis þjóðarinnar.

Forvörnum ógnað

SAMFÉLAG

Baldur Örn Arnarson
Hera Hallbera Björnsdóttir
Hörður Heiðar Guðbjörnsson
Sigríður Arndís Jóhannsdóttir
Trausti Jónsson
Þórdís Lilja Gísladóttir
forvarnafulltrúar
Reykjavíkurborgar

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til breytinga á lögum um verslun með áfengi sem heimilar sölu áfengis í matvöruverslunum. Flutningsmaður og fylgjendur frumvarpsins telja málið vera framfaraskref sem vert er að eyða tíma þingsins í.

Fyrir hverja er þetta mál mikilvægt? Er það ekki skylda stjórnmálamanna að huga að velferð þegnanna á öllum aldri? Er ekki eðlilegt að gera þá kröfu að mál af þessu tagi sé skoðað frá öllum hliðum?

Greinargerð frumvarpsins fjallar aðallega um viðskiptahagsmuni og hugsanlega minna vöruúrval verði einkaleyfi á sölu áfengis afnumið. Einnig kemur fram að frjáls sala áfengis hafi í för með sér aukin áfengiskaup. Ekkert er fjallað um neikvæðar afleiðingar sem stóraukið aðgengi að áfengi hefur á áfengisneyslu og mögulegar neikvæðar félagslegar afleiðingar. Neikvæðar afleiðingar af því sölufyrirkomulagi sem frumvarpið gerir ráð fyrir hafa töluvert verið rannsakaðar og vekur það furðu að flutningsmenn virðast ekki hafa kynnt sér þær betur. Rannsóknir frá Bandaríkjunum, Kanada, Nýja-Sjálandi, Finnlandi og Svíþjóð sýna stóraukna áfengisneyslu við að heimila matvöruverslunum að selja áfengi (Wagenaar & Holder, 1995; Makela, 2002; Makela, Rossow & Tryggvesson 2002; Hill 2000; Flanagan, 2003; Trolldal, 2005). Að ótöldum þeim fjölmörgu rannsóknum sem sýna að aukin áfengisneyslu hefur neikvæð áhrif á lýðheilsu og eykur heilbrigðisvanda.

Því er ekki að undra að Embætti landlæknis hafi þungar áhyggjur af frumvarpinu og telur landlæknir að frumvarpið sé í beinni andstöðu við stefnu ríkisstjórnarinnar um að efla lýðheilsu í landinu. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin tekur í sama streng og lýsir þungum áhyggjum af afleiðingum frumvarpsins og bendir á að neysla muni aukast meðal ungs fólks og viðkvæmra einstaklinga.

Að breyta fyrirkomulagi á sölu áfengis á Íslandi er líklegt til að hafa víðtæk neikvæð áhrif á velferð þjóðarinnar og þá ekki síst á börn og unglinga. Einnig er óljóst hvernig eftirlit með áfengiskaupaaldri yrði háttað í matvöruverslunum og ætla má að það verði ekki eins árangursríkt og hjá vínbúðunum þar sem starfsfólk matvöruverslana er að stórum hluta unglingar undir tvítugu. Áfengi er engin venjuleg neysluvara og því mikilvægt að áfengi verði áfram selt samkvæmt núverandi fyrirkomulagi, sem hefur hamlandi áhrif á aðgengið og um leið neysluna.

Gegn stefnu í forvörnum

Hafa ber í huga að aukin áfengisneysla foreldra og forsjáraðila getur raskað öruggu og barnvænu umhverfi. Frumvarpið ætti í raun að fara í áhættumat áður en það er lagt fyrir.

Við sem vinnum að forvörnum í Reykjavík viljum vekja athygli á því að frumvarpið fer gegn stefnu Reykjavíkurborgar í forvörnum. Í henni er lögð áhersla á að taka tillit til allra þátta sem geta haft áhrif á líðan og hegðun barna og unglinga.

➜ Hafa ber í huga að aukin áfengisneysla foreldra og forsjáraðila getur raskað öruggu og barnvænu umhverfi.

Rannsóknir á áfengisneyslu meðal íslenskra ungmenna sýna fram á að við höfum náð góðum árangri og ölvunardrykkja meðal íslenskra ungmenna er lítil miðað við jafnaldra þeirra í Evrópu. Þessi árangur hefur náðst með samstilltu átaki foreldra, stofnana og félagasamtaka, sem vinna með unga fólkinu og takmörkuðu aðgengi að áfengi. Er ekki mikilvægt að gera allt sem í okkar valdi stendur til að viðhalda þessum góða árangri?

Það er sorglegt að á Íslandi komi fram frumvarp um frjálsa verslun með áfengi á sama tíma og áfengispólitík annarra Evrópulanda einkennist af auknu aðhaldi (Karlsson & Österberg, 2001). Áfengissala í matvöruverslunum mun að sjálfsögðu stjórnast af ýtrustu viðskiptasjónarmiðum og má leiða líkur að því að í kjölfarið verði áfengisauglýsingar leyfðar. Uppeldisleg markmið samfélagsins eins og að standa vörð um æskuna og búa henni uppbyggilega umgjörð og heilbrigðar uppeldisforsendur er mun mikilvægara viðfangsefni, en áfengissala í matvörubúðum.

Styrkjum alla þá verndandi þætti sem við vitum að draga úr neyslu áfengis. Það mun spara samfélaginu mikla fjármuni sem er hægt að nýta í uppbyggileg verkefni og auka velferð í samfélaginu.

Við skorum á þingmenn að hafna frumvarpinu um frjálsa sölu áfengis á forsendum velferðar þjóðarinnar og lýðheilsumarkmiða.

Nú hringja börnin
og senda SMS fyrir 0 kr.

Börn viðskiptavina í RED áskrift geta hringt ótakmarkað innanlands og sent SMS fyrir 0 krónur í alla og fá 50 MB gagnamagn í hverjum mánuði.*

Skráðu börnin í RED Young í síma 1414
eða í næstu verslun Vodafone.

Vodafone
Góð samskipti bæta lífið

*RED áskrift kostar frá 5.990 kr./mán. Með RED áskrift fylgja tvær RED Young áskriftir án endurgjalds fyrir börn yngri en 18 ára. Nánar á Vodafone.is.

8 ÁRA AFMÆLI

Heildarverðmæti vinninga: 200.000

Við gefum 8 glæsilegar vörur!

Eina sem þarf að gera er að mæta og setja nafnið í pott!

24" tölvuskjár
TILBOÐ
28.888
FULLT VERÐ 34.989
PHS-249C4QHSB

39"
39" Full HD LED sjónvarp
TILBOÐ
78.888
FULLT VERÐ 139.989
TOSHIBA 39L4353DN

Með 128GB SSD
TILBOÐ
88.888
FULLT VERÐ 109.989

acer
ACE-NXMPHED002

Kælir og frystir
TILBOÐ
58.888
FULLT VERÐ 99.989
Beko CS234020

Elna ELNA240EX

24 sporgerðir
TILBOÐ
28.888
FULLT VERÐ 44.989

max.is

MAX RAFTÆKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

SÍMI 412 2200

BEINT Á MÓTI IKEA

Ástkær faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

JÓN GUÐJÓNSSON

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ 10. nóvember sl. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 27. nóvember klukkan 13.00.

Viktor Jacobsen
Guðjón Jónsson **Þuríður Erlendsdóttir**
Sigríður Jónsdóttir **Hörður Jónsson**
Anna María Jónsdóttir

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

ÞÓRARINN HALLGRÍMSSON
húsasmíðameistari,
Útgarði 6, Egilsstöðum,

sem lést 17. nóvember, verður jarðsunginn frá Egilsstaðakirkju föstudaginn 28. nóvember kl. 14.00. Þeim sem vildu minnast hins látna er bent á Hollvinasamtök Sjúkrahúss Seyðisfjarðar.

Björg S. Jónasdóttir
Málfríður Þórarinsdóttir **Sigurgeir Þorgeirsson**
Hrafnhildur S. Þórarinsdóttir **Borgþór Gunnarsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Elskuleg móðir okkar,

HLAÐGERÐUR ODDGEIRSDÓTTIR

frá Grenivík og Raufarhöfn, til heimilis að Furugerði 1, Reykjavík, lést mánudaginn 24. nóvember á líknardeild Landspítalans. Útför hennar verður frá Fossvogskirkju föstudaginn 28. nóvember kl. 15.00.

Börn Hlaðgerðar og fjölskyldur þeirra.

Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

SIGRÍÐUR EINARSDÓTTIR
Selvogsgrunni 14, Reykjavík,

lést á heimili sínu fimmtudaginn 20. nóvember. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 1. desember kl. 13.00.

Kristín Ragnarsdóttir

Arne Nordeide
Snorri Egilson

Þórunn Ragnarsdóttir
Málfríður Ragnarsdóttir
Einar Ragnarsson **Claudia Gluck**
Guðmundur Ragnarsson **Þóra Friðriksdóttir**
og fjölskyldur.

Ástkær sambýliskona mín og ættmóðir,

STEINUNN ÞORSTEINSDÓTTIR
(Nenna)
Háaleitisbraut 37,

sem lést miðvikudaginn 19. nóvember verður jarðsungin frá Garðakirkju fimmtudaginn 27. nóvember kl. 15. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð hjartadeildar Landspítalans

Geir Ragnar Gíslason
Arnlín Þuríður Óladóttir **Magnús Rafnsson**
Óli Jón Ólason **Guri Hilstad Ólason**
Elín Sigríður Óladóttir **Heimir Heimisson**
Guðrún M.Ó. Steinunnardóttir **Guðni Kristinsson**
Þorsteinn Gísli Ólason **Halla Björk Magnúsdóttir**
Ágúst Ólason
ömmubörn og langömmubörn.

LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM
VÖNDUÐ VINNA

Steinsmiðjan Mosaik
Stofnað 1952
Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is

ÞETTA GERÐIST: 26. NÓVEMBER 1902

Gífurlegt tjón í bruna á Húsavík

Mikill bruni varð á Húsavík aðfaranótt þessa dags árið 1902. Þar brunnu öll hús verslunar Örums & Wulffs, átta að tölu, en íbúðarhúsi verslunarstjórans tókst þó að bjarga.

Miklar verslunarbirgðir urðu þarna eldinum að bráð, þótt vasklega væri gengið fram við björgunarstörf. Alls var 560 tunnum af ýmiss konar matvöru bjargað en næstum annað eins brann. Tjón verslunarinnar og ýmissa annarra var áætlað 90 til120 þúsund krónur.

Örum & Wulff var danskt verslunarfyrirtæki sem hóf verslun á Íslandi árið 1798 í Útkaupstað á Eskifirði. Örum & Wulff var víða með verslanir á landinu, til dæmis á Bakkafirði, Seyðisfirði og Flatey á Skjálfanda.

Fréttaritara Suðra á Akureyri blöskraði að ekki skyldi hægt að bjarga húsunum í brunanum. Hann kenndi því um að húsin hefðu staðið allt of þétt saman, „að eigi er líft í sundunum milli þeirra“, sérstaklega með tilliti til þess að tækjakostur til slökkvistarfs væri svo lélegur. „Áhöld eru engin nema vatnsfötur og önnur smáhylki“, segir enn fremur í Suðra.

KOMIÐ TIL AÐ VERA Rannveig vonar að þetta verkefni sé komið til að vera. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Rödd hreyfihamlaðra nýtur sín á netinu

Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar fór af stað með jafningjafræðslu í formi fyrirlestra á netinu, en þeir eru öllum aðgengilegir. Tveir fyrirlestrar hafa þegar fengið góð viðbrögð.

Í haust fór Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar af stað með jafningjafræðslu fyrir hreyfihamlaða í formi fyrirlestra á netinu. „Við fórum af stað með þetta verkefni þar sem það hefur frá upphafi verið markmið Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar að standa fyrir öflugri fræðslustarfsemi og jafningjafræðslu, ásamt því að efla þekkingu á málefnum hreyfihamlaðs fólks og vinna að hugarfarsbreytingu í samfélaginu,“ segir Rannveig Bjarnadóttir, forstöðumaður Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar, en verkefni sem þetta hafði verið í undirbúningi í talsverðan tíma.

„Við vorum búin að velta fyrir okkur í hvaða formi væri best að hafa þetta til þess að geta náð til sem flestra og þá líka þeirra sem búa úti á landi líka og í framhaldinu kom þessi hugmynd að birta fyrirlestrana á netinu“ segir Rannveig, en nemendur Kvikmyndaskóla Íslands hafa lagt fram aðstoð sína við að taka upp fyrirlestrana. „Okkur fannst mikilvægt að gefa einstaklingum færi á að deila sinni persónulegri reynslu og gefa góð ráð um ýmis málefni sem snerta alla á einhvern hátt,“ segir Rannveig, en fyrirlesararnir eru ekki fagfólk, heldur hreyfihamlaðir einstaklingar sem segja sína sögu.

„Með því að hafa fyrirlestrana á netinu eru þeir aðgengilegir öllum óháð búsetu, en þetta er líka okkar leið til þess að ná til þeirra sem ættu annars erfitt með að koma á fyrirlestur hjá okkur,“ segir hún. Fyrirkomulag sem þetta er nýtt og veit Rannveig ekki til þess að slíkt hafi verið gert hér áður. „Við erum búin að gera tvo fyrirlestra sem hafa fengið gríðarlega góðar viðtökur, og búið er að taka upp tvo til viðbótar. Þetta er verkefni sem er komið til að vera og vonandi getum við haldið áfram að setja inn fyrirlestra,“ segir Rannveig.

Fyrirlestrarnir eru aðgengilegir öllum inni á síðu Þekkingarmiðstöðvar www.thekkingarmidstod.is.

adda@frettabladid.is

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

LAUFEY GUÐMUNDSDÓTTIR
frá Hofstöðum,

lést fimmtudaginn 20. nóvember á sjúkrahúsinu í Stykkishólmi. Jarðsungið verður frá Stykkishólmskirkju laugardaginn 29. nóvember kl. 14.00.

Börn, tengdabörn, barnabörn og langömmubörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

JENSÍNA NANNA EIRÍKSDÓTTIR
ljósmóðir,

lést á Landspítalanum við Hringbraut síðastliðinn laugardag. Útför fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 28. nóvember næstkomandi kl. 13.00.

Aðstandendur.

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

JÓN ÞORGEIRSSON
Hrafnhólum 2, Reykjavík,

andaðist á Hrafnistu, Boðaþingi laugardaginn 22. nóvember. Útförin fer fram frá Ríkissal Votta Jehóva, Hraunbæ 113, föstudaginn 28. nóvember kl. 15. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hrafnistu, Boðaþingi fyrir góða umönnun og hlýju.

Jón Jónsson **María Elsa Erlingsdóttir**
Vilborg Jónsdóttir **Ari Þórólfur Jóhannesson**
Þorsteinn Yngvi Jónsson **Virginia G. Isorena**
barnabörn og barnabarnabörn.

Maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

ÞORVALDUR HEIÐDAL JÓNSSON
fyrrum bóndi á Tréstöðum,
Víðilundi 16A, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð mánudaginn 24. nóvember. Útförin auglýst síðar.

Þórunn Jóhanna Pálmadóttir
Gerður G. Þorvaldsdóttir **Hermann A. Traustason**
Rósa K. Þorvaldsdóttir **Ólafur Jósefsson**
Jón Á. Þorvaldsson **Gyða H. Sigþórsdóttir**
Gestheiður B. Þorvaldsdóttir **Hermann H. Kristjánsson**
afabörn, langafabörn og systkini hins látna.

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 26. nóvember 2014 | 33. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | VÍSIR www.visir.is

VIÐ ELSKUM UMHVERFIÐ!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

GJÖRBREYTA QUIZUP EFTIR ÁRAMÓT

- Ný uppfærsla QuizUp verður kynnt í byrjun næsta árs og leikurinn verður þá hluti af samfélagsmiðlinum sem á að auka tekjur Plain Vanilla.
- Þróa einnig gjaldmiðil fyrir spurningaleikinn sem á að auka vörusölu.
- Forstjórinn Þorsteinn B. Friðriksson segir markmiðið að búa til samfélagsnet sem geti haft áhrif á líf fólks um allan heim.

SÍÐA 6-7

Fjárfestir klagar Seðlabankann

Einn stærsti hluthafi Marel, danski fjárfestirinn Lars Grundtvig, furðar sig á vinnubrögðum Seðlabankans þegar kemur að undanþágum frá gjaldeyrishöftum í opnu bréfi sem hann ritar seðlabankastjóra. Fyrst aðstæður hans hafi ekki nægt til að fá undanþágu séu undanþágureglur bankans sjónarspil eitt. Gjaldeyrishöftin segir hann skaða orðspor landsins sífellt meira á meðal fjárfesta, auk þess sem aðildarríki Evrópusambandsins hljóti að fara að furða sig á lengd þeirra.

→ SÍÐUR 2 OG 8

Spilar með Dimmu um helgar

Birgir Jónsson tók við starfi aðstoðarforstjóra Wow air í síðustu viku og sér nú um daglegan rekstur flugfélagsins. Hann hefur í nógu að snúast en Birgir er einnig trommari þungarokkshljómsveitarinnar Dimmu.

„Ég ætlaði svo sem aldrei að ráða mig í vinnu hér en svo sá ég þessa spennandi hluti sem eru í gangi og hitti þetta skemmtilega fólk og langaði þá að vera með," segir Birgir.

→ SÍÐA 8

Hagvaxtarspá bankans lækkar

Hagfræðideild Landsbankans spáir rúmlega fjögurra prósenta hagvexti á næsta ári en ekki 5,5 prósenta vexti eins og gert var ráð fyrir í spá deildarinnar í maí síðastliðnum. Verri horfur fyrir loðnuveiðar útskýra lækkunina að miklu leyti.

Þetta kemur fram í nýrri þjóðhagsspá deildarinnar sem kynnt verður í dag.

→ SÍÐA 4

STJÓRNARMAÐURINN
@stjornarmadur

Óhætt er að segja að gustað hafi um DV en að vatnaskil hafi orðið við brotthvarf Reynis Traustasonar. Engu er líkara en við það hafi skapast vinnufriður til þess að taka nauðsynlegar ákvarðanir um framtíð félagsins.

→ SÍÐA 12

INKASSO INNHEIMTA

Það geta allir lent í því að ná ekki að greiða á réttum tíma. Það er alls enginn heimsendir þótt það gerist. Þá þarf einfaldlega að semja um greiðslur og leysa málin.

Inkasso leggur áherslu á eðlileg og jákvæð samskipti við greiðendur og farsæla lausn á hverju máli. Þannig náum við öll betri árangri.

www.inkasso.is

Verðtrygging á brauðfótum – nýtt tækifæri?

Skjóðan

EFTA-DÓMSTÓLLINN hristi í byrjun vikunnar rækilega við landanum með ráðgefandi áliti sínu um að framkvæmd verðtryggingar á Íslandi sé ólögleg þar sem gert sé ráð fyrir núll prósent verðbólgu í greiðsluáætlunum við lántöku. Fyrir vikið gefur greiðsluáætlun ekki raunhæfa mynd af áætluðum kostnaði lántakenda af lántökunni. Slíkt brýtur gegn neytendaverndarreglum ESB, sem Alþingi hefur að mestu lögfest hér á landi.

UMFANG VERÐTRYGGÐRA LÁNA í íslenska hagkerfinu slagar hátt í 2.000 milljarða ef saman eru tekin lán til heimila og fyrirtækja. Megnið af þessu eru lán til heimilanna og af þeim er Íbúðalánasjóður (ÍLS) með röskan helming. Lífeyrissjóðirnir eiga svo megnið af kröfunum á ÍLS.

METI íslenskir dómstólar verðtryggninguna sem óréttmætan skilmála í lánasamningum vegna þessa er ljóst að verðtryggð lán verða færð niður um nokkur hundruð milljarða. Ljóst er að bankarnir, alla vega endurreistu bankarnir þrír, standa slíka niðurfærslu vel af sér enda fengu þeir verðtryggð lán flutt yfir á miklum afslætti úr gömlu bönkunum eftir hrun. Á pappír er eiginfjárstaða þeirra mjög sterk og þeir mega við högginu.

MARGIR HAFA ÁHYGGJUR af ÍLS og lífeyrissjóðunum. ÍLS er gjaldþrota fyrirtæki með ríkisábyrgð en hve langt nær ríkisábyrgðin? Nokkuð ljóst er að ríkið hefur í hendi sér að greiða kröfuhöfum sjóðsins skuldbindingar hans á mjög löngum tíma og án vaxta og verðtryggingar. Lífeyrissjóðirnir munu á endanum neyðast til að taka á sig rýrnun eigna ÍLS vegna ólöglegrar framkvæmdar á verðtryggingunni og er þá ekki hagur sjóðsfélaga í mikilli hættu?

ÞEGAR þessari spurningu er svarað er vert að íhuga hver er staða lífeyrissjóðakerfisins hér á landi. Þeir sjóðsfélagar sem farnir eru að taka lífeyri í almenna kerfinu verða fyrir miklum skerðingum vegna samtvinnunar við greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og raunar er búið að skerða verulega réttindi á hinum almenna markaði.

EF TIL VILL gefur niðurfærsla verðtryggðra lána kost á uppstokkun á lífeyrissjóðakerfinu hér á landi. Niðurfærsla upp á tugi prósenta stórbætir greiðslustöðu og eignamyndun þeirra sem nú eru að borga af verðtryggðum lánum. Samhliða er ekki aðeins mögulegt heldur nauðsynlegt að samræma almenna lífeyriskerfið og kerfið sem opinberir starfsmenn njóta. Mælir eitthvað gegn því að líta á eignamyndun í eigin húsnæði sem hluta af lífeyrissparnaði fólks?

KANNSKI hefur EFTA-dómstóllinn gefið okkur tækifæri til að stokka upp íslenskan fjármálamarkað og skapa umhverfi sem hæfir betur vestrænu lýðræðisríki en þriðja heiminum.

SKJÓÐAN er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

Gengi félaga í Kauphöll Íslands

7 Á UPPLEIÐ Félög sem hækkuðu í verði

4 Á NIÐURLEIÐ Félög sem lækkuðu í verði

2 STÓÐU Í STAÐ Félög sem stóðu í stað

MESTA HÆKKUN

ÖSSUR 59,4% frá áramótum

NÝHERJI 57,5% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN

TM -19,0% frá áramótum

VÁTRFÉL. ÍSLANDS -18,2% í síðustu viku

Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Bank Nordic (DKK)	106,0	-18,5%	0,0%
Eimskipafélag Íslands	226,00	-13,7%	-1,1%
Fjarskipti (Vodafone)	37,35	37,1%	5,5%
Hagar	42,80	11,5%	1,1%
HB Grandi*	31,05	12,1%	3,8%
Icelandair Group	18,95	4,1%	-0,3%
Marel	131,00	-1,5%	1,9%
N1	20,30	7,4%	3,8%
Nýherji	5,75	57,5%	0,0%
Reginn	14,31	-8,0%	0,4%
Sjóvá*	11,95	-11,5%	-4,2%
Tryggingamiðstöðin	25,95	-19,0%	0,2%
Vátryggingafélag Íslands	8,83	-18,2%	-1,3%
Össur	365,00	59,4%	0,3%
Úrvalsvísitalan OMXI8	1.245,98	-1,1%	0,8%
First North Iceland			
Century Aluminum	3.500,00	204,3%	0,0%
Hampiðjan	21,00	58,5%	0,0%
Sláturfélag Suðurlands	1,85	51,6%	0,0%

*upphafsverð m.v. útboð í apríl

Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

MIÐVIKUDAGUR 26. NÓVEMBER
Hagstofan - Vísitala neysluverðs í nóvember 2014

FIMMTUDAGUR 27. NÓVEMBER
Hagstofan - Nýskráningar og gjaldþrot í október 2014

FÖSTUDAGUR 28. NÓVEMBER
Hagstofan - Fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni
Hagstofan - Vísitala framleiðsluverðs í október 2014
Hagstofan - Vöruskipti við útlönd

MÁNUDAGUR 1. DESEMBER
Hagstofan - Þjónustuviðskipti við útlönd

ÞRIÐJUDAGUR 2. DESEMBER
Seðlabanki Íslands - Erlend staða þjóðarbúsins og erlendar skuldir

MIÐVIKUDAGUR 3. DESEMBER
Þjóðskrá - Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á visir

Staða sem minnir um margt á þjófnað

Seðlabankinn hefur hafnað beiðni danska fjárfestisins Lars Grundtvig um undanþágu frá fjármagnshöftum. Hann telur bankann í blekkingarleik og aðgang Íslands að innri markaði Evrópu í hættu.

GJALDEYRISHÖFT
Óli Kristján Ármannsson | olikr@frettabladid.is

Danski fjárfestirinn Lars Grundtvig segir höfnun Seðlabanka Íslands á umsókn hans um undanþágu frá gjaldeyrishöftum sýna að undanþágurnar séu sjónarspil. Vísar hann til þess að hann sæki um í aðkallandi aðstæðum sem orðið hafi til vegna breytinga á dönskum lögum um erfðarétt. „Ég er nú 73 ára og sú stund nálgast óðum að fyrirtæki mitt gengur að erfðum," skrifar Grundtvig í opnu bréfi til Más Guðmundssonar seðlabankastjóra í Markaðnum í dag. Verði ekki leyst úr málinu í tæka tíð ógni það fjölda starfa í Danmörku.

Fjárfestingarfélag Grundtvigs og fjölskyldu hans eignaðist 18 prósenta hlut í Marel, þegar fyrirtækið tók yfir Scanvægt, danskan keppinaut á sviði matvælavinnsluvéla, í ágúst 2006.

Þá segist Grundtvig telja viðvarandi gjaldeyrishöft geta valdið óafturkræfum skaða á framtíðarefnahagshorfum Íslands. „Þótt færa megi fyrir því rök að íslenskt efnahagslíf sé enn að ná sér, þá á hið sama við um mörg önnur Evrópulönd. Þau lönd, Kýpur þar á meðal, geta hins vegar ekki reitt sig á gjaldeyrishöft og torvelt að sjá af hverju Ísland ætti að geta það," segir hann og kveðst fylgjast með því í forundran hvernig íslenskir stjórnmálamenn hafi í raun tekið forræði yfir eigum hans í landinu og það þótt hann hafi tekið hér virkan þátt í að leggja efnahagslífinu lið með fjárfestingu og stjórnarsetu í Marel. „Staðan er um margt tekin að minna á þjófnað."

Grundtvig bendir á að tekið hafi Seðlabankann þrettán mánuði að hafna umsókn hans þótt vinnureglur bankans kveði á um að erindum sé svarað innan fjögurra vikna. Þetta og málsmeðferðin öll endurspegli slæma meðferð sem hann og aðrir fjárfestar megi þola. „Meðferð sem er orðin almennt kunn meðal hugsanlegra fjárfesta í öðrum löndum. Með slíkri framkomu við fjárfesta gerir þú þá fráhverfa Íslandi og grefur undan mörgum framtíðarmöguleikum Íslands á umtalsverðri erlendri fjárfestingu." Um leið telur Grundtvig að fjari undan skilningi Evrópuþjóða á viðvarandi gjaldeyrishöftum hér. „Íslensk stjórnvöld leika rússneska rúllettu með aðgang Íslands að fjármagnsmörkuðum Evrópu og að því líður að aðildarríki Evrópusambandsins og stjórnmálamenn þeirra taka að spyrja hvers vegna Íslandi sé enn heimill aðgangur að innri markaði Evrópu á meðan landið hunsar eina af helgustu greinum Samningsins um evrópska efnahagssvæðið (bann við fjármagnshöftum)."

Sjá síðu 8

Á FERÐINNI MEÐ MAREL Lars Grundtvig, einn af stærstu hluthöfum Marel eftir samruna við Scanvægt 2006, ræðir við Frans-Josef Rothkötter, einn eigenda kjúklingasláturhússins í Emsland í Þýskalandi, í skoðunarferð Marel þangað sumarið 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

Landsbankinn selur tæplega þriðjungshlut sinn í Borgun hf.:

Hlutur bankans fór fyrir 2.184 milljónir

Gengið var frá sölu á 31,2 prósenta eignarhlut Landsbankans í Borgun hf. fyrir 2.184 milljónir króna í gær.

STEINÞÓR PÁLSSON

„Að kaupunum stendur breiður hópur fjárfesta ásamt félagi á vegum stjórnenda Borgunar," segir í tilkynningu bankans um viðskiptin. Borgun starfar við þróun og hagnýtingu lausna á sviði rafrænnar greiðslumiðlunar.

„Kaupsamningurinn er gerður með fyrirvara um samþykki eftirlitsaðila, í samræmi við lög."

Haft er eftir Steinþóri Pálssyni, bankastjóra Landsbankans, að undanfarin ár hafi Landsbankinn verið áhrifalaus minnihlutaeigandi í Borgun og að Íslandsbanki hafi átt meirihluta hlutafjár. „Í samræmi við sátt sem gerð var við Samkeppniseftirlitið árið 2008 eru miklar takmarkanir á aðkomu Landsbankans sem hluthafa að starfsemi Borgunar. Enn fremur hefur það verið markmið samkeppnisyfirvalda að aðeins einn banki sé hluthafi í hverju greiðslukortafyrirtæki á hverjum tíma," er eftir honum haft. Staðan hafi verið óviðunandi fyrir Landsbankann.

- óká

AIPHONE

Dyrasímasett

Aiphone JOS-1V
- Þunnur 7" litaskjár
- Útistöð með myndavél, spennubreyti

Verð: 68.900 kr.

Yale DOORMAN

Takkalás fyrir útihurðir

Yale Doorman
- Passar í hurðir með ASSA læsingum
- Hægt að nota takkaborð eða nándarlykla
- Til í silfur, hvítu og svörtu

Verð: 61.181 kr.

EYSTON

Optískur reykskynjari

- SD-361HS,
- 9V rafhlaða
- Prófunarhnappur
- 85db EN14604, 973 k

Verð: 973 kr.

Slökkvitæki 580 ml

Prymos
- A+B eldar
- Leiðbeiningar á íslensku
- Svipað slökkvimagn og í stærri tækjum
- Góður kostur fyrir þá sem eiga erfitt með að halda á stærri tækjum

Verð: 1.990 kr.

Ýmsar gerðir slökkvitækja á lager, gott verð.

Af öryggisástæðum

Ef til vill viltu vita hver hringir dyrabjöllunni þinni áður en þú opnar, geta litið eftir því hvort allt sé með kyrrum kjörum þar sem við á og fá skilaboð ef brotist er inn. Dyrasímar með skjá, eftirlitsmyndavélar, þjófavarnarkerfi og takkalásar hjálpa þér við öryggiseftirlitið. Létt og handhægt slökkvitæki getur gert gæfumuninn ef eldur blossar upp.

BLAUPUNKT

Þráðlaust þjófavarnarkerfi

Blaupunkt SA2700
- Fullkominn GSM hringibúnaður
- Hægt að stjórna með Connect2Home-appi
- Boð send með sms eða tali
- Viðbótarskynjarar fáanlegir og fjöldi aukahluta

Verð: 46.278 kr.

Wi-Fi netmyndavél fyrir app

KGUARD QRT-301
- Hámarks upplausn 1280x702 pixel / 30fps
- Litur á daginn – svarthvít á nóttunni
- HD Mega Pixel myndavél með CMOS / 70° /0,5 Lux, Lárétt 320°, lóðrétt 120°
- Allt að 15 m drægni í myrkri / innrautt LED ljós
- LAN Ethernet 10/100 mbps / Auto MDI / MDIX, RJ-45
- Microsoft Windows 7, Vista, XP og 2000 ofl.
- Tekur SD minniskort, H.264, QR, WPS
- Plug & Play, hljóð í báðar áttir
- 365 grömm

Verð: 19.390 kr.

KGUARD SECURITY

OLYMPIA

Þráðlaust þjófavarnarkerfi

OLYMPIA 6030
- Mjög einfalt í uppsetningu/notkun
- Tengist síma (landlína),
- Hringir í allt að 10 símanúmer,
- Allt að 32 stk. skynjarar
- 2 stk. hurða/gluggaskynjarar og fjarstýring fylgir
- Fáanlegir aukahlutir: viðbótarfjarstýringar, glugga/hurða-skynjarar, svæðisskynjarar PIR, reyk- og vatnsskynjarar

Verð: 19.296 kr.

Þráðlaust þjófavarnarkerfi

OLYMPIA 9030
- Mjög einfalt í uppsetningu/notkun
- Fyrir farsímakort (GSM)
- Hringir í allt að 10 símanúmer
- Allt að 32 stk. skynjarar
- 2 stk. hurða/gluggaskynjarar og fjarstýring fylgir
- Fáanlegir aukahlutir: viðbótarfjarstýringar, glugga/hurða-skynjarar, svæðisskynjarar PIR, reyk- og vatnsskynjarar

Verð: 26.355 kr.

PIPAR\TBWA

VÉLAR & VERKFÆRI

Skútuvogi 1c 104 Reykjavík Sími 550 8500 Fax 550 8510 www.vv.is

Efnahagsbati býr til rúm fyrir vaxtalækkanir, að mati SA. Háir vextir eiga rætur í óstöðugum gjaldmiðli, sagði aðstoðarseðlabankastjóri nýverið:

Vaxtakostnaðurinn skerðir hér lífskjörin

Íslensk heimili og fyrirtæki greiða á ári 200 milljarða aukalega vegna „gífurlegs vaxtakostnaðar sem skerðir lífskjör og þrengir að atvinnulífinu“ benda Samtök atvinnulífsins á í nýrri samantekt.

Samtökin vekja þó í umfjöllun sinni athygli á því að hlutir hafi færst til betri vegar í efnahagslífinu og því ætti að vera rúm fyrir frekari vaxtalækkanir hér á landi verði haldið áfram á sömu braut. Bent er á að stýrivextir hér á landi séu nærri fjörutíu sinnum hærri en í Evrópu.

Á fundi Viðskiptaráðs Íslands um peningamál fyrr í þessum mánuði fjallaði Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri sérstaklega um hvað til þyrfti að koma ætti að draga hér úr vaxtamun við útlönd. Til að gera það þyrfti að ná niður verðbólgu og halda jafnvægi í efnahagslífinu yfir mjög langan tíma. Þar væri okkur hins vegar ákveðinn vandi á höndum. Gjaldmiðillinn væri mjög lítill og gengisbreytingar kæmu mjög hratt fram í verðlagi. Laun sem hækkuðu hratt með verðlagi aðlöguðust ekki endilega jafn hratt niður á við þegar gengið styrktist. Því væri ákveðin verðbólgubjögun innbyggð í lítinn gjaldmiðil og ekki önnur leið til að draga úr henni en reka efnahagsmál landsins jafn vel og jafnvel betur en önnur lönd, eigi vaxtastig hér að verða eitthvað svipað og þar.

ARNÓR SIGHVATSSON

Þá sagði Arnór á fundinum að saga krónunnar hjálpaði ekki til í þessum efnum.

„Gildi krónunnar hefur rýrnað um nálægt 99,9 prósent gagnvart þeim gjaldmiðli sem við vorum upphaflega tengd við þegar krónan var sett á flot á sínum tíma. Gjaldmiðill með slíka sögu þarf að búa við hærri vexti til þess að fjárfestar vilji eiga skuldbindingar í honum,“ benti hann á.

Samtök atvinnulífsins benda í umfjöllun sinni á að viðbótarútgjöld landsmanna vegna hærri vaxta hér en annars staðar jafngildi öllum útgjöldum ríkisins til heilbrigðis og menntamála. Bent er á að lækki vextir verði meira eftir af launum fólks, atvinnulíf eflist og lífskjör batni.

- óká

BIRTIR TIL? Samtök atvinnulífsins vekja á því athygli í umfjöllun og auglýsingum þessa dagana að síðustu tólf mánuði hafi náðst jákvæður árangur á vinnumarkaði og í efnahagslífi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Í SAL NORR11 Opna á sýningarsal og verslun við Hverfisgötu. MYND/NORR11

Opnarsal á tveimur hæðum:

NORR11 til landsins

Í næsta mánuði stendur til að skandinavíska húsgagna- og hönnunarfyrirtækið NORR11 opni sýningarsal og verslun við Hverfisgötu 18a í Reykjavík.

Fram kemur í tilkynningu NORR11 að fyrirtækið reki sýningarsali í Kaupmannahöfn, Berlín, London, Árósum, Lyngby og Tallinn. Reykjavík verði því sjöunda borgin þar sem opnaður verður sýningarsalur.

Framkvæmdir standa yfir í sýningarhúsnæðinu, sem er í portinu beint á móti Þjóðleikhúsinu. Sýningarsalurinn verður á tveimur hæðum í um 260 fermetrum.

Auk salarins stendur til að starfrækja íslenska vefverslun NORR11 og senda út um land allt.

- óká

Verri horfur um loðnuveiðar lækka hagvaxtarspá bankans

Ný þjóðhagsspá Landsbankans gerir ráð fyrir rúmlega fjögurra prósenta hagvexti á næsta ári. Kaupmáttur launa aukist um 8,7% á næstu þremur árum. Spáir hækkun stýrivaxta.

EFNAHAGSMÁL
Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

Hagfræðideild Landsbankans spáir rúmlega fjögurra prósenta hagvexti á næsta ári en ekki 5,5 prósenta vexti eins og gert var ráð fyrir í spá deildarinnar í maí síðastliðnum. Horfurnar fyrir næsta ár séu því heldur lakari sem skýrist að miklu leyti af mun verri horfum fyrir loðnuveiðar en deildin reiknaði áður með.

Þetta kemur fram í nýrri þjóðhagsspá bankans fyrir næstu þrjú árin sem kynnt verður í dag.

„Samkvæmt spánni verður meðalhagvöxtur á spátímabilinu tæp 3,5 prósent samanborið við 3,9 prósent í maíspánni. Að sama skapi eru verðbólguhorfurnar ágætar, að minnsta kosti framan af, þó hagvöxturinn verði nokkuð kröftugur allan tímann,“ segir í þjóðhagsspánni.

Þar er því gert ráð fyrir að hagvöxtur verði heldur meiri á tímabilinu en þau 2,9 prósent sem Seðlabankinn og Hagstofan gera ráð fyrir. Spárnar eru þó í meginatriðum svipaðar en Landsbankinn er bjartsýnni á þróun útflutnings á komandi árum.

„Á næsta ári er útlit fyrir að enn bæti í og vöxtur einkaneyslu verði fjögur prósent. Þessi aukning verður meðal annars knúin af hækkun ráðstöfunartekna og auknu veðrými vegna aðgerða ríkisstjórnar til skuldalækkunar hjá lántakendum verðtryggðra húsnæðislána, auknum kaupmætti launa, minnkandi atvinnuleysi og breytingum á skattkerfinu.“

Starfsmenn hagfræðideildarinnar búast einnig við því að kaupmáttur launa aukist í heild um 8,7 prósent og að fasteignaverð haldi áfram að hækka. Verðið hefur hækkað um rúm sex prósent að nafnvirði frá upphafi ársins en í spá bankans er gert ráð fyrir að hækkunin nemi 8,5 prósentum við næstu áramót. Verðið eigi svo eftir að hækka um 9,5 prósent á árinu 2015, 6,5 prósent á árinu 2016 og 6,2 prósent á árinu 2017.

BANKINN Hagfræðideild Landsbankans gerir ráð fyrir að stýrivextir Seðlabankans verði óbreyttir fram á mitt næsta ár. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Í spánni er einnig gert ráð fyrir að stýrivextir Seðlabankans verði óbreyttir fram á mitt næsta ár og að ólíklegt sé að aðstæður skapist fyrir frekari lækkun vaxtanna.

„Þess vegna spáum við því að stýrivextir hækki um 0,75 prósentustig á spátímabilinu og verði 6,5 prósent í lok árs 2016.“

SFF DAGURINN 27. NÓVEMBER 2014

Hvað getur fjármálageirinn gert til þess að efla samkeppnishæfni íslenska hagkerfisins?

14:00-16:15 Í STÓRA SAL ARION BANKA, BORGARTÚNI 19

Setning
Steinþór Pálsson, formaður SFF

Efnahagssvið SA: Hver borgar? Samkeppnisumhverfi fjármálafyrirtækja

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA

Oliver Wyman: Financial Market Competitiveness

Carl Raining, partner at Oliver Wyman

Deutsche Bank: The Competitiveness of the Icelandic Financial Sector

Jan Olsson, CEO Nordic Region

Stephen Westgate, Managing Director, Head of Nordic Financial Institutions Group

Tommy Paxeus, Director, Head of Nordic Capital Markets & Treasury Solutions

Pallborðsumræður um samkeppnishæfni fjármálageirans

Þátttakendur
Heiðrún Jónsdóttir, stjórnarmaður í atvinnulífinu

Hermann Björnsson, forstjóri Sjóvá

Hrund Rudolfsdóttir, forstjóri Veritas

Sigurður Atli Jónsson, forstjóri MP Banka

Tómas Brynjólfsson, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA stjórnar pallborðsumræðum

Fundarstjóri
Margrét Sanders, formaður stjórnar Samtaka verslunar og þjónustu

Vinsamlega skráið ykkur með því að senda póst á sff@sff.is

SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association


GÁMASTÆÐA Fríverslun við arabaríki við Persaflóa seinkar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Viðskiptasambanda aflað á brostnum forsendum segir FA:

Seinkunin bagaleg

Dráttur sem verður á innleiðingu fríverslunarsamnings EFTA við Persaflóaríkin er bagalegur fyrir fyrirtæki sem höfðu gert ráð fyrir að hann tæki gildi um mitt þetta ár. Að því er fram kemur í áliti Félags atvinnurekenda (FA) höfðu þau lagt í öflun viðskiptasambanda vegna fríverslunarinnar.

Í tilkynningu sem utanríkisráðuneytið birti, eftir ábendingu FA, segir að samningurinn sé á milli EFTA og Samstarfsráðs arabaríkjanna við Persaflóa (GCC), en því tilheyra Sádi-Arabía, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Barein, Óman, Katar og Kúveit. Samningurinn kveði á um lækkun eða niðurfellingu tolla á iðnaðarvörur, sjávarafurðir og unnar landbúnaðarvörur. „Að auki gerðu Ísland og aðildarríki GCC með sér tvíhliða samkomulag um viðskipti með óunnar landbúnaðarvörur,“ segir ráðuneytið.

Samningurinn gekk í gildi 1. júlí síðastliðinn, en fram kemur að aðildarríki GCC hafi nýlega upplýst EFTA-ríkin um að dráttur hafi orðið og muni áfram verða á framkvæmd hans. Fram kemur að samningur komist jafnvel ekki til framkvæmda fyrr en um mitt næsta ár.

FA kveðst vita um fyrirtæki sem lent hafi í vandræðum af þessum sökum, bæði vegna útflutnings til Persaflóaríkjanna og innflutnings til Íslands. „Fyrirtæki hafa lagt í vinnu og fyrirhöfn til að afla sér viðskiptasambanda á grundvelli samningsins og það er afar bagalegt þegar í ljós kemur að hann virkar ekki,“ segir í umfjöllun FA, sem hvatt hefur utanríkisráðuneytið til að beita sér í málinu og reyna að stuðla að því að fríverslunarsamningurinn verði virkur sem fyrst.

- óká

Fáðu Lemon til pín

Morgunbakkar, djúsbakkar og samlokubakkar
og auðvitað hið sívinsæla ***Pop-up.***

pantanir á
brostu@lemon.is

Breytingarnar eiga að auka tekjur

Ný uppfærsla Plain Vanilla á spurningaleiknum QuizUp verður kynnt í byrjun næsta árs. Leikurinn verður þá hluti af nýjum samfélagsmiðli sem er ætlað að keppa við Facebook og Twitter. Fyrirtækið vinnur einnig að þróun nýs gjaldmiðils fyrir QuizUp sem á að auka vörusölu Plain Vanilla. Tekjurnar standa ekki enn undir kostnaði.

FORSTJÓRINN Þorsteinn B. Friðriksson segir fyrirtækið nú horfa til tveggja tekjuöflunarleiða.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

VIÐTAL
Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is

Þorsteinn B. Friðriksson, stofnandi og forstjóri Plain Vanilla, ætlar að kynna nýja uppfærslu spurningaleiksins QuizUp í byrjun næsta árs. Leikurinn mun þá á vissan hátt breytast í samfélagsmiðil, sem á að keppa við Facebook og Twitter, sem hægt verður að nota í flestöllum snjalltækjum og vefvöfrum.

„Við horfum því ekki lengur á QuizUp sem snjallsímaleik heldur samfélagsnet sem geti haft áhrif á líf fólks um allan heim og skapað fyrirtækinu meiri verðmæti," segir Þorsteinn.

Fyrirtæki hans vinnur nú einnig að þróun nýs gjaldmiðils fyrir QuizUp. Gjaldmiðillinn á að auðvelda Plain Vanilla að afla tekna með vörusölu. Tekjur fyrirtækisins eru ekki enn farnar að standa undir kostnaði þrátt fyrir að um 30 milljónir snjalltækjaeigenda hafi náð í QuizUp frá því spurningaleikurinn kom út fyrir ári.

Áhugamálin brjóta ísinn

Uppfærslan hefur verið í þróun síðan í sumar og að sögn Þorsteins unnin í góðu samstarfi við Apple og Google. Hann segir hugmyndina hafa komið upp þegar starfsmenn Plain Vanilla fóru að fá tölvupóst frá notendum QuizUp með reynslusögum af því hvernig leikurinn hefði leitt saman notendur með sameiginleg áhugamál.

„Það er svo tryllt að vara sem við bjuggum til geti haft þessi áhrif á líf fólks og jafnvel leitt til þess að notendur frá ólíkum heimshornum finni ástina í gegnum leikinn okkar. Ástæðan fyrir því að þetta er að gerast er sú að QuizUp, ólíkt flestum öðrum leikjum, býður upp á um þúsund mismunandi spurningaflokka og vettvang sem tengir fólk saman. Við erum því að bjóða upp á þessa tengingu en á Facebook á fólk til dæmis aðallega í samskiptum við notendur sem það þekkir þegar úr raunveruleikanum. Það er mikið af einmana fólki í heiminum og að tengja fólk saman í gegnum sameiginleg áhugamál er nokkuð sem engum samfélagsmiðli hefur tekist að gera svo vel sé."

Þorsteinn segir það hafa komið sér á óvart hversu flókin tæknin að baki nýju uppfærslunni er. Hann hafi séð ýmislegt þegar fyrirtækið vann að gerð QuizUp en að þróun samfélagshlutans slái öll fyrri met.

„Það er bara gaman og ég held að það verði erfitt fyrir aðra að leika það eftir að tengja saman spurningaleik eins og þennan við samfélagsmiðil," segir Þorsteinn.

> **Við höfum alltaf horft á þetta til lengri tíma og lagt upp úr því að byggja upp samfélag sem getur vaxið í stað þess að koma inn með auglýsingar sem byggja á óhóflegum tilraunum til að ná peningum af fólki og geta pirrað notendur.**

„En við erum ekki að byrja frá grunni heldur eru um 30 milljónir notenda af QuizUp. Ég er því með fiðrildi í maganum yfir því að kynna vöruna fyrir heimsbyggðinni."

Spurður hversu margir af þessum 30 milljónum notenda séu virkir notendur í dag segir Þorsteinn fyrirtækið ekki gefa upp slíkar upplýsingar.

„En við erum alltaf að vaxa og það bætast við 30 þúsund nýir notendur á dag."

Vörusala og auglýsingatekjur

Þorsteinn segir fyrirtækið horfa til tveggja tekjuöflunarleiða. Annars vegar sé í þróun áðurnefndur gjaldmiðill, sem hefur ekki enn fengið nafn, sem á að gera Plain Vanilla kleift að selja vörur innan QuizUp.

„Svo eigum við talsverða möguleika í samstarfi við fyrirtæki sem tengjast viðfangsefnum leiksins," segir Þorsteinn. Hann bætir við að Plain Vanilla hafi áður kynnt samstarf sitt við fyrirtæki á borð við Google og Coca Cola sem hafi ákveðið að styrkja vissa spurningaflokka Quizup um ákveðinn tíma. Þannig hafi auglýsendum verið gefin tækifæri til að koma skilaboðum sínum áleiðis.

„Án þess að það séu einhverjar óþolandi vefborðaauglýsingar að poppa upp í leiknum. Við teljum að nýja uppfærslan verði betur til þess fallin að vinna með svona samninga og þetta er tekjuöflun sem við erum mjög spennt fyrir," segir Þorsteinn.

Aðspurður hvaða fyrirtæki Plain Vanilla eigi nú í viðræðum við segir Þorsteinn að hann geti ekki tjáð sig um það en bætir við að fjölmargir samningar séu í skoðun. Hann nefnir þó sem dæmi að samstarfi Plain Vanilla og íþróttamiðilsins ESPN á Indlandi hafi verið hleypt af stokkunum síðastliðinn mánudag.

„Við höfum alltaf horft á þetta til lengri tíma og lagt upp úr því að byggja upp samfélag sem getur vaxið í stað þess að koma inn með auglýsingar sem byggja á óhóflegum tilraunum til að ná peningum af fólki og geta pirrað notendur. Við erum að græða á því núna þegar við ætlum að opna þennan samskiptamiðil," segir Þorsteinn og heldur áfram:

„En það er svolítið fyndið að þessi spurning með tekjurnar hefur verið háværust á Íslandi. Við erum hins vegar að byggja fyrirtækið upp að bandarískri fyrirmynd og ef þú horfir á Facebook eða Instagram þá eru þetta fyrirtæki sem voru rekin án tekna fyrstu árin en fjármögnuð af áhættufjármagnssjóðum eins og Plain Vanilla. Við erum fjármögnuð að mestu af bandarískum og kínverskum fjárfestingasjóðum sem hafa gefið okkur það svigrúm sem við þurfum til að geta þróað þessa vöru áfram án þess að þurfa að skila hagnaði frá mánuði til mánaðar."

Rekstrarféð dugir en vantar Lay's

Starfsmönnum Plain Vanilla hefur fjölgað úr tólf í áttatíu á einu ári. Fyrirtækið hefur verið áberandi í fjölmiðlum og fréttir af þeim fríðindum sem fylgja starfi hjá Plain Vanilla hafa vakið athygli sem og líflegt félagslíf starfsmanna. Þessi mynd af fyrirtækinu styrktist enn frekar hjá undirrituðum þegar hann sat í nokkrar mínútur á biðstofu Plain Vanilla og beið eftir Þorsteini. Gekk þá ónefndur starfsmaður fyrirtækisins að móttökuborðinu og spurði hver sæi um að panta Lay's-snakkið. Það væri nefnilega búið sem væri leiðinlegt því það væri í uppáhaldi hjá mörgum starfsmönnum.

„Okkur hefur gengið vel að ná í rjómann af tæknimenntuðu fólki hér á Íslandi. Þar að auki höfum við fengið frábært fólk erlendis frá. Það fólk er nú hér í skammdeginu og það kom kannski sumum þeirra á óvart hvernig það fór allt saman," segir Þorsteinn og hlær.

Hlutafé Plain Vanilla var aukið um 22 milljónir dollara á síðasta ári og sú hlutafjáraukning tryggði fyrirtækinu nauðsynlegt rekstrarfé. Stærstu eigendur fyrirtækisins eru fjárfestingasjóðirnir Tencent Holdings og Sequoia Capital. „Við höfum samtals safnað rétt undir 30 milljónum dollara en okkar stærstu fjárfestar eru enn Sequioa og Tencent. Þeir hafa verið mjög sterkir aðilar og hafa hjálpað okkur mikið á þessari vegferð. Við sjáum ekki fram á að þurfa að fara í neina hlutafjáraukningu á næstunni. En þessi heimur hreyfist mjög hratt og þegar við komum út með okkar vöru í byrjun næsta árs þá mun árangur hennar hafa mikil áhrif á það hvernig við horfum á okkar áframhaldandi vöxt og fjárþörf. Við gætum þurft að halda áfram að vaxa hratt og þá gæti vel verið að við þyrftum að skoða þessi mál."

Nokkur yfirtökutilboð

Um mánuði eftir að QuizUp var kynntur til sögunnar gerði bandaríska tölvuleikjafyrirtækið Zynga tvö yfirtökutilboð í Plain Vanilla.

Á þeim tíma greindi vefritið Kjarninn frá tilboðunum og fullyrt var að hlut- ▶

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

ÍSLAND Í UPPÁHALDI

Ísland lenti í efsta sæti í árlegri könnun bresku blaðanna Guardian og Observer á uppáhalds Evrópulandi lesenda þeirra. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Ísland er efst á blaði í þessari könnun, landið hlaut titilinn árin 2003, 2005 og 2012.

Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is

SAFT

„Ég er allt annar maður eftir að ég fór að taka inn **Pharmepa Omega 3 EPA** frá Igennus og er miklu fljótari að jafna mig eftir æfingar og lengri sund.

Auk þess finn ég fyrir mun meiri orku og einbeitingin er betri.“

Árni Þór Árnason, 44 ára afreksmaður og sjósundkappi

Pharmepa

Igennus Pharmepa endurstillir hlutfallið af Omega 3 EPA og Omega 6 og dregur úr bólgumyndun í líkamanum sem er undirliggjandi þáttur varðandi þróun á mörgum lífsstílssjúkdómum.

Fæst í Heilsuhúsinu, Lyfjaveri, Heilsuveri, Lyfsalanum, Árbæjarapóteki, Urðarapóteki, Heilsutorginu Blómavali, Lyfjavali ogApóteki Suðurnesja

JÓLAHLAÐBORÐ Á AÐEINS 1.990 KR.!

MÍNIR MENN KYNNA *Veislupjónusta Magnúsar Inga Magnússonar, Mínir menn, býður upp girnilegt heitt og kalt jólahlaðborð heima, í veislusal eða á vinnustaðnum.*

Jólahlaðborð hlaðið kræsingum á aðeins 1.990 kr. ætti að hljóma vel í eyrum flestra. Mínir menn, veislupjónusta Magnúsar Inga Magnússonar, veitingamanns á Sjávarbarnum, hefur sett saman einfalt en einstaklega girnilegt hlaðborð á þessu verði fyrir hópa og fyrirtæki sem er upplagt í jólagleðina á vinnustaðnum, í veislusal eða heima. Þar er byggt á langri reynslu Magnúsar Inga sem séð hefur um veislur af öllum stærðum og gerðum af ólíkum tilefnum í gegnum árin.

„Þetta er klassískt heitt og kalt jólahlaðborð,“ segir Magnús Ingi. „Við vitum hvað fólk er sólgnast í og veljum réttina eftir því. Þetta hlaðborð var mjög vinsælt þegar við byrjuðum með það í fyrra og það er mikið búið að panta fyrir þessi jól, enda er verðið sanngjarnt.“

Á jólahlaðborðinu er karrísíld og rauðrófusíld, djúpsteiktar rækjur, kjúklingur, purusteik og hangikjöt. Meðlætið er ríkulegt; heit sósa, brúnaðar kartöflur, kartöflujafningur, fjölbreytt grænmeti, ferskt salat og kaldar sósur. Lágmarksfjöldi er 10 manns og Magnús Ingi og hans fólk mætir á staðinn með veisluföngin ef fjöldinn nær þrjátíu eða fleirum.

Ef óskað er eftir annars konar samsetningu á jólaborðið eða meira úrvali er það lítið mál. Nánari upplýsingar er að finna á Facebook og vef Sjávarbarsins, sjavarbarinn.is.

Magnús Ingi var að senda frá sér matreiðslubókina Eldhúsið okkar – Íslenskur hátíðamatur. Fyrr á árinu kom út eftir hann sambærileg bók um íslenskan heimilismat, Eldhúsið okkar – Íslenskar hversdagskræsingar, sem fengið hefur frábæran hljómgrunn. Boðið er upp á fría heimsendingu en allar upplýsingar um bækurnar er að finna Facebook-síðunni Eldhúsið okkar.

FAGMENN
„Við vitum hvað fólk er sólgnast í og veljum réttina eftir því,“ segir Magnús Ingi Magnússon, veitingamaður á Sjávarbarnum.
MYND/K.MAACK

NÝ METSÖLUBÓK?
Magnús Ingi sendi frá sér matreiðslubókina Eldhúsið okkar – Íslenskur hátíðamatur fyrir skömmu.
MYND/ÚR EINKASAFNI

TÖFRANDI Séð yfir gamla bæinn í Vilníus ofan af Gediminashæð. Bærinn er byggður í barokkstíl. NORDICPHOTOS/GETTY

VINSÆLA VILNÍUS

ÁHUGAVERÐ BORG *Vilníus, höfuðborg Litháens, er ein mest heimsótta borg Austur-Evrópu. Evra verður tekin upp í landinu eftir áramót þannig að líklegt er að ferðamönnum fjölgi enn frekar. Vilníus hefur upp á margt að bjóða.*

Evran verður tekin í notkun um áramótin í Litháen og verður þá síðasta skrefið stigið í því að landið verða fullgild Evrópuþjóð. Ferðalög um landið verða auðveldari þegar kemur að rafrænum greiðslum og minna mál að fara á milli Eystrasaltsríkjanna þar sem bæði Lettar og Eistar nota nú þegar evru.

TÖFRANDI BORG

Litháen hefur upp á margt að bjóða og geta flestir fundið þar eitthvað sér til skemmtunar. Höfuðborgin Vilníus er borg sem hefur mikið aðdráttarafl, ekki aðeins vegna sérstæðs arkitektúrs heldur líka vegna menningar hennar. Í hjarta hennar er gamli bærinn sem er í barokkstíl og er hann talinn svo dýrmætur að hann er á Heimsminjaskrá UNESCO. Óteljandi kirkjuturnar setja svip sinn á borgina ásamt steinlögðum strætum, töfrandi útsýni af hæðum og hólum, gömlum byggingum og verkstæðum listamanna. Á heimsmælikvarða er borgin samt svo lítil að á stundum minnir hún á þorp en þar býr um hálf milljón manna.

Í Vilníus hafa hlutirnir ekki alltaf verið góðir og fallegir. Þar má líka finna minjar um sorg og sársauka frá þeim hryllingstíma þegar KGB réð ríkjum og pyntaði gyðinga sem margir hverjir bjuggu í miðborginni. Þrátt fyrir slæma tíma í stríðum sigraði andi frelsis og mótspyrnu og nú er borgin komin með nýja ásýnd þar sem nýir tímar renna saman við þá eldri. Framtíðarsýnin felur í sér alþjóðlega matseld, næturlíf í mikilli þróun og glansandi, nýja skýjakljúfa.

HVAÐ Á AÐ GERA Í VILNÍUS?

Á flestum listum yfir það hvað helst ætti að gera í höfuðborg Litháen er heimsókn á Safn fórnarlamba þjóðarmorða (Museum of Genocide Victims). Safnið er til húsa í fyrrverrandi höfuðstöðvum sovésku leyniþjónustunnar, KGB, og er tileinkað þeim þúsundum Litháa sem voru teknir af lífi, fangelsaðir eða vísað úr landi af sovéskum yfirvöldum frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar til sjöunda áratugarins.

Vilníus er byggð á hinni 48 metra háu Gediminahæð og þar trónir efstur frá því á þrettándu öld, Gedimino-turn. Útsýnið af hæðinni er stórbrotið og mælt með að fara upp að turninum og líta borgina augum ofan frá. Þar stendur einnig höllin Valdovürumai sem lokið var við að endurbyggja árið 2009.

Annað kennileiti höfuðborgarinnar er sjónvarpsturninn sem er 326 metra hár og er í dag ákveðið tákn um styrk Litháa. Þann 13. janúar 1991 voru fjórtán manns myrtir í turninum af sovéskum sérsveitum en starfsfólk litháíska sjónvarpsins hélt áfram að senda út allt þar til hermennirnir komu inn um dyrnar á turninum. Trékrossar hafa verið settir upp til að minnast fólksins og 13. janúar ár hvert koma hundruð manna og kveikja á kertum við turninn. Fyrir jólin eru svo hengd jólaljós utan á hann þannig að þau mynda risastórt jólatré.

VERSLAÐ Í VILNÍUS

Það er gaman að versla í Vilníus og ákveðnar vörutegundir, einkum litháískt áfengi, sígarettur og hlutir úr rafi, eru miklu ódýrari en í vesturhluta Evrópu. Helstu verslunarsvæði borgarinnar eru annars vegar í gamla bænum þar sem aðallega má finna antíkmuni, bækur og listmuni og hins vegar í fínasta hluta borgarinnar, Gedimino, þar sem gott er að kaupa merkjavöru, síma og fleiri bækur.

Markaðir borgarinnar eru einnig vel þess virði að heimsækja þótt ekki sé til annars en að fá stemninguna í æð. Auk þess eru nokkrar stórar verslunarmiðstöðvar í borginni.

BORÐAÐ OG DRUKKIÐ

Fjöldi kaffihúsa og veitingastaða er í borginni og bjóða þeir upp á allar stefnur og strauma í matseld. Heimamenn mæla með að allir gestir prófi þrjá hluti sem eru einkennandi fyrir Litháen, litháískan bjór, hvítlauksbrauð og „šaltibaršiai“ sem er köld rauðrófusúpa.

liljabjork@365.is



VIÐSKIPTAHVERFIÐ Hér sést yfir viðskiptahverfi borgarinnar. Áin Neris rennur í gegnum borgina.



JÓLALEGT Sjónvarpsturninn í Vilníus sem er 326 metrar á hæð er fallega skreyttur fyrir jólin og minnir á risastórt jólatré.



GEDIMINO-TURN Vilníus er byggð á Gediminas-hæð þar sem Gedimino-turn trónir.

Döðlur með beikoni og möndlu.

Steik með frönskum og grænmeti.

Tiramisu í glösum.

Piparmintukaffi. MYNDIR/GETTY

Veisla með ljúffengu kaffibragði

Í skammdeginu er nauðsynlegt að gera eitthvað sér til ánægju og gleði. Það er til dæmis skemmtilegt að bjóða gestum í mat, leggja fallega á borð og kveikja á kertum. Hér er uppástunga að veislu sem gestir munu falla fyrir og hrósa gestgjafanum. Í forrétt eru döðlur vafðar með beikoni, í aðal- og eftirrétt er notað kaffi. Síðan er gott piparmintukaffi með rjóma á eftir.

Döðlur með beikoni

Döðlur sem vafðar eru með beikoni er einfaldur forréttur sem bragðast vel.

Það sem þarf:

230 g döðlur
100 g möndlur
450 g beikonsneiðar

Takið steininn úr döðlunum og setjið möndlu í staðinn. Vefjið beikoni yfir döðluna og stingið tannstöngli í gegn. Setjið í heitan ofn og bakið í nokkrar mínútur eða þar til beikonið fer að dökkna. Í staðinn fyrir möndlu má fylla döðluna með osti, til dæmis gráðaosti.

New York-steik með kaffi

Góð steik er alltaf vinsæl. Hér er uppskrift að New York-steik með kaffi sem Ina Garten var með í þætti sínum á stöðinni Food Network. Hún hefur fengið mikið lof í kommentakerfi heimasíðunnar fyrir þessa uppskrift og margir sem gefa henni fimm stjörnur.

Uppskriftin miðast við tvo og hana er einfalt að gera. Uppskriftina má síðan stækka eftir þörfum.

Það sem þarf:

1 msk. ólífuolía
350 g góð nautasteik

Kryddblanda

½ msk. púðursykur
½ msk. nýmalaður pipar
½ msk. salt
½ msk. chili-flögur
½ msk. kaffiduft
½ msk. hvítlauksduft
½ msk. reykt paprika (duft)

Nuddið ólífuolíunni í kjötið. Blandið saman öllu sem á að fara í kryddblönduna og hjúpið kjötið með henni. Látið standa í tvær klukkustundir.

Best er að steikja kjötið á útigrilli en auðvitað er líka hægt að nota grillpönnu. Hitið grillið og steikið kjötið í um það bil tvær mínútur á hvorri hlið. Færið kjötið þá á kaldari part á grillinu og látið standa í 20 mínútur.

Látið kjötið síðan standa í 10 mínútur áður en það er skorið. Berið fram með frönskum kartöflum og grænmeti.

Tiramisu

Tiramisu er ítalskur eftirréttur sem flestum þykir afskaplega góður. Hér er góð uppskrift af þessum ljúffenga eftirrétti.

Það sem þarf:

6 eggjarauður
¾ bolli sykur
⅔ bolli mjólk
1 ¼ bolli rjómi
½ tsk. vanilludropar
1 box mascarpone-ostur
¼ bolli sterkt kaffi, aðeins kælt
2 msk. romm
2 pakkar Lady fingers
1 msk. kakó

Hrærið eggjarauðu og sykur þar til blandan verður létt og ljós í potti. Bætið þá mjólkinni saman við og sjóðið við miðlungshita þar til suðan byrjar að koma upp. Hrærið allan tímann. Takið af hitanum og kælið í klukkustund.

Þeytið rjóma og bætið vanilludropum í hann. Hrærið mascarpone saman við eggjablönduna þar til allt er mjúkt og fínt.

Blandið kaffi og rommi saman. Dýfið kökunum í blönduna og raðið í fallegt glas eða ferkantaða skál. Ostablandan er sett yfir, síðan rjóminn, síðan annað lag af kökum og svo framvegis þar til allt er búið. Dreifið kakói yfir. Kælið í ísskáp í 4-6 klukkustundir.

Piparmintukaffi

½ bolli sterkt kaffi
1 msk. súkkulaðisíróp
2 msk. piparmintusíróp
þeyttur rjómi
súkkulaði til skrauts

Setjið síróp og kaffi í bolla eða könnu. Setjið þeyttan rjóma á toppinn og skreytið með súkkulaði.

Kaffi var upphaflega borðað

Kaffi er önnur algengasta söluvara í heimi. Það hefur fylgt mannkyninu um aldir. Því tengjast ýmsar skondnar staðreyndir.

Vissir þú til dæmis:

... að koffínlaust kaffi inniheldur jafn mikið af andoxunarefnum og hefðbundið kaffi.

... að nær engar **kaloríur** finnast í kaffi. Í einum bolla af uppáhelltu svörtu kaffi eru þær tvær. Það sem er sett út í kaffið inniheldur hins vegar gjarnan margar kaloríur. Má þar nefna mjólk, sykur og síróp.

... að kaffi hefur verið þekkt í yfir ellefu aldir en það voru eþíópískir geitahirðar sem uppgötvuðu það fyrst. Þeir tóku eftir því að geiturnar þeirra urðu hressar og tóku jafnvel til við að dansa eftir að hafa japlað á rauðum berjum sem innihéldu kaffibaunir.

... að kaffibaunin er í raun fræ inni í stóru rauðu beri.

... að Finnar, **Svíar, Norðmenn og Danir** drekka mest kaffi per íbúa í heimi. Finnar tróna þar á toppnum.

... að sala **á koffínlausu** kaffi er mest í janúar. Það er rakið til nýársheita.

... að tónskáldið **Johan Sebastian Bach** samdi grínóperu um konu sem var háð kaffi í kringum 1730.

... að New **York**-búar drekka um það bil sjö sinnum meira kaffi en íbúar annarra borga í Bandaríkjunum

... að kaffi er önnur algengasta söluvara í heimi á eftir olíu.

... að yfir **40 prósent** af öllu kaffi í heiminum kemur frá Afríku, Brasilíu og Kólumbíu.

... að kaffiberin eru tínd, þurrkuð og skræld. Það sem eftir stendur er græn baun. Baunin er svo ristuð við 260 gráðu hita. Þá poppar hún og stækkar um helming. Nokkrum mínútum síðar poppar hún á ný og þá er baunin tilbúin.

... að kaffibaunir eru tvenns konar; Arabica og Robusta. 70% kaffiunnenda drekka Arabica-kaffi sem er milt. Restin drekkur Robusta sem er bitrara á bragðið. Robusta inniheldur tvöfalt meira koffín.

... að kaffiberin voru upphaflega borðuð. Síðar voru þau marin og þeim blandað saman við fitu og búnar til litlar orkukúlur. Eins eru heimildir um að búið hafi verið til eins konar vín úr berjunum. Það var ekki fyrr en á 13. öld sem farið var að rista kaffibaunirnar inni í berjunum..

Það eru nær engar kaloríur í svörtu kaffi.

NORDICPHOTOS/GETTY

... að hinn almenni kaffiunnandi drekkur 3,1 kaffibolla á dag.

... að Creme **Puffe,** elsti köttur veraldar sem náði 38 ára aldri, var alinn á kaffi. Hann fæddist 1967 og dó 2005. Eigandi hans, Jake Perry frá Texas, gaf honum kaffi daglega. Hann átti fyrir köttinn Grandpa Rex Allen. Sá varð 34 ára. Hann var líka alinn á kaffi.

... að banvænn skammtur af kaffi er áætlaður um það bil 100 bollar í einu.

Ljúfari en þig grunar

Grýla, Leppalúði og Leiðindaskjóða

Grýla
Tvöfaldur latte með heslihnetu- og súkkulaðisírópi, rjóma, karamellusósu og muldum heslihnetum.

Leppalúði
Tvöfaldur latte með irish cream sírópi, rjóma, súkkulaðisósu og muldum piparbrjóstsykri.

Leiðindaskjóða
Kryddaður chai tedrykkur með heitu súkkulaði, rjóma og karamellusósu.

TE & KAFFI

PIPAR\TBWA • SÍA • 144193

Sjóðheit vanillumjólk

Flóuð mjólk er kjörinn drykkur til að slá botninn í góðan dag. Mjólk inniheldur kalk sem svefnspekúlantar vilja meina að hjálpi okkur að slaka á. Þá inniheldur mjólk tryptophan sem líkaminn umbreytir í melatonín, hormón sem gerir okkur syfjuð. Bjóddu upp á ilmandi heita vanillumjólk að kvöldi og værð færistrax yfir mannskapinn. Tryptophan finnst líka í hunangi.

Heit vanillumjólk með kanil

4 bollar mjólk
¼ bolli sykur
1 ½ tsk. vanilludropar
Malaður kanill til að strá yfir
1 tsk. hunang ef vill

Hellið mjólkinni í pott og sykrinum út í. Látið suðuna koma upp við meðalhita og hrærið stöðugt í eða þar til sykurinn leysist upp. Hrærið þá vanilludropunum út í. Hellið heitum drykknum í fjórar fallegar könnur eða glös og stráið kanil yfir.

uppskriftin er fengin af www.marthastewart.com.

www.dailymail.co.uk

Hönnun: Erik Magnussen árið 1977

stelton

Sendu okkur 5 toppa af Merrild umbúðum og þú gætir unnið hátíðarútgáfu af hinni sígildu kaffikönnu frá Stelton.

10 heppnir vinningshafar verða dregnir út í hverri viku frá 1. til 22. desember, alls 40 talsins.

Þátttökuumslög í öllum verslunum. Á Facebook-síðu okkar, Facebook/Merrild á Íslandi, verða birt úrslit auk frekari upplýsinga um leikinn.

BRAGÐGÓÐIR SÚKKULAÐIDRYKKIR

Það er fátt notalegra en að ylja sér á heitum súkkulaðidrykk á köldu vetrarkvöldi. Þótt heimagert heitt súkkulaði bragðist yfirleitt best má stundum stytta sér leið og nota kakómalt eða annað súkkulaðiduft. Þá er um að gera að nota ýmis bragðefni til að hressa upp á drykkinn og fjölmargt spennandi er í boði annað en sykurpúðar og þeyttur rjómi.

Skeið af karamellusósu frískar heilmikið upp á súkkulaðidrykkinn. Passið bara að hræra vel svo hún blandist súkkulaðinu vel. Skeið af uppáhaldsísnum út í könnuna gerir drykkinn rjómakenndari og þykkari og mjög ljúffengan. Nokkrar þunnt skornar ræmur af appelsínuberki gefa heitum drykknum bæði gott bragð og ekki síður góðan keim. Mörgum finnst gott að setja teskeið af espressó eða hefðbundnu kaffi út í súkkulaðidrykkinn. Til að spara tíma má auðvitað nota skyndikaffi. Rauður og hvítur piparmyntustafur gefur gott bragð og dásamlegan ilm. Einnig má nota piparmyntubrjóstsykur. Kókos og súkkulaði fara vel saman og því er upplagt að prófa að skipta út fjórðungi af mjólkinni fyrir kókosmjólk. Suðræn og seiðandi blanda sem gaman er að prófa. Þeir sem eru aðeins ævintýragjarnari geta sett eina til tvær teskeiðar af hnetusmjöri út í drykkinn. Passið bara að hræra vel þar til það leysist upp.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

ÓVENJULEGAR TETEGUNDIR

Ógrynni heitra drykkja er á markaði, við könnumst öll við þá hefðbundnu; kaffi, heitt súkkulaði og te.

Te fæst hins vegar í alls kyns útfærslum og flestir hafa gengið fram hjá hillum stórmarkaða sem geyma tugi ólíkra tetegunda. Vanillu, súkkulaði, allar berjategundir sem til eru, allir ávextir í heimi og mynta eru allt tegundir af tei sem auðvelt er að finna. Svo eru til aðrar bragðtegundir sem fæstir vita af; tómat-mynta, gulrótar-karrí, spínat-graslaukur, fennel-krydd, brokkólí-kóríander og rófu-kál eru allt te sem fyrirtækið Numi Organic Tea framleiðir. Nöfnin eru ekkert sérstaklega spennandi og hljóma kannski frekar eins og súpur en ekki te. Ef til vill eru þau nógu skrítin til að vera góð á bragðið og eflaust ástæða til að safna kjarki og smakka á einu slíku í stað þess að vera alltaf í því sama.

TEKK COMPANY

TEKK COMPANY | Kauptúni | Sími 564 4400 | Opið mánudaga til laugardaga kl. 11-18 og sunnudaga kl. 13 -18 | Vefverslun á www.tekk.is

FEGURÐ Í fallegu veðri er útsýnið og stemningin engu lík. MYND/PÁLMI HILMARSSON

HÁTÍÐLEG STUND VIÐ LAUGARVATN

FALLEGT Á LAUGARVATNI *Friðarkerti fljóta út á Laugarvatn fyrsta sunnudag í aðventu hvert ár. Þessi fallegi siður laðar til sín fjölda fólks og margir líta á hann sem upphaf jólaundirbúnings á þessum slóðum.*

Skemmtileg hefð hefur myndast á Laugarvatni undanfarna áratugi en þá hittast íbúar bæjarins og nærsveitungar á fyrsta sunnudegi í aðventu og fleyta friðarkertum út á Laugarvatn. Þessi athöfn er hluti af dagskrá sem kvenfélagið og Lionsfélagið skipuleggja í sameiningu og er fyrir löngu orðinn fastur liður í jólahaldinu þar um slóðir. Kvenfélagið er með árlegan jólabasar og vöfflukaffi þennan dag þar sem íbúar geta leigt borð og selt eigin vörur að sögn Hilmars Einarssonar, fyrrverandi byggingafulltrúa uppsveita Árnessýslu, auk þess sem Lionsklúbburinn selur friðarkerti fyrir athöfnina síðar um daginn. „Seinni part dags er farið í Bjarnaskóg og kveikt á jólatré. Að því loknu, yfirleitt um kl. 17, röltir hópurinn niður að vatni með kertin sem keypt voru af Lionsklúbbnum fyrr um daginn, kveikt er á þeim og þau látin fljóta út á vatnið. Í góðu veðri er þetta virkilega falleg sjón og ekki skemmir fyrir að á sama tíma er spiluð falleg jólatónlist við bakka Laugarvatns sem eykur enn frekar áhrifin.“

Fjöldi friðarkerta er mismikill milli ára en Hilmar segir að alla jafna séu keypt um 110-120 kerti hjá Lionsklúbbnum ár hvert sem fleytt er út á vatnið. „Einstaka sinnum er vindáttin þannig að þau sigla í rólegheitunum frá bakkanum út á vatnið. Svo hefur að minnsta kosti einu sinni verið svo brjálað veður að það var ekki nokkur leið að láta loga á kertunum. Það er ekkert öruggt á þessu landi þegar veðurfarið er annars vegar. Stemningin er þó alltaf góð þrátt fyrir misjafnt veður og falleg jólatónlistin skipar þar líka stóran sess. Okkur heimamönnum þykir þessi kertafleyting náttúrlega eðlilegasti hlutur í heimi en mörgum aðkomumönnum þykir þetta afar tilkomumikil sjón.“

Aðspurður segist hann ekki vita um sambærilega hefð hérlendis á þessum tíma árs. „Það eru svo mörg ár síðan þetta byrjaði að uppruninn er óljós. Mig minnir þó að upphaflega hafi hugmyndin kviknað þegar friðarkertum var fleytt út á Tjörnina í Reykjavík fyrir löngu síðan. Þá kom þessi hugmynd upp hér, að gera eitthvað sambærilegt og úr varð þessi skemmtilegi og fallegi siður okkar. Um tíma settum við líka marglitar jólaljósaslöngur utan á Héraðsskólann sem ljómaði upp þegar hópurinn gekk niður að vatninu. Það var virkilega falleg sjón í skammdegisrökkrinu.“

Um 100 erlendir gestir munu heimsækja gufubaðið á Laugarvatni þennan daginn að sögn Hilmars. „Það verður gaman að sjá hvernig þeir upplifa kertafleytinguna okkar. Vonandi fá þeir gott veður og ekki verður verra ef hópurinn kaupir líka kerti með okkur. Þá gæti þetta orðið ansi eftirminnileg sjón fyrir okkur og ekki síður ferðalangana.“

■ **starri@365.is**

GAMAN Kertafleytingin er alltaf stór stund hjá yngstu kynslóðinni. MYND/PÁLMI HILMARSSON

Hilmar Einarsson, fyrrverandi byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu.

QuizUp

▸ hafar Plain Vanilla hefðu getað fengið samtals 100 milljónir dala, jafnvirði 12 milljarða króna miðað við þáverandi gengi. Þorsteinn segist ekki geta tjáð sig um tilraunir Zynga en segir að fyrirtækinu hafi borist nokkur yfirtökutilboð.

„Það eru alltaf einhverjar svona umræður sem myndast enda er mikið um samruna og hreyfingar í þessum bransa. Og það hafa komið upp einhver dæmi sem við höfum kíkt á og skoðað en við höfum ekki skoðað þau af mikilli alvöru.“

Þegar Þorsteinn er spurður hvort hann sjái eftir því að hafa ekki tekið þessum tilboðum viðurkennir hann að þau komi oft upp í hugann þegar hann er dauðþreyttur eftir erfiðan dag í vinnunni.

„Það er bara mannlegt að maður hugsi til þess augnabliks þegar maður sagði nei við einhverju sem hefði getað gert hlutina miklu einfaldari. Nú undanfarið er ég aftur á móti orðinn það spenntur fyrir þessari vöru sem við erum að þróa og hef orðið sannfærðari um að við höfum tekið hárrétta ákvörðun um að neita þessum yfirtökutilboðum.“

Þorsteinn segir það einnig í skoðun að stækka starfsstöð fyrirtækisins í Bandaríkjunum en að það velti á velgengni nýju uppfærslunnar. Höfuðstöðvarnar og kjarnastarfsemin verði þó áfram á Íslandi.

„Það eru mikil forréttindi að fá að taka þátt í svona ferðalagi með starfsmönnum fyrirtækisins. Þetta mun alltaf verða mjög stór hluti af mínu lífi og nú er að sjá hversu hátt við getum farið.“

Í HÖFUÐSTÖÐVUNUM Þorsteinn segist meðal annars spila þann spurningaflokk QuizUp sem snýr að þáttunum Game of Thrones.

Hittir átrúnaðargoðið Slash í Höllinni

Birgir Jónsson tók við starfi aðstoðarforstjóra Wow air í síðustu viku. Hann er með MBA-gráðu frá University of Westminster í London og er trommari þungarokkshljómsveitarinnar Dimmu. Stýrði prentsmiðju í Austur-Evrópu.

SVIPMYND
Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

„Ég ætlaði svo sem aldrei að ráða mig í vinnu hér en svo sá ég þessa spennandi hluti sem eru í gangi og hitti þetta skemmtilega fólk og langaði þá að vera með," segir Birgir Jónsson, aðstoðarforstjóri Wow air.

Birgir tók við starfinu í síðustu viku en hann hafði þá unnið hjá Wow sem ráðgjafi í tvo mánuði og sinnt verkefnum við endurskipulagningu og stefnumótun fyrirtækisins.

„Í kjölfarið fór Skúli Mogensen að orða þetta starf við mig og ég hafði þá þann lúxus að ég þekkti innviði fyrirtækisins áður en ég tók ákvörðunina," segir Birgir.

Hann hefur í nógu að snúast þessa dagana. Fyrir utan að sjá nú um daglegan rekstur flugfélagsins er Birgir trommari þungarokkshljómsveitarinnar Dimmu og fjögurra barna faðir.

„Dimma er að spila á Græna hattinum á Akureyri um næstu helgi og helgina eftir það eigum við að hita upp fyrir Slash í Laugardalshöllinni. Það er draumur að fá að hitta átrúnaðargoðið sem hefur verið í uppáhaldi síðan maður var lítill pjakkur."

Birgir er með sveinspróf í prentun, háskólagráðu í rekstrarhagfræði og MBA-gráðu frá University of Westminster í Bretlandi sem hann lauk árið 2000. Það ár var Birgir ráðinn forstöðumaður netþróunar Íslandsbanka og árið 2001 tók hann við starfi svæðisstjóra Össurar hf. í Asíu.

„Ég ferðaðist alveg svakalega mikið í því starfi og þetta voru mjög spennandi tímar hjá Össuri. Svo kom ég hingað til lands árið 2004 þegar ég var ráðinn forstjóri Iceland Express. Þar var ég í rúm tvö ár en flutti svo til Rúmeníu árið 2006 þegar ég varð forstjóri Infopress Group sem er ein stærsta prentsmiðja Austur-Evrópu með 1.300 starfsmenn og var í eigu Kvosar, móðurfélags Prentsmiðjunnar Odda," segir Birgir.

Hann er giftur Lísu Ólafsdóttur, eiganda verslunarinnar Madison Ilmhús í Aðalstræti, en fjölskyldan var með annan fótinn í Rúmeníu í þau fjögur ár sem hann starfaði fyrir Kvos.

„Síðan þá hef ég starfað sjálfstætt og meðal annars sinnt verkefnum fyrir Prentsmiðjuna Odda. Svo er alltaf nóg að gera í tónlistinni en hún er stór hluti af mínu lífi og frítíminn fer nánast allur í hana. Við í Dimmu höfum verið að spila nánast hverja einustu helgi, í á þriðja ár, og hljómsveitin hefur gefið út tvær stórar plötur, dvd-diska og fleira. Þetta er því lífsstíll fyrir mig og þar af leiðandi einnig fyrir fjölskylduna."

LEMUR HÚÐIRNAR Birgir Jónsson hefur einnig spilað með hljómsveitunum Stafrænn Hákon og XIII. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Það er draumur að fá að hitta átrúnaðargoðið sem hefur verið í uppáhaldi síðan maður var lítill pjakkur.**

KRAFTMIKILL KARAKTER

„Biggi er snillingur og gleðimaður og við höfum brallað margt síðan við vorum samtíða í London fyrir um 20 árum. Hann er einstaklega vel giftur og við hjónin skemmtum okkur alltaf konunglega með þeim Lísu, gjarnan yfir góðum mat og drykk. Biggi er farsæll í því sem hann tekur sér fyrir hendur hvort sem það er uppgangur íslenskra fyrirtækja í Asíu og Austur-Evrópu eða að spila á trommur. Hann hefur lag á að ná til fólks og vinnur það á sitt band með einlægni og áhuga. Wow hefði ekki getað fengið betri mann til liðs við sig."

Arnar Þór Másson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu

„Birgir er kraftmikill karakter með leiftrandi svartan húmor fyrir sjálfum sér og lífinu. Þessi húmor getur verið torskilinn fyrir styttra komna og ég hef oft séð Birgi beinlínis engjast af hlátri inni í sér meðan aðrir viðstaddir eru eitt stórt spurningarmerki. Undir kæruleysislegu og svölu yfirborðinu er Birgir skarpgreindur og hefur einstakan hæfileika til að lesa í fólk og aðstæður. Hann hefur opið hugarfar og víðsýni þess er víða hefur ratað og er fljótur að sjá stóru myndina þar sem aðrir sjá aðeins smáatriðin. Hann er ekkert að eyða of miklum tíma í hluti sem honum finnast ekki áhugaverðir en í þeim verkefnum sem hann hefur ástríðu fyrir er nákvæmlega ekkert sem stöðvar hann."

Jón Ómar Erlingsson, framkvæmdastjóri Prentsmiðjunnar Odda.

Skilið okkur peningunum!

Opið bréf

Lars Grundtvig

Með slíkri framkomu við fjárfesta gerir þú þá fráhverfa Íslandi og grefur undan mörgum framtíðarmöguleikum Íslands á umtalsverðri erlendri fjárfestingu.

Hr. Már Guðmundsson,
seðlabankastjóri Seðlabanka Íslands

Árið 2006 fjárfestum við fyrir umtalsverða upphæð á Íslandi með kaupum á hlut í Marel hf., matvælavinnslufyrirtæki skráðu í Reykjavík. Í gegn um fjárfestingafélag okkar höfum við tekið virkan þátt í stjórnun félagsins þar sem ég tók sæti í stjórn og hef lagt vexti þess lið sem forystufyrirtæki í matvælavinnslugeiranum í heiminum. Fjárfestingar af þessum toga eru einmitt þær sem Evrópureglum um fjármálamarkaði var ætlað að auðvelda.

Þegar hagkerfi Íslands hrundi árið 2008 var komið á fjármagnshöftum til þess að vernda og endurreisa hagkerfi landsins. Við höfum skilning á að hagkerfi Íslands hafi verið ógnað og að það hafi réttlætt takmarkanir á einni af helgustu reglum Evrópu: frjálsu flæði fjármagns.

Þegar frá líður, með hverju farsælu skrefi sem tekið hefur verið í átt að efnahagsbata á Íslandi, hefur reynt á þolrif þessa skilnings. Ég trúi því nú fastlega að viðvarandi notkun gjaldeyrishafta geti valdið óafturkræfum skaða á framtíðarefnahagshorfum Íslands. Þótt færa megi fyrir því rök að íslenskt efnahagslíf sé enn að ná sér, þá á hið sama við um mörg önnur Evrópulönd. Þau lönd, Kýpur þar á meðal, geta hins vegar ekki reitt sig á gjaldeyrishöft og torvelt að sjá af hverju Ísland ætti að geta það. Á meðan íslenskt efnahagslíf hefur styrkst hröðum skrefum hefur greining mín á stöðunni breyst í forundran á því hvernig íslenskir stjórnmálamenn hafa í raun tekið forráð yfir eignum sjálfstæðs erlends fjárfestis í landinu. Sama fjárfestis og hefur tekið virkan þátt í að leggja efnahagslífinu lið. Staðan er um margt tekin að minna á þjófnað.

Ný erfðalög breyttu stöðunni

Eins og þú veist vel gerði, árið 2012, grundvallarbreyting á því hvernig erfðalög í Danmörku meðhöndla skráð hlutabréf það að verkum að fyrirtæki mitt er í hættu statt, komi til þess að ég fái ekki komið fjárfestingu minni aftur til föðurlandsins áður en ég fell frá. Ég er nú 73 ára og sú stund nálgast óðum að fyrirtæki mitt gengur að erfðum. Þessar aðstæður liggja að baki umsókn okkar til Seðlabanka Íslands í ágúst 2013 um undanþágu frá fjármagnshöftum.

Í ljósi áhyggna af því að vandinn sem hér er lýst gæti leitt til þess að mörg störf glötuðust í Danmörku, funduðu sendiherra Danmerkur og konsúll með þér 20. september 2013. Á þeim fundi sagði samstarfskona þín, Ingibjörg Guðbjartsdóttir, að umsókn okkar virtist uppfylla skilyrði undanþágu, en ákveðnar ótilteknar upplýsingar vantaði. Seðlabanki Íslands ynni að því að fá þessar upplýsingar frá Brussel. Ekki liggur fyrir hverjar þessar upplýsingar sem upp á vantaði gætu hafa verið.

Niðurstaðan er að þrátt fyrir mikil skrifleg samskipti milli mín og skrifstofa þinna og þrátt fyrir fjögurra vikna innri afgreiðslufrest Seðlabankans til vinnslu umsókna, þá hefur tekið yfir þrettán mánuði að fá stuttlega höfnun. Í höfnunarbréfi þínu segir að hagsmunir mínir séu ekki nægilega áríðandi til að „réttlæta undanþágu fram yfir aðra í sömu stöðu". Sem er töluverð yfirlýsing, svona með það í huga að þú hefur nú haft fjármuni okkar í haldi í meira en sex ár.

GIVE US OUR MONEY BACK!

Open letter to:

Mr. Má Guðmundsson, Governor of the Central Bank

In 2006, we invested a substantial sum into Iceland, by purchasing shares in Marel hf., a food processing company, listed on Reykjavik. As a private investment company, we have contributed actively to the management of the company and it served on the board helping the company to grow to its current position as the third processing equipment company in the world.

When the Icelandic economy collapsed in 2008, capital restrictions were imposed in order to protect and restore Iceland's economy. We understand that Iceland's economy was threatened and that Iceland's capital market rules were designed to facilitate.

However, this understanding was over time, in step with the successful recovery of Iceland's economy, been wearing thin and I now reluctantly believe the protection scheme on capital controls may cause irreparable harm to Iceland's future economic prospects. While it may be reasonable to impose capital controls in order to protect a country's economy, certain measures and decisions is a tool to achieve this purpose, because it's not the economy, or any other capital controls in Europe. However, these cases, in contrast to Iceland, concern countries of many times larger economy than Iceland's economy. Nor are the measures taken in the last, as Iceland's capital controls are unknown in Europe. The very same measures which protection has turned to permanently bad measures. Iceland's capital controls effectively have taken possession of the assets owned by a private foreign company to look a lot like theft.

As you are fully aware, a dramatic change in 2012 to the Danish inheritance legislation's treatment of listed shares has placed my company at risk, in the event that I cannot repatriate my investment back home. Now at the age of 73, in the event that I cannot repatriate my company to my home country, I fear that my heirs will be forced to sell the company in order to pay for an exemption from the capital restrictions.

Given concerns that the above problem may result in the loss of many Danish jobs, the Danish Ambassador to Iceland and the Consul held a meeting with you on 20th September 2013. At that meeting, you indicated that certain unspecified information stated, that our application seemed to meet the criteria for an exemption. Anything Gudmundsson stated, that our application seemed to meet the criteria for an exemption from the capital restrictions.

Árni Freyr og Nína Hjördís eru nýflutt heim til Íslands eftir langa dvöl á Ítalíu. Því þykir þeim tilvalið að setja saman blandaða efnisskrá sem annars vegar er byggð á nýlegri ítalskri tónlist og hins vegar enn yngri íslenskri tónlist. Öll verkin eru samin eftir 1980 og endurspegla afar ólíka strauma síðustu 35 ára.

Tónleikarnir fara fram í Hátíðasal Háskóla Íslands og hefjast klukkan 12.30. Enginn aðgangseyrir er að tónleikunum og allir eru velkomnir.

➜ Verk eftir Inga Garðar Erlendsson, Atla Ingólfsson, Salvatore Sciarrino og Árna Frey Gunnarsson.

fridrika@frettabladid.is

NÝKOMIN Árni Freyr og Nína Hjördís eru nýflutt heim til Íslands eftir langa dvöl á Ítalíu. MYND/ÚR EINKASAFNI

TÁNINGABÓK Sigurður Pálsson er annar höfundanna í Gunnarshúsi annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Bryndís og Sigurður á höfundakvöldi í Gunnarshúsi

Sjöunda Höfundakvöld Gunnarshúss verður haldið annað kvöld klukkan 20. Þá mæta þau Bryndís Björgvinsdóttir og Sigurður Pálsson, lesa upp og svara spurningum Kristínar Svövu Tómasdóttur um nýútkomnar bækur sínar, Hafnfirðingabrandarann og Táningabók. Allir velkomnir á meðan stólar leyfa.

LISTAKONAN „Það er gaman að nota ómerkilegan efnivið í eitthvað sem fær nýja meiningu. Þetta er voða mikill efnisleikur," segir Hrafnhildur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gráhærður unglingur í foreldrahúsum

Hrafnhildur Arnardóttir myndlistarkona opnar sýninguna Tilfelli og Ný loðverk í Hverfisgalleríi á laugardag. Þar takast á fegurð og ljótleiki með léttum undirtóni.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

„Ég vinn mikið með hár, mannshár og gervihár. Áður reyndi ég að temja það, til dæmis með fléttum, en nú geri ég það villtara!" segir Hrafnhildur Arnardóttir myndlistarkona. Hún er í óða önn að setja saman listaverkin sín eftir flutning á þeim til Íslands frá New York því sýning er fram undan í Hverfisgalleríi á Hverfisgötu 4.

„Þau hárverk sem ég er með hér eru gerð undir sterkum áhrifum frá skandinavískum rýjaveggverkum. Ég klippi niður marglitt gervihár og plokka það í gegnum net með mjög fínni heklunál, svolítið eins og þegar strípur eru settar í hár. Það er fyndið hvernig hlutir síast inn og dúkka svo upp í alveg nýju samhengi. Útkoman er eins og pönkgærur eða mosa- og gróðurstemning þótt litirnir séu aðrir en í náttúrunni."

Efnisleikur

Hrafnhildur er líka með skúlptúra sem hún setur á standa og býr til karaktera úr. Samheitið yfir þá er Tilfelli. „Þeir eru búnir til úr því sem til fellur eða einhverju sem kveikir í mér, þar sem ég rekst á það," útskýrir hún. Lavalíki nefnir hún einn flokk listaverkanna, veggverk sem líta út eins og helluhraun en eru í raun ruslapokar sem hún hefur hitað, brætt og spreyjað. „Það er gaman að nota ómerkilegan efnivið í eitthvað sem fær nýja meiningu. Þetta er voða mikill efnisleikur. Við erum öll að reyna að losna við þetta fjöldaframleidda, endalausa dót."

Hrafnhildur hefur búið í New York í tuttugu ár. Af hverju kýs hún það? „Ég fór til New York 1994 til að fara í framhaldsnám í myndlist í School of Visual Arts. Þar var ég í tvö ár og hafði rétt á dvalarleyfi í ár í viðbót svo ég fór að vinna á veitingahúsi í Soho. Það var eiginlega enskuskóli fyrir mig. Svo kynntist ég manninum mínum sem er Pólverji en er búinn að dvelja lengi í New York og nú hef ég búið þar hálfa ævina. Þótt ég sé með brjálæðislega sterkar rætur hér þá er ég líka búin að skjóta rótum þar. Hef líka alltaf haft gaman af öfgum, eins og sést í mínum verkum, þar sem bæði er áhersla á fegurð og ljótleika. Kannski má segja að New York og Ísland passi vel inn í þær öfgar; poppmenningin í Ameríku og norræn handverkshefð að heiman. Þannig verður til eitthvað nýtt."

Býr í eldgamalli kirkju

Hrafnhildur er móðir tveggja barna, sjö og tíu ára. Fjölskyldan býr í 150 ára gamalli kirkju í Greenpoint sem var afhelguð fyrir löngu og fyrst gerð að smíðaverkstæði. „Þetta er nánast eins og að búa í hlöðu úti í sveit en samt erum við í miðju Brooklyn," segir Hrafnhildur sem kveðst vera líka með gott stúdíó í gömlu kirkjunni. Hún kveðst koma með alla fjölskylduna til Íslands árlega en vera ein á ferð núna. „Ég fer út aftur 3. desember. Bý bara hjá mömmu og pabba núna og leik gráhærðan ungling," segir hún hlæjandi. „Svo er ég svo heppin að Brynhildur Þorgeirsdóttir myndlistarkona lánaði mér vinnustofuna sína til að undirbúa sýninguna. Þetta er örugglega besta vinnustofa á Íslandi, með útsýni til Esjunnar og hér geng ég í allt. Mér finnst líka gaman að vinna með þessu nýja galleríi, Hverfisgalleríi."

Sýningin verður opnuð á laugardaginn, 29. nóvember, milli klukkan 16 og 18 og á sunnudaginn klukkan 14 ætlar Hrafnhildur að hefja spjall við gesti en sýningin stendur út janúar 2015.



EITT VERKANNA „Mosa- og gróðurstemning þótt litirnir séu aðrir en í náttúrunni."

SÝNIR HINGAÐ OG ÞANGAÐ

Hrafnhildur hefur sýnt reglulega á Íslandi og í söfnum og galleríum víðsvegar um heim, meðal annars í MoMA í New York, Museum für Angewandte Kunst í Frankfurt í Þýskalandi og á Liverpool-tvíæringnum í Englandi. Árið 2011 hlaut hún Norrænu textílverðlaunin og sama ár veitti Svíakonungur henni orðu Prins Eugen fyrir framlag hennar til myndlistar.

3 TONN
ÖLL LANGA Á
990 kr/kg

FERSK, MARINERUÐ, STEIKUR, HNAKKAR

ÝSUFLÖK MEÐ ROÐI 990 kr/kg

VIÐ ÆTLUM AÐ GEFA OKKAR VINNU Í DAG OG Á MORGUN MEÐ ÞVÍ AÐ SELJA YKKUR Á KOSTNAÐARVERÐI OG LEGGJA ÞANNIG TIL SAMFÉLAGSINS.

NJÓTIÐ VEL.

KRISTJÁN OG GEIR

TILBOÐIÐ GILDIR AÐEINS

MIÐVIKUDAG OG FIMMTUDAG

Fiskikóngurinn

Sogavegi 3
Höfðabakka 1
Sími 587 7755

HAFBERG

fiskbúð sælkerans

Gnoðarvogi 44
Sími 588 8686

Vikan á Twitter Coke Light og gömul kommóða

Halldór Armand
@HalldorArmand
Ég kaus BF – Wow Air stjórnmálanna – en núna sýnist mér þau vera hrædd v/breytingar og íhaldssöm alveg eins og allir hinir. Er það svo?

Jón Örn Loðmfjörð
@lodmfjord
Það er alltaf verið að segja mér að followa eitthvað lið. Ég verð skelkaður. Hættu að þröngva uppá mig mannleg samskipti, ungfrú tækniöld.

Þorsteinn Guðmundsson
@ThorsteinnGud
Keypti gamla kommóðu í dag. Líður dálítið eins og ég þurfi að kynnast henni áður en ég set nærfötin mín í hana.

Salka Sól Eyfeld
@salkadelasol
Aspartame fíkillinn ég, hef ákveðið að hætta að drekka cokelight til óákveðins tíma. Opinbera það hér í von um andlegan stuðning #nocokeforyou

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir
@aslaugarna
Á afmæli á fyrsta í aðventu, hugmynd frá vin var að halda Aðventupartý. Veit ekki alveg hvernig það virkar … Kveikja á kerti og drekka bjór?

KOL
KITCHEN • BAR

JÓLA-STEMNINGIN ER Á KOL

...og matseðillinn er kominn í léttan jólabúning

SJÖ RÉTTA JÓLAMATSEÐILL

VILLIBRÁÐAR TERRINE
Vanillueplachutney, grillað brauð
RAUÐRÓFUGRAFIN BLEIKJA
Piparrót, dill
TVÍREYKT HANGILÆRI
Söltuð og reykt svínalund, 30 mánaða íslenskur cheddar
VILLIBRÁÐARSÚPA
Blóðbergs- og trufflu mascarpone, blaðlaukur, bláber
••••••
HUNANGSGLJÁÐUR GRILLAÐUR GRÍSAHNAKKI
Brúnkál, hunang, hvítlauks-timian kartöflur, rifsber, sinnepsfræ
eða
NÆTURSALTAÐUR ÞORSKUR
Grillað toppkál, blaðlaukur, quinoa, beurre blanc
••••••
MÖNDLUKAKA
Kirsuber, möndlur, chantilly rjómi
SÚKKULAÐI BROWNIE
Brownie, hvítt bakað súkkulaði, jólaís

Aðeins í boði fyrir allt borðið

Verð 8.490 kr. á mann
7.490 sun-mið

Borðapantanir í síma 517 7474 eða info@kolrestaurant.is

KOL RESTAURANT · SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 40 · SÍMI 517 7474 · KOLRESTAURANT.IS

Anna gefur út Aerial

Tónskáldið Anna Þorvaldsdóttir hefur sent frá sér plötuna Aerial á vegum útgáfunnar Deutsche Grammophon/Universal Music Classics. Í tilefni þess var efnt til hófs í Björtuloftum og mættu þangað góðir gestir.

Aerial inniheldur valin verk eftir Önnu frá undanförnum árum og flutningur verkanna er í höndum tónlistarhópsins CAPUT undir stjórn Guðna Franzsonar, Sinfóníuhljómsveitar Íslands undir stjórn Ilan Volkov, meðlima úr Sinfóníuhljómsveit Íslands, Duo Harpverk, Nordic Affect, Tinnu Þorsteinsdóttur og Önnu Þorvaldsdóttur.

Anna hlaut tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs árið 2012 fyrir verk sitt Dreymi. Á meðal annarra listamanna sem Universal Music Classics gefur út eru Sting, Tori Amos, Andrea Bocelli og Ólafur Arnalds.

Í BJÖRTULOFTUM Ármann Agnarsson og tónskáldið Anna Þorvaldsdóttir í útgáfuhófinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



PORLEIFUR OG ARNBJÖRG Leikstjórinn Þorleifur Örn Arnarsson og Arnbjörg María Daníelssen.

ÞRJÁR Í HÓFI Berglind Tómasdóttir, Tinna Þorsteinsdóttir og Elísabet Ragnarsdóttir voru á meðal gesta.

Í PARTÍI Tui, Páll Ragnar Pálsson og Ásmundur Jónsson hjá Smekkleysu mættu í Hörpu.

SIGURÐUR OG HRAFN Sigurður Halldórsson og Hrafn Ásgeirsson samfögnuðu Önnu.

GYÐA OG FLEMMING Kennararnir frá Akranesi, Gyða Bentsdóttir og Flemming Madsen, létu sig ekki vanta.

Harvard-maður hjá fjármálaráðuneytinu gefur út sólóplötu

Ólafur Reynir Guðmundsson lögfræðingur fékk ástríðu fyrir tónlistargerðinni í Harvard.

„Ég hitti á þetta tómarúm á milli dægurtónlistar og klassískrar tónlistar," segir Ólafur Reynir Guðmundsson, lögfræðingur og tónlistarmaður, sem hefur nú gefið út sinn fyrsta geisladisk, Upphaf.

„Ég hef tekið eftir því að stemningin minnir fólk á kvikmyndatónlist. Jónas Sen sagði í gagnrýni sinni að þetta væri afar þægilegt og rynni ljúflega niður en það er nákvæmlega það sem ég vildi gera."

Ólafur er kannski ekki dæmigerður tónlistarmaður þar sem hann vinnur sem lögfræðingur hjá fjármálaráðuneytinu. „Þetta er bara góð blanda en mér tekst reyndar ekki mikið að semja þar," segir hann og bætir við að ástríða hans fyrir tónlistargerð hafi eiginlega kviknað þegar hann stundaði nám við Harvard-háskóla. „Þá leigði ég mér risavaxið rafmagnspíanó, fór að leika mér á hljóðfærið og það kallaði á einhverja þörf fyrir að semja," segir Ólafur, sem fór brátt að spila í veislum og á mannamótum til að prófa hugmyndir sínar áfram. Þessi fyrsta plata hans markar síðan umgjörð um það sem hann hefur starfað við í tónlistinni undanfarin ár.

„Þá leigði ég mér risavaxið rafmagnspíanó, fór að leika mér á hljóðfærið og það kallaði á einhverja þörf fyrir að semja.

- þij

RENNUR ÞÆGILEGA NIÐUR Tónlist Ólafs minnir á kvikmyndatónlist.

Jólin eru í BAUHAUS® ótrúlegt úrval

KONST SMIDE

LED-netsería, 3 x 3 m
Með 96 marglitum LED-perum.

6.995.-

LED-netsería, 2 x 1,5 m
Með 160 hvítum eða marglitum LED-perum, 8 stillingar.

10.995.-

LED-netsería, 3,2 x 1,5 m
Með 160 hvítum eða marglitum LED-perum.

11.995.-

Útisería með 360 LED-perum
Lengd 6 metrar, með 8 stillingum. Straumbreytir fylgir. Með hvítum eða marglitum LED-perum.

7.995.-

Með 960 LED-perum
Lengd 9,6 metrar. **17.995.-**

Með 1560 LED-perum
Lengd 13 metrar. **24.995.-**

Mjög mikið úrval af inni- og útiseríum í öllum stærðum og gerðum.

Maxilight útisería
Með 160 hvítum LED-perum. 12 m.

2.995.-

Novalight útisería 160
Með 160 hvítum eða marglitum LED-perum, lengd 24 m.

3.995.-

Mörgæsafjölskylda
Hæð 40 cm, með 40 hvítum LED-perum. IP44-vottuð.

7.995.-

Jólasveinn með poka
Hæð 36 cm, með 48 hvítum LED-perum. IP44-vottaður.

5.995.-

Akrýl Jólasveinn
Með LED perum. H:29 cm. IP44 vottaður til utanhússnotkunar.

4.495.-

Akrýl Snjókarl
Með LED perum. H:40 cm. IP44 vottaður til utanhússnotkunar.

4.995.-

Hreindýr, 130 cm
Úr akrýlefni, með 184 hvítum LED-perum. H: 130 cm, IP44-vottað.

39.995.-

Hreindýr
Úr akrýlefni. Hæð 38 cm, með 40 hvítum LED-perum. IP44-vottað.

6.995.-

Akrýl Hundur
með jólasveinahúfu
Með 40 hvítum LED perum. H: 35 cm. IP44-vottaður.

6.995.-

Ísbjarnarhúnn
Úr akrýlefni. Hæð 30 cm, með 64 hvítum LED-perum. IP44-vottaður.

9.995.-

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

LAUGARÁS BÍÓ



LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar	
HUNGER GAMES: MOCKINGJAY	5:30, 8, 10:30(P)	12
DUMB & DUMBER TO	5:40, 8, 10:20	7
NIGHTCRAWLER	8, 10:30	16
KASSATRÖLLINN 2D	5:50	L

SAMbíó.is

SAMbíó ÁLFABAKKA		
DUMB AND DUMBER TO	KL. 5:40 - 8 - 10:20	7
INTERSTELLAR	KL. 6 - 8 - 10	10
INTERSTELLAR VIP	KL. 5 - 8:30	VIP
ALGJÖR SVEPPI	KL. 5:40 - 8	L
JOHN WICK	KL. 10:20	16
THE REWRITE	KL. 5:40 - 8	7
ANNABELLE	KL. 10:20	16
TÖFRAHÚSIÐ ÍSLTAL	KL. 5:50	L
SAMbíó EGILSHÖLL		
INTERSTELLAR 4K	KL. 8	10
INTERSTELLAR	KL. 6:30 - 10	10
THE RAILWAY MAN	KL. 5:30 - 8 - 10:30	16
ST. VINCENT	KL. 8	10
ALGJÖR SVEPPI	KL. 5:40	L
JOHN WICK	KL. 5:40 - 10:30	16
SAMbíó KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI		
RAKARINN Í SEVILLA ÓPERA ENDURFLUTT	KL. 6	L
THE RAILWAY MAN	KL. 9	16
INTERSTELLAR	KL. 8 - 9:30	10
ALGJÖR SVEPPI	KL. 5:40	L
AFINN	KL. 6:20	L
SAMbíó KEFLAVÍK		
THE HUNGER GAMES	KL. 8 - 10:30	12
DUMB AND DUMBER TO	KL. 8 - 10:20	7
SAMbíó AKUREYRI		
THE RAILWAY MAN	KL. 8	16
INTERSTELLAR	KL. 5:10 - 8:30 - 10:20	10
ALGJÖR SVEPPI	KL. 5:40	L

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbíó.is

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

SMÁRA BÍÓ	5%	
MOCKINGJAY	KL. 5.15 - 5.45 - 7 - 8 - 8.30 - 10.40 - 23.10	12
MOCKINGJAY LÚXUS	KL. 5.15 - 8 - 10.40	12
DUMB AND DUMBER	KL. 4.30 - 5.30 - 8 - 10.20	7
GONE GIRL	KL. 10	16
KASSATRÖLLIN ÍSL TAL 2D	KL. 3.30	L

HÁSKÓLA BÍÓ	5%	
L'ELISER D'AMORE	KL. 19.15	L
MOCKINGJAY PART 1	KL. 5.15 - 8 - 10	12
DUMB AND DUMBER	KL. 5.15 - 8 - 10.45	7
ST. VINCENT	KL. 10.30	L
NIGHTCRAWLER	KL. 5.15 - 8	16
GRAFIR OG BEIN	KL. 10.30	16

ÁSGEIR TRAUSTI Tónlistarmaðurinn spilar í London í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

25 manns á sviði í London

Öllu verður tjaldað til á tónleikum Ásgeirs Trausta í Sheperd's Bush Empire í London í kvöld. Lúðrahljómsveit frá Íslandi fór með flugi út til að spila á tónleikunum, auk ljósamanns. Þegar mest lætur verða 25 manns á sviðinu en staðurinn tekur um tvö þúsund manns. Stephan Stephensen úr GusGus verður einnig á svæðinu sem sérlegur ráðgjafi enda hefur hann mikla reynslu af stórum tónleikum sem þessum. Uppselt er á tónleika Ásgeirs í óperuhúsinu í Sydney og í Liquid Room í Tókýó í janúar og hefur aukatónleikum verið bætt við á báðum stöðum.

Sá yðar sem syndlaus er

BAKÞANKAR
Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

Það er ekki upp á þjóð mína logið þegar hún finnur lykt af pólitísku blóði. Þessi kalda upplifun mín hreiðrar um sig í hjarta mínu, meðan ég fylgist með umfjöllun um lekamálið svokallaða. Vissulega er ég kátur yfir því að málið skuli til lykta leitt. Að sannleikurinn hafi litið dagsins ljós. En það eru viðbrögðin við þessum mannlega harmleik, sem þarna átti sér stað, sem hrella mig.

BÚIÐ er að koma fórnarlömbum í hringinn eins og syndugu konunni forðum. Þótt Gísli Freyr hafi gengist við mistökum sínum og Hanna Birna hafi sagt af sér, þá er kastað og kastað. Stærstu hnullungarnir koma á kommentakerfum. En mér finnst eins og völur fljúgi úr höndum fjölmiðlamanna. Við erum ekki aðeins að tala um pólitískt skítkast sem búið er að finna bólusetningu við fyrir löngu heldur stendur nú einnig lítt reynt fólk í skotlínunni.

ÞEIR sem hafa efni á því að kasta, hljóta að vera menn sem aldrei hafa gert mistök, sem sá fékk að gjalda fyrir sem síst skyldi. Þeir hafa því aldrei og myndu væntanlega aldrei láta sér til hugar koma að reyna að hylma yfir slík mistök.

ÞETTA hlýtur að vera fólk sem kann að gefast upp í fullkominni auðmýkt. Kann að gera andstæðingi sínum til geðs, þegar það játar sig sigrað.

ÞETTA hlýtur að vera fólk sem ekki hefði dottið í hug að veita aðstoðarmanni ráðherra þessar margumræddu upplýsingar. Það hefði stoppað aðstoðarmanninn af, sagt honum að koma með skriflega beiðni frá ráðherranum sjálfum.

ÞETTA hlýtur að vera fólk, sem aldrei hefur sagt neitt, sem í fyllingu tímans virtist svo kannski rangt eða óþægilegt. Það getur því sveiflað gömlu tímariti eins og snöru um höfuð þess sem breyskari er í þessum efnum.

ÞETTA hlýtur að vera fólk sem lætur ekki breyskleikann afvegaleiða sig. Það sér alla hluti fyrir.

EN það sem ég skil ekki er af hverju þetta flekklausa fólk, sem svona kastar, þessir sem eru fullnuma í stjórnsýslu og mannlegum samskiptum, skuli eiga svona hræðilega erfitt með að fyrirgefa.

Viltu ekki vera með?

TÓNLIST ★★★★★

Rökrétt framhald
Grísalappalísa
12 TÓNAR

Rökrétt framhald er önnur breiðskífa Grísalappalísu en fyrsta skífan, Ali, féll nokkuð í skugga framúrskarandi frammistöðu hljómsveitarinnar á fjölmörgum tónleikum undanfarin misseri, sem hafa vakið verðskuldaða athygli. Var sveitin til að mynda mesta uppáhald David Fricke, ritstjóra Rolling Stone-tímaritsins, á nýafstaðinni Airwaves-hátíð, sem kemur ef til vill ekki á óvart ef tekið er tillit til standpínunnar sem Hr. Fricke hefur haft yfir Gunnari Ragnarssyni söngvara, allt frá tímum Jakobínarínu. En hei, það er ekkert nema skiljanlegt. Tónlist, og sérstaklega tónleikar, Grísalappalísu er hlaðin óútskýranlegri orku, mystískri og kynferðislegri.

Fyrsta lagið á plötunni er einmitt stútfullt af hómóerótískri ást í samfaratakti, „Sambýlismannablús". Grátbroslegur textinn segir frá brothættu en jafnframt fallegu sambandi tveggja karlmanna sem gefur tóninn fyrir skífuna alla, sem er glettinn óður til djammsins og Reykjavíkurborgar – sem allir vilja flýja að lokum, þótt flóttinn geti verið fullur af ævintýrum.

„Allt má (má út) II: Íslands er lag" er af sama meiði, inniheldur línurnar „ég dreg létt andann / drekk landann / sef út og snúsa vandann". Yndislegt! Það má einnig sérstaklega minnast á trommur og slagverk í laginu. Greinilegum áhrifum þýsku krautrokksveitinnar Can er vel komið til skila og engu líkara en Jaki Liebezeit sé sjálfur að (mjúklega) lemja húðirnar.

Lagið „ABC" sýnir breidd sveitarinnar þegar hún bregður sér í ska-gír; partíið er að byrja, ástin liggur í loftinu og þér er boðið að vera með, því allt getur skeð. Hér með er mælt með því að sem flestir þekkist boðið, ekki síst þar sem næsta lag, „Flýja", er hreint út sagt meistaraverk.

Flótti frá Reykjavík og gljálífi hennar er uppistaða textans en galdurinn er hvernig flóttinn dansar við taktinn, við melódíuna, einhvers konar Neu!-leg Hallagallo-veisla. Það er eins og setið sé í bíl sem er á leið út í buskann á þýskri hraðbraut; Bílferðin endalaus, taktföst, fábreytt og stórbrotin á sama tíma, hæg jafnt sem hröð. Þá eru ónefndar strengjaútsetningarnar í seinni hluta lagsins sem eru á við frambærilegustu spretti L'histoire de Melody Nelson eftir Gainsbourg. Þetta er lag sem menntaskólanemendur framtíðarinnar eiga eftir að „uppgötva" kynslóð eftir kynslóð. Bravó!

Í næstu lögum kemur þriðja þemað nánar í ljós, sem er ástin. Póstmódernísk, brotin frá upphafi, lituð af tilfinningum sem gátu ekki enst, minningum sem hurfu, eða aldrei urðu. Þetta er sérstaklega áberandi í laginu „Vonin blíð" sem er melódískt og fallegt en það er texti Baldurs Baldurssonar sem grípur hlustandann. Nú hefur flóttinn frá Reykjavík verið fullkomnaður, sólarströndin blasir við: „Campari sólsetur / við völdum okkur leið – áfram / en drógumst aftur úr," einlægar línur um ást sem er að renna úr greipum elskendanna.

Rökrétt framhald er rökrétt framhald. Grísalappalísa sýnir meiri breidd en á fyrri plötu og vopnabúr sveitarinnar er spikfeitt. Krafturinn sem einkennir sveitina á tónleikum kemst vel til skila án þess að dregið sé úr mikilvægi þess fyrir tónlistarperra að berja hana augum. Skífan er ekki gallalaus en hæstu punktar hennar eru á við það besta í íslenskri tónlistarsögu.

Björn Teitsson

GRÍSALAPPALÍSA Gunnar Ragnarsson og Baldur Baldursson eru meðlimir hljómsveitarinnar.

NIÐURSTAÐA: Rökrétt framhald er rökrétt framhald. Hæstu punktar skífunnar eru með því besta í íslenskri tónlistarsögu.

Örmyndir á símana

Almenningur er hvattur til að senda inn myndbönd.

Almenningur er hvattur til að taka þátt í örmyndahátíð sem stendur yfir á netinu þangað til um miðjan desember. Um er að ræða myndbönd sem eru fimm mínútna löng eða styttri.

Halldóra Baldursdóttir og Harpa Fönn Sigurjónsdóttir eru umsjónarmenn keppninnar. „Það eru allir að taka upp örmyndir á símana sína í dag. Tæknin er orðin þannig að það geta í raun allir tekið upp sínar hugmyndir," segir Halldóra en hægt er fylgjast með henni á Facebook-síðu keppninnar og á vefsíðu RÚV.

Hátíðin var í fyrsta sinn haldin í fyrra og þá bar Heimir Gestsson sigur úr býtum fyrir myndina Kjöt. „Í fyrra voru send 72 myndbönd í heildina og ég held að það sé verið að slá það met núna," segir hún. - fb

HALLDÓRA OG HARPA FÖNN Umsjónarmenn örmyndahátíðar sem er haldin í annað sinn í ár.

BÍÓ ★ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

White God 17.45, 20.00
Jóklarinn 18.00
Turist (Eng sub) 20.00
Turist 22.15
Borgríki 2 (Eng sub) 20.00
Clouds of Sils Maria 22.15
20.000 Days on Earth 22.00

Síðasta sýning:
The Tribe 17:30

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

HEILSUHÚSIÐ 35 ÁRA

ÞÚ FÆRÐ JÓLAGJAFIRNAR Í HEILSUHÚSINU

Við erum 35 ára og af því tilefni höldum við afmælisveislu allan desember og þér er boðið.

Kynntu þér nýju heimasíðuna, netverslunina, endurbætta verslun í Kringlunni og fjöldan allan af afmælistilboðum.

Við hlökkum til að sjá þig!

35% AFMÆLISTILBOÐ

Guli miðinn
Guli miðinn er á 35% afmælisafslætti til jóla!

Ný og glæsileg afmælistilboð í hverri viku til jóla!

Komdu og gerðu frábær kaup!

Ný heimasíða er komin í loftið.
Sjón er sögu ríkari. heilsuhusid.is

Ný netverslun er komin í loftið.
Pantaðu þínar vörur á heilsuhusid.is

Enn betri verslun í Kringlunni!
Við erum búin að bæta og breyta og erum í afmælisskapi.

Komdu í heimsókn!

SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið
1979

LAUGAVEGI LÁGMÚLA KRINGLUNNI SMÁRATORGI SELFOSSI AKUREYRI NETVERSLUN HEILSUHUSID.IS

Þórarinn Ingi til FH

FÓTBOLTI FH-ingar festu í gær kaup á varnarmanninum Þórarni Inga Valdimarssyni frá ÍBV. Kaupverðið fékkst ekki uppgefið en Þórarinn Ingi átti eftir eitt ár af samningi sínum við ÍBV.

Hann er annar leikmaðurinn sem FH fær til sín í haust en áður hafði Finnur Ólafsson komið frá Breiðabliki. Þórarinn Ingi er 24 ára gamall og á að baki 133 leiki í deild og bikar fyrir ÍBV en hann hefur skorað í þeim 20 mörk.

Hann á þar að auki einn leik að baki með A-landsliði Íslands en hann var í landsliðshópi Íslands nú síðast í haust. Hann á einnig að baki eitt og hálft tímabil í Noregi þar sem hann lék með Sarpsborg.

Eins og fram kemur hér til hliðar á síðunni missti ÍBV annan varnarmann úr sínum röðum í gær er Brynjar Gauti Guðjónsson gekk í raðir Stjörnunnar. - esá

Brynjar Gauti enginn meðalmaður

FÓTBOLTI Brynjar Gauti Guðjónsson samdi við Íslandsmeistara Stjörnunnar til tveggja ára í gær, en miðvörðurinn öflugi úr Ólafsvík hefur spilað með ÍBV undanfarin fjögur tímabil í Pepsi-deildinni. Hann kemur til með að fylla skarð Danans Martins Rauschenberg sem er að reyna fyrir sér á Norðurlöndum.

„Þetta er virkilega flottur klúbbur og hér er mikill metnaður. Mér líst bara vel á Rúnar, þjálfarateymið, aðstöðuna og þeirra áætlanir," sagði Brynjar Gauti við íþróttadeild 365 eftir undirskriftina í gær.

„Ég átti mjög góðan tíma í Eyjum og hef ekkert nema góða hluti um Eyjamenn að segja. En það hefur allt sinn tíma og ég fann það í sumar að það var kominn tími á nýja áskorun," bætti hann við.

Rúnar Páll Sigmundsson, þjálfari Stjörnunnar, fagnaði því að fá Brynjar Gauta til liðs við sig. „Við settumst niður með honum fyrir nokkrum vikum og kynntum hann fyrir klúbbnum. Honum hefur litist vel á það," sagði Rúnar sem telur Ólsarann greinilega ekki vera neinn meðalmann miðað við orð hans um mögulegan liðsstyrk Stjörnunnar.

„Við erum með frábæran hóp eins og staðan er núna og við ætlum ekki að sækja neina meðalmenn heldur góða stráka sem styrkja okkur," sagði Rúnar Páll Sigmundsson. - tom

KOMINN Í BLÁTT Brynjar Gauti Guðjónsson í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ÓTRÚLEGUR Lionel Messi er nú kominn með 74 mörk í Meistaradeild Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Messi bætti markametið

FÓTBOLTI Argentínumaðurinn Lionel Messi bætti enn einu metinu í safnið er hann skoraði þrennu í leik Barcelona gegn APOEL FC frá Kýpur í Meistaradeild Evrópu í gær.

Fyrir leikinn var hann jafn Spánverjanum Raul en báðir höfðu skorað 71 mark í Meistaradeildinni á ferlinum. En með þrennu sinni á Messi nú metið einn og stendur það nú í 74 mörkum.

Luis Suarez skoraði fyrsta markið í 4-0 sigri Barcelona á Kýpur í gær en það var hans fyrsta fyrir félagið eftir að hann tók út langt leikbann í haust.

Cristiano Ronaldo, leikmaður Real Madrid, kemur svo næstur á eftir Raul með 70 mörk og á hann því möguleika að saxa á forystu Messis er lið hans mætir Basel í Sviss í kvöld.

Messi var einnig í sviðsljósinu um helgina en þá varð hann markahæsti leikmaður spænsku úrvalsdeildairnnar frá upphafi er hann skoraði þrennu í deildarleik gegn Sevilla. - esá

ÚRSLIT

MEISTARADEILD EVRÓPU

E-RIÐILL

CSKA MOSKVA - ROMA 1-1
BAYERN MÜNCHEN - MAN. CITY 2-3
0-1 Sergio Agüero, víti (21.), 1-1 Xabi Alonso (40.), 1-2 Robert Lewandowski (45.), 2-2 Sergio Agüero (85.), 3-2 Sergio Agüero (90.).
Staðan: Bayern 12 stig, Roma 5, CSKA 5, City 5.

F-RIÐILL

APOEL NICOSIA - BARCELONA 0-4
0-1 Luis Suarez (27.), 0-2 Lionel Messi (38.), 0-3 Lionel Messi (58.), 0-4 Lionel Messi (87.).
PSG - AJAX 3-1
1-0 Edinson Cavani (33.), 1-1 Davy Klaassen (67.), 2-1 Zlatan Ibrahimovic (78.), 3-1 Edinson Cavani (83.).
Staðan: PSG 13, Barcelona 12, Ajax 2, APOEL 1.

G-RIÐILL

SCHALKE - CHELSEA 0-5
0-1 John Terry (2.), 0-2 Willian (29.), 0-3 Jan Kirchhoff, sjálfsmark (44.), 0-4 Didier Drogba (76.), 0-5 Ramires (78.).
SPORTING - MARIBOR (2-1)
Leiknum var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun.

H-RIÐILL

BATE BORISOV - FC PORTO 0-3
SHAKHTAR DONETSK - ATL. BILBAO 0-1
Staðan: Porto 13, Shakhtar 8, Athletic 4, BATE 3.

visir.is
Meira um leiki gærkvöldsins

ÍSLAND MEÐ FLESTA ÞJÁLFARA Á HM Í HANDBOLTA Í KATAR 2015

ARON KRISTJÁNSSON
þjálfari Íslands 42 ára
þjálfar einnig **KIF Kolding** í Danmörku
Hefur þjálfað Ísland frá 2012
Priðja stórmótið
Besti árangur 5. sæti á EM 2014 (með Íslandi)
Spilaði á þremur stórmótum með Íslandi

GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON
þjálfari Danmerkur 54 ára
þjálfaði **Rhein Neckar Löwen** í Þýskalandi þar til í vor
Hefur þjálfað Danmörku frá 2014
Tíunda stórmótið
Besti árangur 2. sæti á ÓL 2008 (með Íslandi)
Spilaði á fjórum stórmótum með Íslandi

PATREKUR JÓHANNESSON
þjálfari Austurríkis 42 ára
þjálfar einnig **Hauka** á Íslandi
Hefur þjálfað Austurríki frá 2011
Priðja stórmótið
Besti árangur 11. sæti á EM 2014 (með Austurríki)
Spilaði á níu stórmótum með Íslandi

DAGUR SIGURÐSSON
þjálfari Þýskalands 41 árs
þjálfar einnig **Füchse Berlin** í Þýskalandi
Hefur þjálfað Þýskaland frá 2014
Annað stórmótið
Besti árangur 9. sæti á EM 2010 (með Austurríki)
Spilaði á níu stórmótum með Íslandi



KRÓATÍSKIR þjálfarar á HM
SLAVKO GOLUZA þjálfari Króatíu
NENAD KLJAIĆ þjálfari Sádí-Arabíu
SEAD HASANEFENDIC þjálfari Túnis

SPÆNSKIR þjálfarar á HM
MANOLO CADENAS þjálfari Spánar
VALERO RIVERA þjálfari Katar
JORDI RIBERA þjálfari Brasilíu

Ísland á flesta þjálfara á HM

Eftir að íslenska handboltalandsliðið fékk sæti á HM í handbolta í Katar í janúar er ljóst að fjórir íslenskir þjálfarar verða í eldlínunni á mótinu. Engin önnur þjóð á svo marga þjálfara á heimsmeistaramótinu í ár.

Óskar Ó. Jónsson
ooj@frettabladid.is

HANDBOLTI Ísland átti fulltrúa á HM í handbolta í Katar löngu áður en íslenska landsliðið fékk sætið „gefins" á föstudaginn. Aron Kristjánsson, þjálfari íslenska handboltalandsliðsins, verður nefnilega einn af fjórum íslenskum þjálfurum á mótinu.

Guðmundur Guðmundsson var fyrstur inn á mótið þegar hann tók við danska landsliðinu af Ulrik Wilbek eftir EM í Danmörku í ársbyrjun.

Patrekur Jóhannesson bættist í hópinn í júní þegar austurríska landsliðið sló Norðmenn út í umspili um sæti á mótinu. Austurríki tryggði sér sætið með því að ná jafntefli í seinni leiknum í Noregi.

Dagur Sigurðsson varð sá þriðji þegar hann tók við þýska landsliðinu í ágústmánuði en Þjóðverjar höfðu þá fengið gefins sæti á HM þrátt fyrir að hafa ekki komist í gegnum umspilið í júní.

Aron og íslenska landsliðið fengu síðan farseðilinn sinn á föstudaginn var og um leið átti Ísland flesta þjálfara á 24. heimsmeistaramótinu í handbolta karla.

Fyrir ákvörðun framkvæmdaráðs IHF og áður en Sameinuðu arabísku furstadæmin hættu við þátttöku áttu Spánverjar flesta þjálfara á móti eða fjóra talsins, einum fleiri en Ísland.

Spánverjar misstu einn þjálfara eftir fund framkvæmdaráðs IHF en Króatar voru nú komnir með þrjá þjálfara eins og Spánn. Ísland var hins vegar komið á toppinn með fjóra HM-þjálfara og verður þar væntanlega fram að móti verði engar breytingar á þjálfarastöðu landsliðanna 24.

Guðmundur Guðmundsson er elstur af íslensku þjálfurunum á HM í Katar en hinir þrír eiga það sameiginlegt að hafa spilað fyrir Guðmund á stórmóti. Patrekur, Dagur og Aron voru allir undir stjórn Guðmundar á EM 2002 og HM 2003 og Patrekur og Dagur spiluðu fyrir hann á EM 2004. Dagur var síðan síðastur af þeim þremur til að spila fyrir Guðmund á stórmóti þegar hann var fyrirliði íslenska landsliðsins á Ólympíuleikunum í Aþenu 2004.

Dagur, Patrekur og Guðmundur hafa allir eða eru að fara skrifa sig inn í íslensku handboltasöguna.

Dagur Sigurðsson varð fyrstur íslenskra þjálfara til að fara með aðra þjóð á stórmót þegar hann stýrði austurríska landsliðinu á EM 2010. Dagur náði meðal annars jafntefli á móti íslenska landsliðinu í riðlakeppninni.

Patrekur er fyrsti íslenski þjálfarinn sem fer með annað landslið en Ísland á tvö stórmót í röð en hann var með Austurríkismenn á EM í Danmörku í byrjun ársins og kom liðinu á HM í Katar. Patrekur er líka eini þjálfarinn sem kom sínu liði á heimsmeistaramótið í Katar. Þjóðverjar og Íslendingar fóru hvorir tveggja bakdyramegin inn og Danir tryggðu sér sætið á HM með því að komast í úrslitaleikinn á EM í janúar en þá þjálfaði Ulrik Wilbek liðið.

Dagur og Guðmundur verða enn fremur fyrstu íslensku þjálfararnir sem ná því að stjórna tveimur landsliðum á stórmóti. Dagur mun þá hafa farið bæði með lið Austurríkis og Þýskalands á stórmót en Guðmundur á að baki níu stórmót sem þjálfari íslenska landsliðsins. HM í Katar verður því tíunda stórmót hans sem landsliðsþjálfara en þó aðeins þriðja heimsmeistaramótið.

Íslenskir þjálfarar eru í þremur af fjórum riðlum keppninnar og það verður Íslendingaslagur í riðlakeppninni þegar lið Guðmundar og Dags mætast í 3. umferð. Nú er að sjá hversu langt Íslendingaliðin komast í Katar og það er alveg hægt að leyfa sér að dreyma um íslenskan úrslitaleik.

BAKSTURINN HEFST Í HAGKAUP

FRÖNSK SÚKKULAÐIKAKA MEÐ PIPARMYNTUKEIM

100g Green & Blacks 70% súkkulaði dökkt
100g Green & Blacks piparmyntusúkkulaði
200 g smjör
4 egg
2 dl Dansukker sykur
2 msk Pillsbury hveiti
Flórsykur
Jarðaber

Aðferð: Byrjið á því að bræða saman súkkulaði og smjör við vægan hita í potti. Þeytið saman egg og sykur í skál þangað til það er létt og ljóst og bætið þá hveitinu rólega út í. Ég mæli með að nota sykur með fíngerðum kristöllum eins og Dansukker til að fá konfekt áferð á kökuna. Hellið síðan súkkulaði blöndunni hægt og rólega saman við sykurblönduna og hrærið þangað til allt hefur blandast vel saman.
Bakið í hringformi við 180°C í 35 mínútur. Setjið á fallegan disk og stráið flórsykri yfir. Skreytið síðan með jarðaberjum og berið fram með ís. Kökuna má bera fram hvort heldur sem er heita eða kalda.
Þetta er skemmtileg tilbreyting frá hinni klassísku frönsku súkkulaðiköku og piparmyntusúkkulaðið gefur kökunni ferskan blæ sem gerir það að verkum að hún hentar einstaklega vel sem desert.

Hjördís Dögg Grímarsdóttir mælir með þessari uppskrift af eldum.is

NIZZA KREM

150 g smjör við stofuhita
250 g Nizza súkkulaðismjör
450 g flórsykur
2 tsk vanilludropar
2-3 msk rjómi
¼ tsk salt

Aðferð: Hrærið smjör þar til ljóst og létt. Bætið Nizza súkkulaðismjöri saman við og hrærið. Bætið flórsykrinum rólega saman við ásamt vanilludropum, salti og rjóma. Hrærið þar til kremið er orðið mjúkt og slétt. Sprautið kreminu á hverja köku fyrir sig og skreytið með Nóa súkkulaðiperlum. Gott er að setja kökurnar í kæli svo kremið nái að storkna.

ALLT Í BAKSTURINN Á EINUM STAÐ

Ekta belgískir súkkulaði dropar
Framleitt af Callebaut fyrir Hagkaup

PYREX Kökuform í úrvali

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

DAGSKRÁ

Stöð 2 kl. 20.15
Heimsókn
Sindri Sindrason kíkir í heimsókn hjá íslenskum fagurkerum, bæði hér heima og erlendis.

Í KVÖLD

Grey's Anatomy
STÖÐ 2 KL. 21.05 Ellefta syrpa þessara vinsælu dramaþátta sem gerast á skurðstofu á Grey Sloan-spítalanum í Seattleborg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.

Modern Family
GULL KL. 19.10 Fimmta röðin af þessum sprenghlægilegu og sívinsælu gamanþáttum sem hlotið hafa einróma lof gagnrýnenda víða um heim. Fjölskyldurnar þrjár sem fylgst er með eru óborganlegar sem og aðstæðurnar sem þær lenda í hverju sinni.

A to Z
STÖÐ 2 KL. 20.40 Frábærir nýir rómantískir gamanþættir þar sem við fylgjumst með Andrew sem starfar á stefnumótasíðu og hans helsti draumur er að hitta draumakonuna. Zelda er svo lögfræðingur sem kallar ekki allt ömmu sína og nennir engu kjaftæði þegar kemur að karlmönnum.

Bylgjan kl. 10
Ívar Guðmundsson
Léttur og ferskur á miðvikudegi. Ívar Guðmundsson er með þér til klukkan 13.00.

RISA

ÍÞRÓTTA-, ÚTIVISTAR- OG LEIKFANGAMARKAÐUR

Í Laugardagshöll
dagana 21.-30. nóvember.
Stærsti markaðurinn hingað til.
Nú hefur LEIKBÆR bæst í hópinn
með úrval leikfanga á frábæru verði.

LAUGARDALSHÖLL

Opnunartími
Mánud.-föstud. frá kl. 14.00 – 20.00
Laugard.-sunnud. frá kl. 12.00 – 18.00
Opnum föstudaginn 21. nóvember kl. 14.00

Ameríkuverð á skóm og fatnaði
Allt að 60% afsláttur af leikföngum

Sérfræðingar Eins og Fætur Toga í göngugreiningum ráðleggja með val á skóbúnaði.

Komdu og gerðu frábær kaup fyrir alla fjölskylduna

STÖÐ 2
07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.05 Wonder Years
08.30 I Hate My Teenage Daughter
08.55 Mindy Project
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.15 Spurningabomban
11.00 Mad Men
11.50 Grey's Anatomy
12.35 Nágrannar
13.00 Dallas
13.50 Fairly Legal
14.40 Gossip Girl
15.25 Victorious
15.50 Grallararnir
16.15 Hello Ladies
16.45 New Girl
17.10 Bold and the Beautiful
17.32 Nágrannar
17.57 The Simpsons
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.16 Veður
19.25 Bad Teacher
19.50 The Middle
20.15 Heimsókn
20.40 A to Z
21.05 Grey's Anatomy
21.50 Forever
22.35 Bones
23.20 Getting on
23.50 NCIS
00.35 The Blacklist
01.20 Person of Interest
02.05 Klitschko
04.00 Prometheus
06.00 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*
07.00 Meistaradeildin - Meistaramörk
07.45 Meistaradeildin - Meistaramörk
10.15 CSKA Moscow - AS Roma
11.55 Man. City - Bayern München
13.35 Schalke - Chelsea
15.15 PSG - Ajax
16.55 Zenit - Benfica
19.00 Meistaradeildin - upphitun
19.30 Arsenal - Dortmund
21.45 Meistaradeildin - Meistaramörk
22.30 Ludogerets - Liverpool
00.20 Basel - Real Madrid

SPORT 2 *enski boltinn*
12.30 Aston Villa - Southampton
14.10 Football League Show
14.40 Newcastle - QPR
16.25 Messan
17.40 Premier League World
18.10 Man. City - Swansea
19.55 Premier League Review
20.50 Crystal Palace - Liverpool
22.35 Everton - West Ham

INN
20.00 Björn Bjarnason **20.30** Tölvur og tækni **21.00** ABC barnahjálp **21.30** Frá Haga í maga

STÖÐ 3
18.15 Last Man Standing
18.40 Are You There, Chelsea?
19.00 Hart of Dixie
19.45 Jamie's 30 Minute Meals
20.10 Baby Daddy
20.35 Flash
21.20 Arrow
22.00 Sleepy Hollow
22.45 Wilfred
23.10 Originals
23.55 Supernatural
00.35 Hart of Dixie
01.20 Jamie's 30 Minute Meals
01.45 Baby Daddy
02.10 Flash
02.50 Arrow
03.35 Sleepy Hollow
04.20 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

Krakkastöðin
07.00 Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveins **07.45** Elías **07.55** UKI **08.00** Ofurhundurinn Krypto **08.22** Lína Langsokkur **08.43** Ævintýraferðin **08.56** Tommi og Jenni **09.00** Kalli á þakinu **09.25** Latibær **09.47** Hvellur keppnisbíll **10.00** Könnuðurinn Dóra **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveins **11.45** Elías **11.55** UKI **12.00** Ofurhundurinn Krypto **12.22** Lína Langsokkur **12.43** Ævintýraferðin **12.56** Tommi og Jenni **13.00** Kalli á þakinu **13.25** Latibær **13.47** Hvellur keppnisbíll **14.00** Könnuðurinn Dóra **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveins **15.45** Elías **15.55** UKI **16.00** Ofurhundurinn Krypto **16.22** Lína Langsokkur **16.43** Ævintýraferðin **16.56** Tommi og Jenni **17.00** Kalli á þakinu **17.25** Latibær **17.47** Hvellur keppnisbíll **18.00** Könnuðurinn Dóra **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Ísöld: Heimsálfuhopp **20.30** Sögur fyrir svefninn

GULLSTÖÐIN
17.40 Strákarnir
18.10 Friends
18.35 Arrested Development
19.10 Modern Family
19.35 Two and a Half Men
20.00 Örlagadagurinn
20.40 Heimsókn
21.00 The Mentalist
21.45 Chuck
22.30 Cold Case
23.10 E.R.
23.55 The Untold History of The United States
00.55 Örlagadagurinn
01.35 Heimsókn
01.55 The Mentalist
02.40 Chuck
03.20 Cold Case
04.05 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN
11.45 27 Dresses
13.35 The Vow
15.15 Austenland
16.50 27 Dresses
18.40 The Vow
20.25 Austenland
22.00 Love Never Dies
01.30 The Watch
03.10 Love Never Dies

RÚV
16.25 Lottóhópurinn
17.20 Disneystundin
17.21 Finnbogi og Felix
17.43 Sígildar teiknimyndir
17.50 Herkúles
18.15 Táknmálsfréttir
18.23 Nigellissima
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.20 Íþróttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
19.55 Óskalögin 1994 - 2003
20.00 Neyðarvaktin
20.45 **Hæpið** #hæpið #gæði #netturþáttur #djammið #vaggogvelta 1337@unistefson og @katrinasmunds. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
21.15 Kiljan
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 112 brúðkaup
23.55 Höllin
00.55 Kastljós
01.15 Fréttir
01.30 Dagskrárlok

SKJÁREINN
06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.20 Dr. Phil
09.00 The Talk
09.45 Pepsi MAX tónlist
15.25 Jane the Virgin
16.10 Minute To Win It Ísland
17.00 Extant
17.45 Dr. Phil
18.30 The Tonight Show
19.10 **The Talk** Skemmtilegir og líflegir spjallþættir þar sem fimm konur skiptast á að taka á móti góðum gestum.
19.50 30 Rock
20.10 **Survivor** Það er komið að 26. þáttaröðinni af Survivor með kynninn Jeff Probst í fararbroddi og í þetta sinn er stefnan tekin á Caramoan á Filippseyjum. Nú eru það tíu eldheitir aðdáendur þáttanna sem fá að spreyta sig gegn tíu vinsælum keppendum úr fyrri Survivor-seríum.
21.00 Madam Secretary
21.45 Unforgettable
22.30 The Tonight Show
23.20 Scandal
00.05 Extant
00.50 Madam Secretary
01.35 Unforgettable
02.20 The Tonight Show
03.10 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin
08:00 PGA Tour 2014
13:00 PGA Tour 2014 – Highlights
13:55 Golfing World 2014
14:45 PGA Tour Latinoamerica
15:10 PGA Tour 2014
18:10 Golfing World 2014
19:00 PGA Tour 2014

ÚTVARP
FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

2014 Jólin 2014 Jólin 2014 Jólin 2014 Jólin 2014 Jólin 2014 Jólin 2014 Jólin 2014 Jólin 2014 Jól

ristmas Noël Jul 2014

Jólin
eru komin, tíja okkur

KÚNÍGÚND
Laugavegi | Kringlunni

ROSENDAHL

ROYAL COPENHAGEN

GEORG JENSEN

HOLME GAARD

MIÐVIKUDAGSMYNDIN

The Holy Mountain. Hún er mjög sjónrænt örvandi og veitir mér innblástur.

Tanya Pollock tónlistarkona

Vinnur rökræðu um krot á veggi

Halla Birgisdóttir listakona gerir jóladagatal Norræna hússins og teiknar á veggi.

Halla Birgisdóttir listakona gerir jóladagatal Norræna hússins í ár, en 23 aðrir listamenn taka þátt í dagatalinu. Hún verður einnig með sýningu í anddyri Norræna hússins í tengslum við jóladagtalið.

„Ég vinn mikið með samspil texta og mynda. Þannig að með því að teikna myndir og gera smá texta verða til litlar frásagnir," en umfjöllunarefni Höllu er mannfólkið á jólunum.

„Mig langaði ekki að hafa þetta rosalega jólalegt, en þetta gerist um jólin. Þetta snýst um fólk en það er einhver alvarlegur undirtónn," útskýrir hún en persónurnar eru skáldaðar en eiga mögulega leyndar fyrirmyndir.

„Það er til dæmis ein sem vill ekki fara of snemma í jólaskap. Með því að skoða þetta út frá mínu sjónarhorni langar mig líka til þess að hjálpa fólki að finna með sjálfu sér hvað því finnst jólin snúast um."

Myndirnar teiknar Halla beint á veggina. „Mamma og pabbi voru að grínast með það að þegar ég var lítil teiknaði ég stórt krot á veggginn heima og fékk skammir fyrir. Ég fæ auðvitað ekki skammir núna, þannig að ég er svona að vinna rökræðurnar um hvort það megi teikna á veggi tuttugu árum síðar."

Áratugagamlar rökræður eru þó ekki eina ástæða þess að Halla kýs að teikna á veggi. „Líka kannski að mér finnst þetta verða svolítið beinna. Kannski vekur þetta líka einhverjar spurningar hjá fólki."

- gló

LISTAKONA Halla vinnur mikið með samspil texta og mynda.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hannar Catfather boli fyrir Kattholt

Jólabasar Kattholts verður haldinn á laugardaginn.

Árlegur jólabasar Kattholts verður haldinn laugardaginn 29. nóvember. Halldóra B. Ragnarsdóttir, formaður Kattavinafélags Íslands, segir að að venju verði margs konar vörur í boði.

„Það verða ýmsir fallegir munir, jólakort, kerti, skraut og svo auðvitað dagatalið okkar. Einn starfsmaður hjá okkur, hún Helga Guðmundsdóttir, er búin að vera einstaklega sniðug í ár og gera kerti með kisumyndum og hanna myndir sem hún lét prenta á boli," segir Halldóra, en til eru þrjár útgáfur af bolum. „Á einum þeirra stendur heimili án kattar er bara hús, ég styð Kattholt og svo er þriðji svartur með áletruninni The Catfather, sem er tilvísun í myndirnar um Godfather," segir Halldóra. Hún segir jólabasarinn vera með stærri söfnunum ársins og skipta miklu fyrir Kattholt og starfsemi þess. „Hjá okkur eru í kringum 40-50 kisur í einu sem þarf að hugsa um og gefa að borða," segir Halldóra og minnir á hversu mikilvægt það sé að láta merkja kisurnar sínar. Jólabasarinn verður á laugardaginn frá kl. 11-16 og eru allir velkomnir.

„Hjá okkur eru í kringum 40-50 kisur í einu sem þarf að hugsa um og gefa að borða.

Halldóra B. Ragnarsdóttir.

- asi

VONAST TIL AÐ SJÁ SEM FLESTA Halldóra vonast til að sjá sem flesta á basarnum á laugardag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

GRÓFUST FYRIR UM ATBURÐINN FRÁ ÖLLUM HLIÐUM Hjálmtýr og félagar leituðu uppi ættingja þeirra sem fórust.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íslensk draugatrú bætti upp söguna

Heimildarmyndin Svartihnjúkur fjallar um myrkan atburð í sögu landsins.

„Þetta var flugslys sem varð í nóvember 1941 í Kolgrafafirði á Snæfellsnesi. Flugmenn sem eru að koma úr eftirlitsflugi með kafbátum og herskipum Þjóðverja milli Grænlands og Íslands taka feil á Faxaflóanum og fljúga inn Breiðafjörðinn, síðan fljúga þeir áfram suður og rekast á þennan tind, Svartahnjúk," segir Hjálmtýr Heiðdal, leikstjóri heimildarmyndarinnar Svartahnjúks, sem fjallar um þennan myrka atburð í sögu Íslands.

JOHN EWART SPEAK flugstjóri vélarinnar sem fórst við Svartahjnúk.

„Þeir farast allir, sex manns. Leitarflokkar eru sendir á vettvang með íslenskum bændum sem finna aðeins fjögur lík. Þá komu upp ýmsar draugasögur en það voru iðulega tveir menn á gangi sem sáust þarna innst í Kolgrafafirði. Íslensk þjóðtrú bætir upp söguna."

Hjálmtýr hefur unnið að myndinni seinustu fjögur árin ásamt handritshöfundinum Karli Smára Hreinssyni. Í myndinni eru tekin viðtöl við eldra fólk á Snæfellsnesi sem lifði þessa atburði ásamt fólki sem ólst upp með leitarmönnunum. „Síðan fórum við til Englands til að hitta breska flugmenn sem voru hér í stríðinu. Þá fundum við ættingja mannanna sem fórust. Við erum dálítið búin að grafast fyrir um þennan atburð frá öllum hliðum má segja. Við fórum upp á fjallið á Snæfellsnesi til að skoða flakið og meira að segja draugarnir sjálfir koma fyrir í einni senunni. Við vorum að fjalla um draugana í viðtali á staðnum þar sem líkin voru borin niður af fjallinu, þá kom svakalegur vindur sem feykti öllu um koll," segir Hjálmtýr og hlær.

Við fórum upp á fjallið á Snæfellsnesi til að skoða flakið og meira að segja draugarnir sjálfir koma fyrir í einni senunni.

Aðstandendur myndarinnar halda nú úti söfnun á Karolina Fund af því að notað var meira af gömlum kvikmyndum úr stríðinu en var upprunalega áætlað. „Þess vegna reyndist það dýrara og því settum við af stað þessa söfnun, sem er komin vel á veg."

thorduringi@frettabladid.is

TVENNUR

LOKUM

í kvöld kl. 20

Við á Domino's ætlum að fagna góðu gengi og skemmta okkur saman í kvöld.

Staðir Domino´s verða því lokaðir frá kl. 20 í kvöld nema í Skeifunni en þar verður opið í alla nótt eins og venjulega. Við verðum síðan mætt á vaktina á hefðbundnum tíma á morgun. Sjáumst!

OPIÐ Í SKEIFUNNI

Mundu að panta tímanlega í kvöld!

SÍMI 58 12345 DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS

PIPAR \ TBWA • SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR AF FÓLKI

Bækur Bjargar til Þýskalands

Bækur **Bjargar Magnúsdóttur**, rithöfundar og lífskúnstners, verða gefnar út í Þýskalandi á næstunni. Hún hefur samið við þýska bókaforlagið Suhrkamp um útgáfuna þar ytra. „Það er búið að ganga frá því, og er verið að þýða þetta allt yfir á þýsku," segir Björg. Fyrri bókin kom út hér á landi í maí 2013 og sú seinni ári seinna. Björg segist ekki hafa gengið með nýja bók í maganum en nú horfi málin kannski öðruvísi við. „Kannski eru þeir bara þyrstir í Evrópu að heyra meira af íslenskum skvísum," segir Björg. Því sé alls óvíst hvað framtíðin beri í skauti sér.

- jhh

Íslenskir leikstjórar í Frakklandi

Leikstjórarnir **Hafsteinn Gunnar Sigurðsson** og Rúnar Rúnarsson kynna sínar nýjustu myndir á kvikmyndahátíðinni Les Arcs sem verður haldin í sjötta sinn í skíðaparadís í Bourg-Saint Maurice í Frakklandi 13. til 30. desember. Hafsteinn Gunnar, sem kynnti París norðursins á sömu hátíð í fyrra, mætir með nýjustu mynd sína og Huldars Breiðfjörð til leiks í ár sem nefnist Tréð. Rúnar mun kynna mynd sína Prestir en upptökur á henni fóru mestmegnis fram á Vestfjörðum í sumar. Á hátíðinni verður í fyrsta sinn veittur þróunarstyrkur til einnar myndar upp á rúmar 600 þúsund krónur.

- fb

Mest lesið VÍSIR

1. Fátækrahverfin í Reykjavík: „Þetta var hræðilegt"
2. Forseti Tyrklands: Konur eru ekki jafnar karlmönnum
3. Utan vallar: Ekki í aðstöðu til að segja nei
4. Merkjanlegar breytingar á hegðun gossins
5. Segir höfund Rocky Horror föður sinn
6. Ríkið niðurgreiðir launin

Við kynnum Philips Ambilight 9000 sjónvörpin

Engin venjuleg upplifun

Heimilistæki ht.is